



Rólegt veður var á Ægisiðu í gær og eru líkur á því sama næstu daga. Búast má við éljum á Þorláksmessu en það stefnir í að jólin verði rauð í ár á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Leggjast hart gegn frumvarpi

**NÁTTÚRUVÁ** Sveitarstjórn Fjallabyggðar leggst hart gegn frumvarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra um ofanflóðavarnir. Það feli í sér tilfærslu á eignarhaldi varnavirkjana og þrengingu á möguleika til bóta. Það er að rétturinn verði einskorðaður við íbúðarhúsnæði.

Eliás Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, segir að ef frumvarpið verði lögfest óbreytt muni ríkið ekki lengur hafa óskilyrta greiðsluskyldu til að viðhalda almanna-varnamannvirkjum.

Segir Eliás að með frumvarpinu sé girt fyrir að ríkið taki þátt í kostnaði við að fjarlægja eða færa mannvirki af hættusvæðum, sem eru í dreifbýli og falli ekki undir skilgreiningu íbúðarhúsnæðis. „Þær eignir verða mögulega verðlausar þegar ný hættumót líta dagsins ljós,“ segir hann. – khg / sjá síðu 6

## Brutu neytendalög

Héraðsdómur dæmdi í gær ÍL-sjóð, áður Íbúðalánasjóð, til að endurgreiða hjónum rúmlega 2,7 milljónir króna vegna ólögmeats uppgreiðslugjalds.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á kröfu hjóna um að ÍL-sjóður, sem áður hét Íbúðalánasjóður, endurgreiði þeim rúmlega 2,7 milljónir króna, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, vegna ólöglegs gjalds sem stofnunin innheimti þegar hjónin greiddu upp íbúðalán sitt í desember 2019.

Um er að ræða sambærilegan dóm og féll í öðru máli í byrjun desember sem vakti mikla athygli.

Hinn nýfallni dómur gengur þó enn lengra því auk þess að dæma ÍL-sjóð brotlegan við húsnæðis-lög er sjóðurinn einnig talinn hafa gerst brotlegur við neytendalög, meðal annars með lélegri upplýsingagjöf.



Jónas Fr. Jónsson, hæstaréttarlögmaður

„Þessi dómur í raun og veru kemur með þau viðbótarsjónarmið að það hafi verið brotið gegn lögum um neytendamál með því að lánaskilmálar tiltóku ekki hvernig uppgreiðslugjald skyldi reiknað út,“ segir Jónas Fr. Jónsson hæstaréttarlögmaður sem sótti málið fyrir hönd hjónanna.

Héraðsdómur fer í raun hörðum orðum um starfsemi ÍL-sjóðs í

dómnum á þeim grundvelli að um opinberan aðila væri að ræða sem ríkar kröfur yrði að gera til.

Þannig hafi verið „nokkur losarabragur“ á frágangi lánskjala og tilviljun virðist hafa ráðið för hvaða texti stóð inni í stöðluðum skuldabréfaskilmálum skjalanna.

Þá hafi sjóðurinn ekki tryggt sér neina sönnun þess að viðskiptavinirnir hafi fengið kynningarefni eða útreikning uppgreiðslugjalds.

Nánast öruggt má telja að dómnum verði áfrýjað til æðra dómstigs enda hefur áður komið fram að ÍL-sjóður gæti þurft að endurgreiða viðskiptavinum sínum ríflega 8 milljarða króna vegna slíkra uppgreiðslugjalda. – bj

## Yfir helmingur beittur ofbeldi

**SAMFÉLAG** „Niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið 2017 sýndi að 59 prósent fatlaðra kvenna höfðu orðið fyrir kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu ofbeldi á lífsleiðinni og 48 prósent fatlaðra karla,“ segir Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri

Hrafnhildur fjallaði um ofbeldi gegn fötluðum konum á fundi ofbeldisvarnanefndar og segir hún tölur um tíðni ofbeldis gegn þeim hópi sláandi.


– bdj / sjá síðu 8

## Rétti tíminn fyrir gjafir!

Nú getur þú tímastíllt afhendingu gjafa í YAY appinu

- 1 Veldu gjöf frá yfir 120 spennandi fyrirtækjum
- 2 Taktu upp persónulega kveðju
- 3 Veldu hvenær gjöfin birtist viðtakanda

Ekki gefa glataðar gjafir um jólin. Gefðu YAY!



App Store  
Google Play

Kringlan

Allt frá jólasokkum til jakkafata

**OPIÐ TIL KL. 22**

ÖLL KVÖLD TIL JÓLA



Sóttvarnalæknir er nú í sóttkví.

## Hjarðónæmi á seinni hluta næsta árs

**COVID-19** Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir býst ekki við því að Íslendingar nái góðu hjarðónæmi fyrr en á seinni hluta næsta árs, þrátt fyrir að bólusetningar hefjist strax eftir áramót.

Ísland fær færri skammta af bóluefni Pfizer og BioNTech um áramótin en samningar gerðu ráð fyrir. Í fyrstu sendingu verða skammtar fyrir um fimm þúsund manns. Næsta sending kemur í janúar eða febrúar. Vegna skorts á hráefni seinkar framleiðslunni og því ljóst að Ísland fær minna bóluefni á næstu mánuðum en gert var ráð fyrir. Samningar eru í gangi um önnur bóluefni. Átta greindust með smit innanlands í fyrradag, sjö voru í sóttkví.

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarna, er kominn úr einangrun eftir að hafa smitast. Er hann enn að jafna sig. Þórolfur er hins vegar kominn í sóttkví eftir að smit komst upp á sóttvarnasviði Embættis landlæknis. – ab

## Kylfurnar dregnar fram úr geymslunni



Þrátt fyrir að stutt sé til jóla láta kylfingar á Íslandi veðurbliðuna ekki fram hjá sér fara. Óvist er hvort þessir tveir kylfingar voru með hugann við jólagjafirnar þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um Þorlákshöfn. Áhrif kórónaveirufaraldursins virðast hafa náð til kylfinganna þar sem annar spilarinn átti afar erfitt högg fram undan utan brautar en meðspilarinn naut þess að fylgjast með úr sæti sínu. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Bankasýslan leggur til sölu á Íslandsbanka

**STJÓRNSÝSLA** Bankasýsla ríkisins hefur lagt fram tillögu til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, um að hefja söluméferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka. Í tillögunni er gert ráð fyrir að söluférlíð hefjist í janúar og ljúki í maí.

Bankasýslan lagði til í mars síðastliðnum að ríkið seldi fimmtungshlut í bankanum, sú tillaga var svo afturkölluð vegna efnahagsáhrifa COVID-19 faraldursins. Fram kemur í minnisblaði til ráðherra að frá því að tillögurnar voru dregnar til baka hefur þróun bæði fjármálamark-



aða og afkoma Íslandsbanka verið betri en búist var við um miðjan mars. Frá marsmánuði hafi hlutabréfaverð á Íslandi hækkað um 50 prósent. Hlutabréf evrópskra banka hafa hækkað um nánast þriðjung, að því er kemur fram í minnisblaðinu. Í ljósi þess telur Bankasýslan rétt að leggja til að stefnt verði að frumútboði hluta.

Tillagan inniheldur ekki hversu stóran hluta bankans bjóða eigi til sölu þar sem áætluð eftirspurn eftir hlutum og verð liggja ekki fyrir fyrr en eftir fjárfestakynningar í lok söluférlisins. – ab

## Hætti að safna og fór að búa til sitt eigið dót

Áhugi Eyjólfssonar á að safna fagætum leikföngum leiddi til þess að hann fór að búa til sínar eigin figúrur sem innblásnar eru af eftirlíkingum frá Asíu. Sækir hann meðal annars hugmyndir sínar í íslenska dægurmenningu.

**MENNING** Eyjólfur Jónsson hefur um árabíl haft mikinn áhuga á að safna flottum leikföngum. Sá áhugi leiddi síðan til þess að hann fór að búa til sínar eigin figúrur, sem bæði eru innblásnar úr amerískri dægurmenningu en ekki síður íslenski. Þannig hefur Eyjólfur búið til leikfangautgáfu af Pappirs-Pésa auk þess sem nokkur leikföng eru tilvísanir í þekkt atriði úr íslenskum sjónvarpsþáttum.

„Það má eiginlega segja að þegar ég hætti að finna skemmtileg leikföng til að safna þá fór ég bara að búa þau til sjálfur,“ segir Eyjólfur og hlær. Hann segir að um sé að ræða svokallaða bootleg-leikfangagerð sem sé innblásin af lélegum eftirlíkingum af vinsælum leikföngum frá Asíu.

Að sögn Eyjólfssonar hafi slík bootleg-leikfangagerð hafist í New York árið 2004 þegar listamaðurinn Morgan Phillips, sem gengur undir nafninu Sucklord, hóf að búa til sínar eigin útgáfur af vinsælum leikföngum. „Hann hafði ekki náð að brjóta inn í leikfangabransann sjálfur og því fór hann bara að hæðast að honum með eigin figúrum.“

Figúrurnar hafi orðið nokkuð vinsælar og haft þau áhrif að fleiri fóru að vinna með svipaðar hugmyndir. „Maður sér þetta víða á þessum teiknimyndahátíðum úti í heimi. Þetta er alltaf framleitt í litlu magni og er í raun ódur til frumútgáfunnar.“

Sjálfur býr hann aðeins til örfá eintök af hverri figúru en talsverð vinna liggur oft að baki. „Ég finn þrívíddarteikningar af frummyndinni, breyti henni svo eftir mínu höfði, bý til mót og steypi síðan figúruna og handmála hana. Svo bý ég til



Eyjólfur hefur meðal annars búið til leikföng úr Fóstbræðrum. MYND/ADSEND

**Ferlið var samt aðeins einfaldara þegar ég bjó til Pappirs-Pésa. Það má eiginlega segja að ég hafi verið að spara hráfniskostnað þar.**

Eyjólfur Jónsson, listamaður



umbúðirnar sem skipta miklu máli. Ferlið var samt aðeins einfaldara þegar ég bjó til Pappirs-Pésa. Það má eiginlega segja að ég hafi verið að spara hráfniskostnað þar,“ segir Eyjólfur kíminn.

Hann segir að viðtökurnar við figúrunum hafi komið sér á óvart. „Ég er nú yfirleitt að grínast eitthvað þegar ég bý til figúrurnar og því hafa viðbrögðin komið mér þægilega á óvart. Fólki finnst þetta greinilega skemmtilegt. Mér finnst athyglisverðast að oft er það verkið sem mér finnst ekkert endilega best sem verður vinsælast.“

Á dögnum hélt Eyjólfur listasýninguna Stígvélaði föturinn í Núllinu gallerii ásamt kollega sínum Viktori Vintage. „Við erum á svipuðum slóðum í þessari listsköpun og ég veit ekki betur en að við séum bara tveir að gera þetta hérlandis,“ segir Eyjólfur. Hægt er að fylgjast með verkum Eyjólfssonar á Instagram-síðunni @bootfoottoys. bjornth@frettabladid.is

**HAFNARTORG**  
REYKJAVÍK

#MHOME Optical Studio

MAIKAI REYKJAVÍK

COS

ICE + FRIES

COLLECTIONS

GK REYKJAVÍK

USE & THE JUICE

GALLERIA REYKJAVÍK

H&M

POP UP STORE  
BLUE LAGOON  
ICELAND

MICHENSEN  
1909

OPIÐ TIL  
22:00

# FYRIR JÓLABÖRN Á ÖLLUM ALDRI

það má skila jólagjöfum til 24. jan.

FRAMLENGDUR  
OPNUNARTÍMI  
FRAM AÐ JÓLUM:

18. des.	11:00 – 22:00
19. – 22. des.	10:00 – 22:00
23. des.	10:00 – 23:00
24. des.	09:00 – 13:00

ELKO



# Nauðsynlegt að leiðrétta ójöfnuð tollasamningsins

**UTANRÍKISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur beðið um að tollasamningur Íslands og Evrópusambandsins um landbúnaðarvörur verði endurskoðaður. Samningurinn var undirritaður árið 2015 en síðan þá hefur staðan gjörbreytt og hallar nú mjög á íslenska útflytjendur.

„Það er augljóst að það sem lagt var upp með gekk ekki eftir og lítill sveigjanleiki til að mæta því. Við þurfum að ná meiri jöfnuði í þennan samning,“ segir Guðlaugur

Þór. Vonast hann til að könnunarviðræður við Evrópusambandið geti hafist í janúar.

Í úttekt utanríkis- og atvinnuvegaráðuneytanna kemur fram að útflytningstollar fyrir lambakjöt og skyr voru auknir mikið enda voru sóknarfærin talin þar. „Ekki hefur tekist að nýta þessi tækifæri síðan samningurinn tók gildi. Öllu verra er, út frá íslenskum útflytningshagsmunum, að ekki er fyrir sjáanlegt að nokkur breyting verði þar á,“ segir í úttektinni.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Í dag er staðan sú að nýting útflytjenda á tollkvótum er lítil eða jafnvel engin eins og í tilfelli svína- og alifuglaræktenda. Tollkvótar innflytjenda eru hins vegar

fullnýttir og innflutningur jafnvel tvö- eða þrefaldur á við kvótana.

„Við erum með mjög frjálslýnda utanríkisviðskiptastefnu og höfum haft lengi. Um 90 prósent af tollnúmerunum okkar eru tollfrjáls samanborið við 26 prósent númera í Evrópusambandinu,“ segir Guðlaugur Þór. „En eins og önnur EFTA-ríki höfum við verið í varnarstöðu þegar kemur að hefðbundnum landbúnaðarvörum. Það er sjálf-sagt að semja um innflutning en þá verðum við að fá eitthvað í staðinn,

það er að komast með okkar vörur inn á erlenda markaði.“

Hvað viðskiptaójöfnuð varðar nefnir Guðlaugur Þór til dæmis verslun með sjávarafurðir. Ísland hafi enn aðeins 86 prósent tollfrelsi með sjávarafurðir inn á Evrópu-markað á meðan lönd utan EES-svæðisins eins og Japan og Kanada hafi fullt tollfrelsi með þær. „Ég hef tekið þessi mál oft upp við Evrópusambandið og lagt áherslu á að við fáum aukið tollfrelsi fyrir sjávarafurðir.“ – khg

## Frumskylda að standa með þolendum

**STJÓRNAMÁL** Stjórnarflokkarnir hafa náð sátt í ágreiningi sem ríkt hefur um útfærslu á fæðingarorlofi. Frumvarpið er nú til afgreiðslu í þinginu um að lengja samanlagðan rétt foreldra til fæðingarorlofs í tólf mánuði. Frumvarpið verður tekið til atkvæðagreiðslu í dag.

Ágreiningur var milli stjórnarflokkanna um sveigjanleikann. Í frumvarpinu var upprunalega gert ráð fyrir að hvort foreldri fyrir sig fengi sex mánuði í orlof en gæti framselt fjórar vikur til hins foreldrisins. Ákveðið hefur verið að rýmka þennan framsalsrétt úr fjórum vikum í sex.



Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

Samfylkingin gagnrýnir að í frumvarpinu sé ekki tryggð réttarstaða foreldris sem sætt hefur ofbeldi heldur er færsla réttinda einungis heimil þegar ofbeldið hefur beinst gegn barninu sjálfu.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður velferðarnefndar, telur frumskyldu að standa með þolendum. „Því skil ég ekki að stjórnarmeirihlutinn sjái sér ekki fært að lögfesta að fæðingarorlofsréttur foreldris sem sætir nálgunarbanni færast til þess foreldris sem mátti sæta ofbeldi af þess hálfu. Það er vissulega jákvætt þegar foreldri snýr frá ofbeldishegðun og getur mögulega síðar myndað góð tengsl við barn sitt þrátt fyrir ofbeldið en hér er annars vegar um að ræða ómálga ungbarn í frumbersku og foreldri þess sem verður að vernda gegn ofbeldi sem og tryggja rétt barnsins til umönnunar í fæðingarorlofi.“ – ab

# Krefst upplýsinga í máli fanga

Dómsmálaráðherra staðfesti í ágúst ákvörðun forstöðumanns Litla-Hrauns um þriggja mánaða öryggisvistun fanga. Staðfestingin hefur verið afturkölluð í kjölfar erindis frá Umboðsmanni Alþingis.

**FANGELSISMÁL** Dómsmálaráðherra hefur afturkallað úrskurð um öryggisvistun fanga sem kveðinn var upp í ráðuneytinu 5. ágúst síðastliðinn. Erindi þess efnis var sent til lögmanns fangans 4. desember, fjórum mánuðum eftir að hann var kveðinn upp.

Með úrskurðinum sem nú hefur verið afturkallaður, staðfesti ráðuneytið ákvörðun forstöðumannsins á Litla-Hrauni, frá 10. júlí síðastliðnum um vistun fanga á öryggisgangi í þrjá mánuði. Lögmaður fangans kærði ákvörðun forstöðumannsins til ráðuneytisins, en í kvörtun hans kom fram að hann væri vistaður einn á öryggisgangi og því í raun og veru í einangrun. Ráðuneytið staðfesti ákvörðun forstöðumannsins 25 dögum síðar.

Afstaða, félag fanga, tilkynnti umboðsmanni Alþingis um málið á grundvelli svokallaðs OPCAT-efirlits sem umboðsmaður hefur með stofnunum sem vista frelsissvipt fólk. Umboðsmaður sendi erindi til ráðuneytisins 28. ágúst og óskaði upplýsinga um hvort ráðuneytið hefði kannað hvernig skilyrðum evrópsku fangelsisreglnanna um lágmarks mannleg samskipti fanga sem aðskilin er frá öðrum, hefði verið framfylgt. Enn fremur óskaði umboðsmaður upplýsinga um hvort mat lækni á mögulegum áhrifum öryggisvistunar fyrir fangann hafi legið fyrir þegar úrskurðað var í máli hans og hvort ráðuneytið hefði að öðru leyti lagt mat á aðbúnað og aðstæður hans.

Í svari ráðuneytisins kom fram að þar sem umræddur fangi væri sá eini sem ekki teldist hæfur til að vistast á almennri deild væri óhjákvæmilegt að „hann fari á mis við samskipti við aðra fanga“. Geð-



Öryggisvistun hefur verið gagnrýnd á þeim grundvelli að um einangrunarvist sé að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**Við munum beita öllum mögulegum úrræðum sem við höfum til að fá þessari ákvörðun hnekk.**

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

heilbrigðisteymi sinni honum auk fangavarda og sálfræðings. Öðrum spurningum umboðsmanns var ekki svarað með fullnægjandi hætti og itrekaði hann því erindið 20. nóvember og innti ráðuneytið einnig eftir viðhorfum sínum til eigin eftirlitshlutverks með fangelsismálastofnun.

Viku síðar svaraði ráðherra skriflegri fyrirspurn þingmanns um fyrirkomulag öryggisvistunar. Ráðu-

neytið kanni nú hvort ástæða sé til að setja nánari ákvæði um vistun fanga á öryggisdeild í lög.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, segir að ráðuneytið hafi í þrjátíu ár verið meðvitað um að úrskurðarvald fangelsisfyrirvalda um einangrun fanga stangist á við Mannréttindasáttmála Evrópu. Umboðsmaður hafi upplýst ráðuneytið um þetta í sambærilegu máli fanga árið 1990. Þáverandi ráðherra hafi viðurkennt túlkun umboðsmanns með því að leggja fram frumvarp um kærurétt fanga í því skyni að uppfylla skilyrði um réttláta málsmeðferð.

Nú blasi við að ráðherra þurfi að taka nýja ákvörðun í máli fangans. Þótt hann sé nú laus úr öryggisvistun þurfi málið að fá lúkingu. Fanginn hafi kært ákvörðun forstöðumanns og enn eigi eftir að

úrskurða um mál hans.

„Að forstöðumaður fangelsis geti úrskurðað einstakling í einangrun mánuðum saman, sem löngu er orðið ljóst að eyðileggur fólk, getur bara engan veginn fengið staðist,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu. Dómstólar sem þó hafi úrskurðarvald séu hættil að leggja blessun sína yfir svona langan einangrunartíma.

„Að dómsmálaráðuneytið skuli staðfesta svona ákvörðun er svo alvarlegt að Afstaða sá sér ekki fært annað en að tilkynna hugsanlegt brot á samningi Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyndingum og senda erindi til CPT-nefndar Evrópuráðsins.“

Við munum beita öllum mögulegum úrræðum sem við höfum til að fá þessari ákvörðun hnekk.“ [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

GEFÐU  
GÓÐA  
GJÖF

1. BÓKSÖLU LISTINN  
Barnabækur  
7.-13. des. 2020



Syngdu með Láru og Ljónsa inniheldur 11 skemmtileg lög í flutningi Birgittu Haukdal. Lögin má bæði spila með og án söngs – og börnin syngja með!



Myllan  
Jólátarta  
**698 kr.**



Driscoll's  
bláber 300 g  
**598 kr.**



Emmessís  
Vanillu bangsi  
**733 kr.**

# JÓLIN ERU KOMIN



Hrísgrjón  
grautar 1 kg  
**448 kr.**



Quality Street  
2 kg  
**2.598 kr.**



Kjarnafæði  
Lambahryggur reykur  
**3.198 kr.**



Toro  
piparsósa  
**188 kr.**

Toro  
viltsósa  
**188 kr.**

Toro  
rauðvínssósa  
**238 kr.**



Lindt  
Lindor 200 g  
**998 kr.**



Ora  
aspas  
**278 kr.**



Ora  
grænar baunir  
**174 kr.**

## Afgreiðslutímar

Fös.	18.12	9-19	Þorláksm.	23.12	9-22
Lau.	19.12	10-18	Aðfangad.	24.12	9-12.30
Sun.	20.12	10-18	Jóladagur	25.12	Lokað
Mán.	21.12	9-20	Annar í jól.	26.12	Lokað
Þri.	22.12	9-22			

**FK**  
**FJARÐARKAUP**  
EINSTÖK VERSLUN

SKRÁÐU ÞIG Í  
**JÓLALEIK  
FJARÐARKAUPA**  
og þú gætir unnið Playstation 5  
[www.fjardarkaup.is](http://www.fjardarkaup.is)





Margir lögðu leið sína á safn í ár.

## Fleiri heimsóttu söfn á þessu ári

**SAMFÉLAG** Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni jókst fjöldi Íslendinga sem skoðuðu söfnin um sex þúsund og komu 76 þúsund Íslendingar að skoða. Þar af voru greiðandi gestir um 10 þúsund talsins og fjölgaði þeim um fjögur þúsund milli ára. Erlendum gestum fækkaði þó um 30 þúsund.

Þetta kemur fram í aðsóknartölum sem söfnin lögðu fram frá janúar til nóvember og lagðar voru fram á fundi menningar-, iþrótt- og tómstundaráðs í vikunni.

Þegar Borgarsögusöfn Reykjavíkur eru skoðuð, það er Árbæjarsafn, Landnámssýningin, Ljósmynda- og Sjóminjasafn borgarinnar, koma ekki jafn glæsilegar tölur í ljós. Þar eru allar tölur rauðar og heildarfjöldi gesta minnkaði um tæp 129 þúsund. Aðsóknin fór niður um 57 prósent meðal Íslendinga, heildarfjöldi erlendra gesta minnkaði um 88 þúsund og heildarfjöldi gesta með frían aðgang minnkaði um 50 þúsund. – bb

## Ekkert samráð um skipulag

**REYKJAVÍK** Orkuveita Reykjavíkur (OR) tæmdi Árbæjarlón varanlega án samráðs við skipulagsyfirdöld í Reykjavík. Þetta kemur fram í svari umhverfis- og skipulagssviðs (USK) við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Forstjóri OR, sagði í tilefni af ummælum skipulagsfulltrúa að tæmingin hefði ekki verið í samræmi við deiliskipulag, að ákvörðunin hefði verið tekin í samráði við fulltrúa USK.

Lónið var tæmt varanlega í október síðastliðnum. Hefur stýrihópur borgarinnar um Elliðaárdal sent erindi á OR að vatnshæð lónsins sé á deiliskipulagi.

Fram kemur í svari USK að OR hafi haft samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og skrifstofu umhverfisgæða og leitað eftir umhverfissjónarmiðum. Fulltrúar þeirra voru viðstaddir tæminguna. Er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að jákvætt sé að tæma lónið til að áin komist í upprunalegt horf. – ab

## Dæmdur til að selja eigin íbúð

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á kröfu húsfélags um að íbúðareigandi verði gert að flytja út úr eign sinni og selja eignarhluta sinn í húsinu.

Í dóminum er löng röð atvika rakin þar sem íbúðareigandi virti ekki reglur um næturfríð, ítrekuð afskipti lögreglu í kjölfar kvartana annarra íbúa hússins um hávæða frá tónlist og veisluglaum. Stóðu veislur stundum fram á hádegi daginn eftir. Þá höfðu íbúar hússins oftsinnis kvartað undan hundahaldi íbúðareigandans og að þrifa hefði þurft upp hundaskít í sameign hússins.

Krafan er byggð á ákvæði í lögum sem heimilar húsfélagi að leggja bann við búsetu hins brotlega. Hefur íbúinn mánuð til að flytja. – jp



Skiðasvæði Siglufirðinga uppfyllti allar reglur þegar það var byggt árið 1988 en er nú innan hættusvæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Áhyggjur af verðhruni eigna með tilkomu nýs hættumats

Bæjarstjóri Fjallabyggðar hefur áhyggjur af frumvarpi umhverfisráðherra um ofanflóðavarnir. Það feli í sér eignatilfærslu til sveitarfélaganna en þrengingu á möguleikum til bóta. Rekstrarfélag skiðasvæðisins mun þurfa að færa skiðalyftu og skála með tilheyrandi kostnaði og greiða sjálf fyrir ofanflóðavöktun.

**NÁTTÚRUVÁ** Sveitarstjórn Fjallabyggðar leggst hart gegn frumvarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra um ofanflóðavarnir. Það feli í sér tilfærslu á eignarhaldi varnarráðgjafna og þrengingu á möguleika til bóta. Það er að rétturinn verði einskorðaður við íbúðarhúsnæði.

„Ríkið hefur með almannavarnir í landinu að gera. Verði frumvarp umhverfisráðherra um ofanflóðavarnir lögfest óbreytt, meðal annars um breytt eignarhald á mannvirkjum, mun ríkið ekki lengur hafa óskilyrta greiðsluskyldu til að viðhalda þessum almannavarna mannvirkjum,“ segir Elías Pétursson bæjarstjóri. „Sveitarfélögin munu þá þurfa að koma á hnjánnum til ríkisvaldsins hvert sinn sem eitthvað þarf að gera og óska samþykkis á styrkveitingum til þeirra þar sem þau hafa enga burði til þess að reisa snjóflóðavarnir og viðhalda slíkum mannvirkjum án fjárhagslegrar aðkomu ríkisins.“

Drög að nýju hættumati eru tilbúin fyrir Siglufjörð og hafa verið kynnt sveitarstjórn. Ljóst er að bæta þurfi varnarnar, bæði garðana og girðingar. Reiknað er með að kostnaðurinn fyrir girðingarnar einar og sér sé yfir milljarð króna.

Segir Elías einnig að með frumvarpinu sé girt fyrir að ríkið taki þátt í kostnaði við að fjarlægja eða færa mannvirki af hættusvæðum, sem eru í dreifbýli og falli ekki undir skilgreiningu íbúðarhúsnæðis. Þetta dragi úr möguleikum Ofanflóðasjóðs til að styðja við uppkaupt sveitarfélaganna á eignum. „Þær eignir verða mögulega verðlausar þegar ný hættumót lita dagsins ljós,“ segir Elías. En eftir flóðin á Flateyri í janúar hefur Veðurstofnan ráðist í gerð nýs hættumats í nokkrum byggðarlögum.

Skiðasvæðið á Siglufirði, sem er



Bæjarstjórinn óttast að peningar sem ætlaðir séu ofanflóðavörnum verði nýttir á annan máta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég hef áhyggjur af því að eftir því sem liður lengra frá flóði hallist ríkið til þess að nota peningana í annað, þó þeir séu eyrnamerkir ofanflóðavörnum, og þá verður auðvelt að fella kostnað á sveitarfélögin.

Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar



í eigu sjálfseignarstofnunarinnar Leyningsás, er innan hættusvæðis og mun þurfa að færa skiðalyftu og skiðaskála með tugmilljóna kostnaði. En Leyningsás er samvinnuverkefni Fjallabyggðar og Róberts Guðfinnssonar hóteleiganda. Skálinn og lyfturnar fullnægðu öllum leyfum þegar þær voru reistar árið 1988 en síðan hafa verið settar á kvaðir.

Þá hefur Leyningsás staðið í stappi við ríkið vegna snjóflóðavöktunar. Árið 2018 úrskurðaði Umboðsmaður alþingis að ákvörðun ríkisins um að hafna því að greiða fyrir vöktun hefði ekki verið í samræmi við lög. Með nýju löggjöfinni verður snjóflóðaeftirlitið á skiðasvæðum á ábyrgð rekstraradila.

Samkvæmt fjárlögum verða 2,7

milljarðar settir í ofanflóðavarnir á næsta ári, 1,6 milljörðum meira en á þessu. Elías tekur hins vegar undir með Halldóri Halldórssyni, fyrrverandi formanni Ofanflóðasjóðs, að varnarnar „eigi inni“ hjá ríkinu þar sem eyrnamerkt fjármagn hafi verið notað í annað á undanföllum árum.

„Nú er verið að setja mikla peninga í ofanflóðavarnir af því að það varð flóð á Flateyri, rétt eins og gert var eftir flóðin árið 1995,“ segir Elías. „Ég hef áhyggjur af því að eftir því sem liður lengra frá flóði hallist ríkið til þess að nota peningana í annað, þó þeir séu eyrnamerkir ofanflóðavörnum, og þá verður auðvelt að fella kostnað á sveitarfélögin, það er verði frumvarpið að lögum. Reynslan kennir okkur það.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

# EAMES PLASTIC CHAIR

Tilboðsverð til jóla frá 44.900 kr.

---



Hönnun / Charles & Ray Eames, 1950

**vitra.**



Opið virka daga 8:00–18:00. Skeifunni 10, Reykjavík Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði [www.penninn.is](http://www.penninn.is)  
Opið á laugardögum til jóla frá 11:00- 15:00 í Skeifunni 10. Aðrir opnunartímar á [penninn.is](http://penninn.is)



Húsgögn

## Meiðyrði ekki bundin við vef eða fjölmiðla

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð smálána-fyrirtækisins eCommerce 2020 ApS gegn Neytendasamtökunum og Breka Karlssyni, formanni þeirra, hefst á morgun í Héraðsdómi Reykjavíkur. Eins og fram hefur komið stefndi fyrirtækið fyrir meiðyrði.

Fyrst verður þó tekist á um gagnstefnu samtakanna og frávisunarkröfu eCommerce á henni. Neytendasamtökin fengu framselda kröfu frá einstaklingi vegna meints ofgreidds kostnaðar og verður hún útkljáð í sama máli. Um er að ræða kröfu sem hljóðar upp á rúmlega eina milljón króna.

Búist er við því að málareksturinn haldi áfram vel inn á næsta ár. Neytendasamtökin hafa sagt málið úti í hött því ummælin hafi verið í tölvupóstsamskiptum og því ekki opinber. Með málsókninni verði þau opinber. Ummælin eru fjögur og lúta öll að því að lán og starfsemi sé ólögleg.

„Meiðyrði eru ekki bundin við skrif á vefmiðlum eða umfjallanir

Meiðyrði geta til að mynda líka verið sett fram í lokuðum hópi á Facebook eða í ræðu á fundi.

Ingvar Smári Birgisson  
lögmaður



fjölmiðla, líkt og margir halda,“ segir Ingvar Smári Birgisson, lögmaður eCommerce. „Meiðyrði geta til að mynda líka verið sett fram í lokuðum hópi á Facebook eða í ræðu á fundi. Að sama skapi geta meiðyrði því eins verið sett fram á spjallrás, í bréfaskrifum eða tölvupóstsamskiptum.“

Krefst fyrirtækið þess að tiltekin ummæli sem send voru á nokkur samstarfsfyrirtæki verði dæmd dauð og ómerk. Þá er krafist skaðabóta upp á á aðra milljón króna og að leiðrétting verði birt. – khg



Mótmælandi á Spáni sýnir fötluðum konum sem hafa látist af völdum ofbeldis stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Fatlaðar konur verða ítretað fyrir ofbeldi

Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir fjallaði um ofbeldi gegn fötluðum konum á fundi ofbeldisvarnanefndar fyrr í mánuðinum. Hún segir niðurstöður rannsóknar sýna að stór hluti þeirra verði fyrir einhvers konar ofbeldi í lífinu.

**SAMFÉLAG** „Ég fjallaði meðal annars um niðurstöður íslenskra rannsókna um tíðni ofbeldis, sem sýna að fatlað fólk, og sér í lagi fatlaðar konur, verða fyrir miklu ofbeldi,“ segir Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hrafnhildur fjallaði um ofbeldi gegn fötluðum konum á fundi ofbeldisvarnanefndar fyrr í mánuðinum og segir hún tölur um tíðni ofbeldis gegnum þeim hópi sláandi.

„Niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið 2017 sýndi að 59 prósent fatlaðra kvenna höfðu orðið fyrir kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu ofbeldi á lífsleiðinni og 48 prósent fatlaðra karla,“ segir Hrafnhildur og bætir við að niðurstöðurnar séu í takt við niðurstöður erlendra rannsókna.

„Niðurstöður sýndu einnig að það eru ákveðnir hópar meðal fatlaðs fólks sem eru í sérstökum áhættuhópi, svo sem fólk með geðsjúkdóma, fólk með broskahömlun og fólk sem er með miklar stuðningsþarfir,“ segir Hrafnhildur. Þá segir hún bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að fatlaðar konur sem verði fyrir ofbeldi fái síður stuðning til þess að vinna úr ofbeldinu og til þess að sækja rétt sinn.

„Ofbeldið sem fatlaðar konur verða fyrir er svo margslungið og það sem vefst fyrir mér sem rann-

Rannsóknir sýna til dæmis að ofbeldi á sér oft stað í þjónustu sem fötluðum konum er oft beint í.

Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ



sakanda er að ég er eiginlega fullviss um að tíðnirannsóknir vanmeti umfang ofbeldisins, þótt þær gefi sannarlega mikilvægar vísbendingar,“ segir Hrafnhildur. Ástæðuna segir hún vera það hvernig við tölum um og skiljum ofbeldið.

„Fatlaðar konur verða bæði fyrir sams konar ofbeldi og ófatlaðar konur en verða einnig fyrir ofbeldi sem tengist fötlun þeirra, jafnarsettri félagslegri stöðu og þjónustunni sem þær nota. Rannsóknir sýna til dæmis að ofbeldi á sér oft stað í þjónustu sem fötluðum konum er oft beint í,“ segir hún og tekur dæmi um sambyl, ferðaþjónustu fatlaðs fólks, sumarbúðir og vinnustaði fatlaðs fólks.

„Bæði íslenskar og erlendar rann-

sóknir sýna að á þessum stöðum getur ofbeldi og valdbeiting fengið að dafna. Ofbeldið getur verið lúmskt og dulið og er oft sprottið upp úr forræðishyggju og því að ófatlað fólk telur sig vita hvað fötluðu fólk sé fyrir bestu,“ segir Hrafnhildur.

Aðspurð að því hvar ábyrgðin liggja og hvað sé til ráða segir Hrafnhildur flókið að svara því, svarið sé í senn bæði einfalt og flókið. „Einfalt af því að við vitum að lausnin felst í því að uppræta forræðishyggju, fordóma og valdbeitingu, styðja undir valdeflingu fatlaðs fólks og auka stuðning við fatlaða brotþola. Og einfalt af því að við berum öll ábyrgð,“ segir hún. „En svo er þetta á sama tíma rosalega flókið af því að mismununin og fordómarnir eru kerfisbundnir og þétt ofnir samfélaginu okkar.“

Hrafnhildur segir nauðsynlegt að leggja við hlustir þegar fatlað fólk og fólk sem tilheyrir jafarsettum hópum talar og að horfast í augu við eigin fordóma. „Kerfisbundin mismunun verður þegar fólk í valdastöðu horfast ekki í augu við fordóma sína, og tekur síðan ákvarðanir eða innleiðir verklag sem svo er fylgt eftir gagnrýnislaust,“ segir Hrafnhildur. „Fræðsla til faghópa og starfsfólks um þessi mál er þess vegna mjög mikilvæg,“ bætir hún við.

birnadrofn@frettabladid.is

## Gera alvarlegar athugasemdir við stöðu mútubrota

**STJÓRNSÝSLA** Íslensk stjórnvöld þurfa að bæta sig til muna í eftirliti með mútubrotum að mati starfshóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Í skýrslu um mútubrot í alþjóðavidskiptum sem stofnunin birti í gær kemur fram að Íslendingar hafi haft ranghugmyndir um að íslenskir einstaklingar taki ekki þátt í alþjóðlegum mútugreiðslum.

Starfshópurinn telur að þessi rötgróna ranghugmynd í hugum Íslendinga hafi valdið því að hingað til hafi eftirliti með og rannsóknum á mögulegum mútugreiðslum ís-

lenskra einstaklinga verið verulega ábótavant. Þær hafa í raun ekki verið neinar þar til Samherjamálið kom upp á yfirborðið í lok síðasta árs. Það mál hefur að mati hópsins splundrað hugmyndum Íslendinga um að hér greiði enginn mútur.

Tuttugu ár eru frá því að Ísland undirritaði samning OECD um baráttu gegn mútum.

Lýst er yfir alvarlegum áhyggjum af því að Ísland hafi þá enn ekki lokið rannsókn á einu einasta máli sem snýst um mútugreiðslur á alþjóðlegum vettvangi, sem tilkynnt hefur verið um til yfirvalda.

Er tekið fram að íslenska ríkið verði að grípa til ráðstafana til að framvegis verði frumkvæði sýnt í rannsóknum og eftirliti á mögulegum mútubrotum. Ráðast þurfi í breytingar á lagaumhverfi í mála-flokknum og stuðla að vitundarvakningu í opinbera- og einkageiranum.

Er einnig fjallað um árangur Íslands, þá varðandi lög um vernd uppljóstrara, eflingu skrifstofu fjármálagreininga og efnahagsbrota-deildar. Næsta úttekt fer fram árið 2022 þar sem Ísland á að skila inn skriflegri eftirfylgniskýrslu. – ókp

# KRONAN

## OPIÐ Í DAG 9-22

OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli,  
Reyðarfirði, Vestmannaeyjum,  
Vík og Þorlákshöfn.



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING  
á Hringbraut

h





Myllu heilkornabrauð  
**LÍFSKORN**  
 Lífskorn færir þér máltíð af akrinum



*Enginn viðbættur sykur*

# Notaðu heilsugott Lífskorn fyrir aðventu-smurbrauðið

Hugsaðu um heilsuna á aðventunni og veldu heilkorna Lífskorn fyrir smurbrauðið. Búðu til heilsugóðar smurbrauðssneiðar með jólasild, laxi eða hvað þér þykir best. Notaðu heilsugott Lífskorn með 7 tegundum af fræjum og kornum; hafráflogur, sólblómafræ, hörfræ, rúgkjarnar, graskersfræ, sesamfræ, spelthveiti.

Nettóþyngd: 200 g  
 rúgkjarnar, graskersfræ, sesamfræ og spelthveiti. Inniheldur ekkert hvítt hveiti, ekkert ger og engan viðbættan sykur.

**Ræktaðu huga og líkama í desember - fáðu þér heilkorna Lífskorn án viðbættis sykurs.**

Lífskorn er gott dæmi um nýsköpun í íslenskrri matargerð.



VÆNTANLEGT  
 Á NYJU ÁRI

HEILSUGOTT FYRIR  
 SMURBRAUÐIÐ

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu.



Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur. Skoðaðu vöruúrvalið á: [myllan.is](http://myllan.is)



Alltaf nýbakað  
 síðan 1959

> skoðaðu: [myllan.is](http://myllan.is)

## Ekki hægt að bóka tíma í bólusetningu

**COVID-19** Þó nokkrir Íslendingar hafa sett sig í samband við heilsugæslur landsins til að reyna að bóka sér tíma í bólusetningu fyrir COVID-19. Raunar svo margir að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sá ástæðu til að taka það fram í tilkynningu í símsvara sínum að ekki væri hægt að bóka tíma í bólusetningu strax.



**Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins**

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að ákveðið hafi verið að setja upp tilkynninguna svo fyrirspurnum og tilraunum til tímabókana í bólusetningu myndi fækka.

„Þangað til við settum þetta upp var fólk mikið að hringja. Þetta var aðeins farið að trufla þannig að við ákváðum að það væri einfaldast að taka þetta strax fram þegar fólk hringir,“ segir Óskar.


Hann gerir ráð fyrir að enn sé nokkuð í að Íslendingar fái nóg af bóluefni svo hægt verði að bólusetja alla sem vilja. Þegar það gerist muni heilsugæslur landsins að sjálfsgöðu senda út tilkynningar um hvernig hægt verði að bóka tíma í bólusetningu. – ókp

## Skóða opnun baðlóns í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR** Vestmannaeyjabær hefur átt í viðræðum við Lava Spring um áform fyrirtækisins um að byggja baðlón í Eyjum og tilheyrandi starfsemi sem myndi fylgja slíku aðdráttarafli. Viðræðurnar koma í kjölfar könnunar Vestmannaeyjabæjar á því hvort hægt væri að nýta þá orku sem verður til við byggingu nýrrar sorporkustöðvar í bænum til styrktar afþreyingar- og ferðapjónustu.

Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að lónið yrði staðsett við Skansinn og samhliða því yrði byggð heilsulind. Þá hefur möguleiki á sjósundastöðu á svæðinu verið skoðaður en svæðið yrði tengt við hraunið úr eldgosinu frá 1973.

Lava Design hefur fengið heimild Vestmannaeyjabæjar til að vinna að forhönnun verkefnisins. Það verður síðan í höndum Vestmannaeyjabæjar að undirbúa mögulegar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi bæjarins. – kpt



Deila Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar við Reykjavell snérist um kaup á stýribúnaði og þjónustu fyrir umferðarljós í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vegagerðin og borgin greiða sektir fyrir brot í innkaupum

Reykjavíkurborg og Vegagerðin brutu lög með samningum við Smith & Norland og fá á sig sektir. Þeim ber að greiða Reykjavelli ehf. málskostnað. Borgin á að greiða fyrirtækinu bætur vegna kostnaðar við útbod sem fellt var niður. Verkefnastjóri hjá Reykjavelli segist fagna niðurstöðu kærnefndar útbodsmála.

**STJÓRNSÝSLA** „Við fögnum niðurstöðu kærnefndar útbodsmála. Það er hagur samfélagsins að farið sé að lögum í útbodum hins opinbera og ekki sist í eins stórum og mikilvægum málaflokki og þarna var undir,“ segir Ómar S. Gíslason viðskipta- og verkefnastjóri hjá Reykjavelli ehf.

Kærnefnd útbodsmála segir að Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafi átt að bjóða út innkaup á stýribúnaði fyrir umferðarljós en ekki semja beint við fyrirtækið Smith & Norland um búnað og þjónustu. Þá sé Reykjavíkurborg skaðabótaskyld gagnvart Reykjavelli ehf. vegna kostnaðar fyrirtækisins af þátttöku í útbodi á stýribúnaði umferðarljósa.

Í lok nóvember í fyrra sendi Reykjavell tvíþætta kæru til kærnefndar útbodsmála. Annars vegar kærði fyrirtækið samningsgerð Reykjavíkurborgar og Vegagerðar-

Það er hagur samfélagsins að farið sé að lögum í útbodum hins opinbera.

Ómar S. Gíslason, viðskipta- og verkefnastjóri hjá Reykjavelli ehf.



innar við Smith & Norland hf. um vélbúnað og hugbúnað auk þjónustusamnings vegna uppfærslu á miðlægri stýringu umferðarljósa í Reykjavík. Hins vegar kærði Reykjavell útbod borgarinnar á ramma- og samningnum um stýringu umferðarljósa.

Vildi Reykjavell að samningarnir við Smith & Norland yrðu gerðir óvirkir og að útbodið á ramma-

samningnum yrði gert ógilt og að það færi fram að nýju. Um viku eftir að kærnan barst hætti borgin sjálf við útbodið á ramma- og samningnum og vildi þá Reykjavell fá viðurkennda skaðabótaskyldu borgarinnar gagnvart fyrirtækinu.

Borgin og Vegagerðin skiptu til helminga kostnaði við samningana við Smith & Norland sem samlagður nam 21.240.235 krónum án virðisaukaskatts. Kærnefndin segir að þótt miðað sé við það hjá sveitarfélögum – og þar með borginni – að ekki þurfi að bjóða út innkaup undir 28.752.100 krónum gildi lægri fjárhæð um ríkið. Þar sé miðað við 18.734.400 krónum og þar með hafi sú upphæð átt að gilda í viðskiptunum.

„Það verður ekki ráðið af gögnum málsins að tæknilegar ástæður eða lögverndaður einkaréttur hafi réttlætt það að gerðir voru samningar við Smith og Norland hf. 9. júlí 2019

án þess að meginreglan um að bjóða skuli út innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum væri virt,“ segir í niðurstöðu kærnefndarinnar.

„Verður ekki annað séð en að stofnuninni hafi verið skylt að bjóða umrædd innkaup út, enda náðu þau fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð,“ heldur nefndin áfram. Þar sem samningarnir við Smith & Norland hafi þegar verið efndir sé ekki um það að ræða að gera þá óvirka. Hins vegar sé bæði Reykjavíkurborg og Vegagerðinni gert að greiða stjórnvaldssekt upp á 849.611 krónur hvorum aðila um sig. Að auki á borgin að greiða Reykjavelli eina milljón króna í málskostnað og Vegagerðin hálfa milljón.

Þá er Reykjavíkurborg sögð skaðabótaskyld gagnvart Reykjavelli vegna kostnaðar fyrirtækisins af því að taka þátt í rammaútbodinu sem fellt var niður.

gar@frettabladid.is

## Nýsköpun er ekki bara fyrir borgarbúa

**NÝSKÖPUN** Bæjarráð Akureyrar telur edlilegt að í stjórn Tækniseturs í Vatnsmýrinni sé að minnsta kosti einn stjórnarmaður búsettur utan Reykjavíkur. Þá verði unnið að útfærslu á því með hvaða hætti jafna eigi möguleika fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni til þess að nýta aðstöðu og sérhæfðan tækjábúnað í Vatnsmýrinni.

Bæjarráðið tók fyrir stjórnarfrumvarp Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um opinberan stuðning við nýsköpun. Ljóst er að margir hafa áhyggjur af frumkvöðlum á landsbyggðinni. Akureyringar telja óásættanlegt að leggja fram jafn óljóst frumvarp.

„Bæjarráð skorar því eindregið á ráðherra að setja fram skýr mælanleg markmið, árangursmælikvarða, ábyrgðaraðila og fjármögnun,“ segir í bókun bæjarráðs.

Ljóst er að landsbyggðin ber



Ósætti ríkir um frumvarp um stuðning við nýsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skertan hlut frá borði þegar kemur að úthlutunum úr samkeppnissjóðum. Í úttekt sem gerð var að beiðni Vísinda- og tækniráðs árið 2019 kom í ljós að langflestir styrkir fóru til Reykjavíkur. Árangurshlutfall umsókna var þó breytilegt eftir svæðum og náðu

sumir landshlutar betri árangri en höfuðborgarsvæðið. Vandinn liggur því, samkvæmt frumvarpinu, fyrst og fremst í hversu fáar umsóknir koma frá landsbyggðinni. Hið sama á við um endurgreiðslur til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar. – bb


Gefðu barninu Gosa um jólin



Hafðu samband í síma 568 8000 eða pantaðu gjafakort á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



# JÓLABÆKUR Í JÓLAPAKKANA



## Pagnarmúr

Arnaldur Indriðason hefur um langt árabíl verið vinsælasti höfundur landsins og nýtur hylli langt út fyrir landsteinana. Bækur hans eru nú orðnar tuttugu og fjórar talsins. Þær hafa verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál, selst í tugmilljónum eintaka og hafa fært höfundinum ótal verðlaun og viðurkenningar.

4.589 kr.



## Blóðberg

Þóra Karítas Árnadóttir hefur starfað við skrif, leikhús og sjónvarpsþáttagerð. Árið 2015 sendi hún frá sér sannsöguna Mörk – saga mömmu, sem hlaut góðar viðtökur lesenda. Blóðberg er fyrsta skáldsaga hennar.


4.599 kr.



## Blóðrauður sjór

Lilja Sigurðardóttir hefur skrifað skáldsögur, leikrit og sjónvarpsþáttahandrit. Glæpa-sögur hennar hafa notið mikilla vinsælda og verið verðlaunaðar heima og erlendis; Gildran var tilnefnd til breska Gullrýtingsins og fyrir Búrið og Svik hlaut hún Blóðdropann og tilnefningu til norræna Glerlykilsins tvö ár í röð.

4.599 kr.



## Dauði skógar

Dauði skógar er launfyndin og margræð saga um það þegar hversdagurinn fer á hvolf og dauðinn ber að dyrum. Fyrri skáldsögur Jónasar Reynis Gunnarssonar, Millilending og Krossfiskar, vöktu mikla athygli og var sú fyrri tilnefnd til Menningarverðlauna DV.


4.599 kr.



## Gata meðranna

Kristín Marja Baldursdóttir er þekkt fyrir magnaðar og gripandi skáldsögur sínar þar sem margt býr undir yfirborðinu. Með hárbeyttum húmor og djúpu innsæi skapar hún ógleymanlegar persónur og áhrifaríkar örlagasögur sem heilla lesendur heima og erlendis.


4.599 kr.



## Hansdætur

Hansdætur er áhrifamikil örlagasaga úr íslenskum veruleika. Við sögu koma harðgerðar konur, viðkvæmar sálir, andans menn, óreiðufólk af ýmsu tagi, draumar og þrjár, sorgir og sigrar.

4.599 kr.



## Truflunin

Árið er 2034. Heimurinn hefur kvíslast í tvær viddir sem einungis snertast á litlu svæði í miðbæ Reykjavíkur, Trufluninni. Múr umlykur svæðið og inn fyrir hann fer einungis þrautþjáfað visindafólk og hermenn, svokallaðir agentar. Einn þeirra er félagssálfræðingurinn Halla.


4.599 kr.



## Undir Yggdrasil

Gripandi skáldsaga úr sama sagnabrunni og Vilborg Davíðsdóttir sótti áhrifamikinn þrileik sinn um Auði, en fyrsta bindi hans var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sögulegar skáldsögur Vilborgar hafa notið mikilla vinsælda undanfarna áratugi enda varpa þær nýju og óvæntu ljósi á örlög og aðstæður íslenskra kvenna.

4.599 kr.



## Íðunn og afi pönk

Gerður Kristný er einn af okkar færustu höfundum og skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fullorðna. Hún hlaut Bókaverðlaun barnanna fyrir Mörtu smörtu, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin og Bóksalaverðlaunin fyrir Garðinn og eftir bókaflokki hennar um forsetann á Bessatöðum samdi Gerður vinsælan söngleik.

3.299 kr.



## Spænska veikin

Spænska veikin var mannskæðasta farsótt sögunnar og barst hingað til lands í miðju Kötlugosi á einu viðburðarikasta ári tuttugustu aldar, 1918. Hundruð Íslendinga féllu í valinn á örfáum vikum, aðallega ungt fólk í blóma lífsins og fleiri konur en karlar. Mörg börn misstu foreldri.

4.599 kr.



Gildistími: 18.–20. desember

**JÓLAINNKAUPIN**  
hafa aldrei verið eins leikandi létt.  
Þú færð jólabækurnar á [netto.is](https://netto.is)

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu.  
Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

**nettó**  
Lægra verð – léttari innkaup



Heilbrigðisráðherra Þýskalands, Jens Spahn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Bólusetningar skulu hefjast fyrir lok árs

**COVID-19** Heilbrigðisráðherra Þýskalands, Jens Spahn, segist eiga von á því að bólusetningar við kórónaveirunni hjá ríkjum Evrópusambandsins hefjist við fyrsta tækifæri eftir jóla eða þann 27. desember næstkomandi. Sem meðlimur í Evrópusambandinu er Þýskalandi líkt og öðrum ríkjum skylt að biða eftir leyfi frá evrópska lyfjaeftirlitinu áður en bólusetning hefst. Sama dag ákvað Evrópusambandið að kaupa hundrað milljónir skammta af bóluefni Pfizer-BioNTech til viðbótar eftir að hafa hafnað stærra skammti fyrr á árinu.

„Í Þýskalandi munum við hefja bólusetningu þegar leyfið kemur 27. desember. Önnur ríki innan ESB vilja hefja bólusetningar sama dag,“ sagði Spahn í samtali við fjölmiðla fyrir fund með Angelu Merkel Þýskalandskanslara og forráðamönnum BioNTech.

Bólusetning er að hefjast víðs vegar um heiminn og eru tæplega 140 þúsund manns búin að fá fyrsta skammtinn af bóluefninu í Bretlandi. Í kjölfarið var byrjað að bólusetja í Kanada, Bandaríkjunum og Sáði-Arabíu en evrópsk ríki biða enn eftir grænu ljósi frá lyfjaeftirlitinu. Í gær var það staðfest að Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hefði greinst með kórónaveiruna og fór forsætisráðherra Portúgals, António Costa, um leið í sóttkví eftir að hafa fundað með Macron deginum áður. – kpt



Höfnin í Reykjanesbæ. MYND/PJETUR

## Fagna klinki úr strandveiðisjóði

**REYKJANES** Bréf Fiskistofu var tekið fyrir á fundi stjórnar Reykjaneshafnar í síðustu viku. Þar var rætt um hlut hafnarinnar í sérstöku strandveiðigjaldi sem innheimt var á síðasta strandveiðitímabili. Í bréfinu kom fram að Fjárýsla ríkisins mun leggja inn á höfnina 1.170 krónur. Stjórn hafnarinnar bókaði á fundinum að hún fagnaði tekjstofninum sem í mörgum tilfellum styður við rekstur hafnarsjóða þó hluturinn sé ekki stór.

Hjörtur M. Guðbjartsson formaður segir að smá kaldhæðni kosti ekkert og sér fyndnu hliðina. „Þetta á eftir að gjörbylta rekstrinum,“ segir hann og hlær. „Þetta hjálpar mörgum þar sem byggðakvótinn er uppstáðan í tekjustreyminu en hjá okkur skiptir þetta litlu máli. Það er hálflyndi að fjalla um þetta.“

Hann segir að þó það sé vissulega gott að hafa gaman þá sé tóninn einnig alvarlegur. „Fiskistofa er hvað eftir annað að leggja frekari kvaðir og kröfur á hafnir landsins. Þær hafnir sem treysta eingöngu á fiskveiðir eru mjög oft í vandræðum, tekjulega. Þetta er mesta vinnan en minnsti gróðinn. En við höfum alltaf gaman af smá kaldhæðni.“ – bb

## Lenti með sýni frá tunglinu



Starfsmenn kínversku geimferðastofnunarinnar skoða könnunarfarið Chang'e-5 sem lenti í gær í Innri-Mongólíu með 4,5 kíló af jarðvegi frá tunglinu. Chang'e-5 lenti á tunglinu 2. desember síðastliðinn og varði sólarhring í að safna jarðvegssýnum. Þetta er í fyrsta sinn frá 1976 sem geimfar kemur heim með sýni frá tunglinu og eru Kínverjar þriðja þjóðin á eftir Bandaríkjamönnum og Sovétmönnum til að takast það. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Borgin ekki staðið við loforð

Reykjavíkurborg mun ekki standa við fyrri loforð um fjárhagsstuðning til rafíþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári frekar en í ár. RÍSí er hissa á ákvörðuninni miðað við árangurinn sem náðst hefur.

**RAFÍÞRÓTTIR** „Það er hægt að segja að þetta hafi valdið okkur miklum vonbrigðum og það er algjörlega hægt að taka undir að þetta virðist hafa verið stuðningur í orði en ekki á borði. Á sama tíma hefur borgin sýnt lítinn áhuga á eftirfylgni með því hvað við gerðum við peningana. Það er hægt að spyrja sig hver áhuginn var í raun og veru,“ segir Aron Ólafsson, framkvæmdastjóri Rafíþróttasamtaka Íslands, RÍSí, aðspurður út í ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hafna breytingartillögu á fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir 2021 sem gerði ráð fyrir fjárstyrk til rafíþróttá höfuðborgarsvæðinu.

Rúmlega eitt og hálf ár er síðan samþykkt var að styðja við bakið á stofnun þriggja rafíþróttadeilda innan félaga á höfuðborgarsvæðinu, í KR, Ármanni og Fylki, en ekki hefur verið staðið við áætlanir um áframhaldandi styrktarfé.

„Sjálftæðisflokkurinn lagði til þessa breytingartillögu um að bæta þessu inn í fjárhagsáætlunina en því var hafnað og það ekkert rætt frekar. Þegar farið var af stað með þetta verkefni var talað um að styrkir myndu halda áfram en það er ekki inni á áætlun. Það átti að finna óráðstafan aur sem aldrei fannst. Svo kemur kórónaveirufaraldurinn og þá eru peningarnir ekki lengur til staðar. Það var því ekki staðið við gefin loforð um áframhaldandi fjárstuðning.“

Aron segir það synd að ekki sé hugað betur að málaflöknum enda hafi viðkvæmur hópur einstaklinga þarna loksins tækifæri til að njóta sín í þægilegu umhverfi.

„Borgarstjórnin veitti því einróma samþykki á sínum tíma að styðja við bakið á stofnun rafíþróttadeilda og fengu þrjú félög styrk til stofnunar á þessu tilraunaverkefni. Þessi ákvörðun er mikil synd því það er sóknartæki-



Frá keppni í rafíþróttum á Reykjavíkurlaikunum en hér heyja menn bardaga í leiknum Fortnite. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

færi í starfi okkar. Það sést best á jákvæðum áhrifum hjá börnunum sem eru hjá okkur, sum þeirra hafa aldrei nýtt fristundastyrkinn en eru að finna gleðina hjá okkur. Þetta er mjög valdeflandi fyrir viðkvæman hóp og því mikil synd að verið sé að draga í land.“

Þegar rafíþróttadeildirnar voru stofnaðar fengu félögin styrk upp á 660 þúsund krónur hver en dæmi eru um að félög á höfuðborgarsvæðinu séu að þjónusta upp í fjögur hundruð krakka.

„Við erum ekkert að biðja um fúlgur fjár á hverju einasta ári og að borgin sjái um allan rekstrarkostnað, það er alveg ljóst að íþróttastarf þarf að einhverju leyti að standa undir rekstri með iðkendunum sem við erum í raun að gera. Stofnkostnaðurinn er hins vegar mun meiri en 660 þúsundin sem félögin

**Þetta er mjög valdeflandi fyrir viðkvæman hóp og því mikil synd að verið sé að draga í land.**

Aron Ólafsson, framkvæmdastjóri RÍSí



fengu. Þessi þrjú félög sem voru fyrst til að stofna deildirnar eru að þjónusta hátt í 400 krakka og það eru biðlistar í vinsælustu leikina,“ segir Aron og heldur áfram:

„Ég kom að stofnun rafíþróttadeildarinnar innan Fylkis þar sem ákveðið var að leigja búnað enda ekki fjármagn til staðar til að kaupa búnaðinn sem þurfti til. Það er

dýrara en það eru líka til dæmi um að félög hafi tekið lán fyrir tölvubúnaði og þá fara öll iðkendagjöld í afborgun af aðstöðu. Það væri frábært að fá eitthvert mótvægi frá stjórnvöldum svo að deildirnar séu ekki að eltast sífelld við að greiða upp fyrri skuldir.“

Þá eru til dæmi um að utanaðkomandi aðilar hafi borgað brúspann við að koma upp aðstöðu.

„Á Akureyri sprengdi áhuginn strax allan skala þegar 230 krakkar skráðu sig. Rafíþróttadeildin er orðin næststærsta deildin innan Þórs. Þar kom fjársterkur aðili og borgaði stofnkostnaðinn til að koma í veg fyrir sífellda bið. Við finnum fyrir miklum áhuga úti á landi, það eru 15 félög með rafíþróttadeild og ég á von á því að það verði 15 til viðbótar fyrir lok næsta árs.“ kristinnpall@frettabladid.is



# Opnunartímar Kirkjugarða Reykjavíkur um jólin



Á aðventunni, um jól og áramót eru Fossvogskirkjugarður, Gufuneskirkjugarður, Kópavogskirkjugarður og Hólavallagarður opnir allan sólarhringinn nema Fossvogskirkjugarður er lokaður fyrir allri bílaumferð á aðfangadag milli kl 11:00 og 14:00 vegna mikils fjölda gangandi og slysaþættu.

Þeir sem ekki geta vitjað leiða ástvina sinna nema koma akandi er bent á að koma annað hvort fyrir eða eftir tilgreindan lokunartíma.

Ökumönnum er bent á bílastæði við Fossvogskirkju, Suðurhlíð og Vesturhlíð. Á Þorláksmessu og aðfangadag er hringakstur í Gufuneskirkjugarði með aðkomu eingöngu frá Hallsvegi og farið er út norðan megin inn á Borgaveg eins og verið hefur.

Símavarsla verður á skrifstofu Kirkjugarðanna á aðfangadag og gamlársdag frá kl. 08:00 - 12:00 í síma 585 2700 fyrir þá sem þurfa að leita upplýsinga og aðstoðar.

Starfsfólk Kirkjugarðanna hvetur þá sem tók hafa á og ætla að vitja leiða ástvina sinna um þessi tímamót að koma í garðana dagana fyrir Þorláksmessu til að minnka smithættu vegna farsóttarinnar.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum [www.gardur.is](http://www.gardur.is)

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.  
[www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)

# Meira sælkera



MINNA  
SALT  
SAMA  
BRAGÐ

HAGKAUP

**Hangikjöt**

reykt með sérstakri blöndu  
af íslensku birki

Hagkaup  
mélir  
með

Tilbúinn jafningur  
þarf aðeins að hita

**499** kr/stk

## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.



HAGKAUP

**Hamborgarhryggur**

Sérvalinn úr 1. flokks hráefni

Hagkaup  
mélir  
með



HAGKAUP

**Léttreykt  
hátíðarlæri**

Hagkaup  
mélir  
með



**SMJÖRSPAUTAÐ  
KALKÚNASKIP**

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði gæðamarkaður. Þess vegna hlumum við að sérstaklega smjörspautað kalkúnaskip samkvæmt gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnaskipið er unnið úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hannaða gæði.

Hagkaup  
mélir  
með

## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur.

Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

## Hagkaups hátíðarlæri

Léttreykt með bláberjum og einiberjum.

## Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



## Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

# Tilbúin

## WELLINGTON NAUTALUND



Wellington  
Frystivara

6.199 kr/kg

### Jólamatur í úrvali



Kengúrufile

4.499 kr/kg



Gæsabringur

4.999 kr/kg



Rjúpa 375 g

899 kr/stk



Hreindýralundir

12.499 kr/kg



Krónhjartarfile 900 g

10.999 kr/stk



Andabringa 250 g

749 kr/stk

# HAGKAUP



## Gerum betur



Hörður Áegisson

hordur@frettabladid.is

Þeir fjármunir sem hið opinbera hefur til ráðstöfunar hverju sinni ráðast í grunninn af verðmætasköpun í atvinnulífinu. Skuldsetning ríkissjóðs og sveitarfélaga, sem verður vel á annað þúsund milljarða á næstu árum, kemur til af nauðsyn á meðan við þurfum að styðja við hagkerfið í gegnum kórónakreppuna. Sem betur fer stóðum við Íslendingar vel að vígi við upphaf faraldursins. Skuldahlutfall ríkissjóðs var minna en flestra annarra þróaðra hagkerfa og þá nýtur ríkissjóður góðs af sterkri lausfjárstöðu sem dregur úr þörf á að sækja lánsfé á mörkuðum. Það þýðir samt ekki að við getum leyft okkur ábyrgðarleysi. Ef það á að takast að halda uppi öflugum hagvexti og greiða skuldirnar til baka þarf að verja lánsféna skynsamlega með áherslu á aukna verðmætasköpun og þá um leið fjölgun starfa.

Skuldirnar eru eitt, vextirnir annað. Langtíma vextir á markaði hafa lækkað mikið undanfarin ár samhliða því að stýrivextir Seðlabankans hafa farið lækkanði – þó það nú væri. Vaxtabyrði ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu, verður því viðráðanlegri en áður. Það segir samt ekki alla söguna. Þótt Ísland fari inn í þessa kreppu með lágt skuldahlutfall þá stefnir í að það muni vaxa afar hratt, mun meira en í samanburði við önnur OECD-ríki, og verði orðið um 65 prósent 2025. Það er lítil ástæða til að stæra sig sérstaklega af því enda verður það hærra en hjá hinum Norðurlöndunum. Þá er það umhugsunarefni að vaxtabyrði ríkissjóðs verði margfalt meiri en annarra vestrænna ríkja – jafnvel Grikklands – þrátt fyrir að skuldastabbinn sé minni. Það veit ekki á gott ef hagvöxtur reynist lakari en spár gera ráð fyrir.

Eigum við að setta okkur við þessa stöðu? Með trúverðugri áætlun, bæði hvað varðar erlenda lántöku og virkari stuðnings Seðlabankans, ættum við að sjá ríkið geta fjármagnað sig á betri kjörum innanlands. Þegar faraldurinn hófst boðaði bankinn kaup á ríkisbréfum til að tryggja miðlun peningastefnunnar og létta á fjármögnun ríkissjóðs. Það hefur ekki gengið eftir og ávöxtunarkrafa ríkisbréfa er hærri en þegar vaxtalækkunarferlið hófst í ársbyrjun. Margt spilar þar inn í, meðal annars óvissa og áhugaleysi lífeyrissjóða. Enginn er að tala fyrir því að beita lífeyrissjóðina óeðlilegum þrýstingi. Hins vegar er það áhyggjuefni ef sjóðirnir, einkum vegna einokunar á skyldusparnaði landsmanna, ætla að draga verulega úr kaupum á ríkisbréfum á þessum tímum. Um þetta eru Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sammála en í viðtali við Markaðinn í vikunni benti Bjarni réttilega á að vegna „hagsmuna umbjóðenda lífeyrissjóðanna væru skuldir ríkissjóðs álitlegur kostur fyrir þá“.

Við erum lánsöm að hafa fjármálaráðherra sem skilur mikilvægi þessi að skuldasöfnunin sé sjálfbær. Þrýstingurinn á að gera allt fyrir alla er mikill. Það er rétt, eins og ráðherra hefur sagt, að við höfum alla burði til að vaxa úr þeim vanda sem faraldurinn hefur valdið. Ísland er hins vegar nánast eina ríkið sem hefur horft upp á vexti á markaði fara hækkanði síðustu mánuði samtímis versnandi efnahagshorfum. Það er alvarlegt að fylgni okkar við vaxtaþróunina erlendis hafi brostið eins mikið og raun ber vitni. Stjórnvöld geta gert betur.



Með trúverðugri áætlun ættum við að sjá ríkissjóð geta fjármagnað sig á betri kjörum innanlands.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Skák og mät**  
Nú er komin niðurstaða í stóra fæðingarorlofsfrumvarpsmálið á Alþingi. Reyndar var ágreiningurinn um aukaatriði máls, það er hvernig foreldrar áttu að skipta á milli sín litlum hluta orlofsins. Einhverjir vildu að skiptingin væri óhagganleg, aðrir vildu lausari taum. Niðurstaðan varð að hægt er að skipta þessu niður á klukkustundir og fá allir verðandi foreldrar skáklukku að gjöf frá fæðingarorlofsjóði þar sem hvort um sig hefur tiltekinn tíma á klukkunni. Þá þarf bara að muna að ýta á takkann þegar foreldri skákar sér út af heimilinu og fer til vinnu.

**Norður-Norður-Kórea**  
Reykjavíkurborg leitar að nýjum yfirmanni fyrir alla upplýsingafulltrúana sem starfa hjá borginni. Þeir sem þekkja til kalla skrifstofuna iðulega fréttastofu norður-Norður-Kóreu enda er alltaf allt frábært, aldrei neitt fer úrskeiðis og ef eitthvað fer úrskeiðis þá er það einhverjum náttúruvættum eða huldufólki að kenna. Þeir sem sækja um þurfa að leggja sig alla fram við að finna það, enda búið að djassa upp starfstílinn í „teymisstjóra samskiptateymis“ en undirmennirnir „stafrænir leiðtogar“. Er það ný regla að aldrei má segja starfstílinn án þess að fá til baka: „Já ókei. Og hvað í ósköpunum felur það í sér?“

## 15.750

Logi Einarsson  
formaður Samfylkingarinnar

SEM BETUR FER Hafa lífsgæði okkar batnað og lífslíkur fólks hækka með hverju ári. Aldrað fólk heldur heilsunni sífellt betur langt fram eftir aldri og hefur góða möguleika á að lifa innihalds- og viðburðarríkt ævkvöld.

Eitt meginverkefni stjórnvalda er að sjá til þess að hér sé gott að eldast – að allt eldra fólk á Íslandi búi við sómasamleg lífskjör, hafi val um atvinnuþátttöku, fái notið hágæða heilbrigðisþjónustu, geti sótt sér fræðslu, notið innihaldsríkra tómstunda ásamt samvasta með vinum og fjölskyldu. Stærsta og umtalaðasta hagsmunamál eldri borgara er þar af leiðandi sómasamlegar ellilífeyrisgreiðslur.

Sem betur fer hefur stór hluti eldri borgara á Íslandi það gott – en allt of stór hópur hefur það alls ekki. Um 9.000 eldri borgarar búa við fátækt en stór hluti þeirra var áður á örorku, er á leigumarkaði eða einstaklingar sem eiga ekki sterkt bakland.

Stjórnvöld síðustu ára hafa látið undir höfuð leggjast að styrkja stöðu þessa hópa. Ellilífeyrisgreiðslur hafa ekki fylgt launaþróun og eldri borgarar hafa horft á tekjur sínar dragast aftur úr launafólki ár frá ári. Stefna sem leyfir kjörum eldri borgara að dragast aftur úr launaþróun lægstu launa jadarsetur þá. Þeir hafa hvorki samningsrétt né verkfallsrétt og þurfa því að treysta á að Alþingi tryggi þeim mannsæmandi kjör. En samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar breiðkar bilið áfram og það er óþodlegt.

Landsamband Eldri borgara hefur sett fram þá skýlausu kröfu að ellilífeyrir hækki um 15.750 krónur vegna ársins 2021, rétt eins og samið var um í Lífskjarasamningnum. Þingmenn Samfylkingarinnar munu sýna þeirri hófsömu kröfu stuðning í verki á Alþingi með breytingartillögu við fjárlög síðar í dag.

Þingmenn úr öllum flokkum fá þannig tækifæri til að standa með eldri borgarum landsins og bæta stöðu þeirra frá og með 1. janúar.

WWW.JOLAGESTIR.IS

**Jólagestir**  
Björgvins

**HEIMA Í STOFU HJÁ ÞÉR!**

Í BEINI FRÁ BORGARLEIKHÚSINU LAUGARDAGINN 19. DESEMBER

ÖLL MIDASALA Á EINUM STAÐ Á TÍX.IS

Arion banki, Coca-Cola, Vodafone, Siminn, TIX.IS, Sena



# Samstaða, minskar og fleiri fórnarlömb COVID-19

Í DAG



Árni Helgason

Þótt fólk vilji almennt vel þá hefur raunveruleikinn einstakt lag á að stilla okkur upp við vegg, búa til óvæntar uppákomur og erfiða valkosti með skömmum umhugsunarfresti. Kórónaveiran og baráttan við hana hefur verið ágætis dæmi um þetta.

Þótt samstaða hafi einkennt þessa baráttu hingað til er ekki víst að hún muni einkenna lokakafli baráttunnar. Við fengum nasapef af þessu í gær þegar fréttir bárust um tafir á komu bóluefnis til landsins. Þetta eru augljós vonbrigði og skýringarnar að utan heldur fátæklegar. Það sem meira er þá vekur þetta upp alls konar spurningar um hvernig útteiling bóluefnisins mun ganga fyrir sig.

## Takmörkuð gæði

Því má til dæmis velja fyrir sér hvers virði þeir samningar eru sem Ísland hefur gert um bóluefni. Þó þeir séu til staðar og undirritaðir, þá förum við ekki til sýslumanns og tökum árangurslaust fjárnám hjá Pfizer eða Moderna ef samningar verða ekki efndir. Við erum í raun og veru upp á náð og miskunn þessara fyrirtækja komin að fá bóluefnið afhent á tilsettum tíma.

Það hve hratt verður hægt að bólusetja nægjanlega stóran hluta hvernar þjóðar, ná hjarðónæmi og aflétta sóttvarnaaðgerðum mun skipta gríðarlegu máli efnahagslega.

Þar til að lokið verður við að bólusetja heimsbyggðina er þetta í raun útteiling á takmörkuðum gæðum með tilheyrandi álitaefnum. Þegar svona stórir hagsmunir eru í húfi er eitt öruggt, það verður tekist á um þá.

Ymsir gagnrýndu Donald Trump þegar hann sagðist vilja tryggja Bandaríkjamönnum forgang að bóluefni og til staðar eru alþjóðlegar skuldbindingar um dreifingu bóluefnisins um allan heim. Það fer minna fyrir þessari umræðu núna þegar bóluefnið er í auglýsingu. Fram hefur komið að ríkasti hluti heimsins, um 13% jarðarbúa, hafi tryggt sér aðgang að meira en helmingi af öllu væntanlegu bóluefni.

## Tene-sprautan

Þetta er snúið. Við myndum auðvitað helst vilja hjarðónæmi strax, innbyrða bóluefnið með ketókúrnum og panta Tene-ferðina áður en verðin fara að hækka. Að ekki sé talað um mikilvægari mál eins og að koma atvinnulífnum í gang aftur og hressa við andlegt ástand þjóðarinnar. Samt blasir við að staða okkar í samanburði við margar aðrar þjóðir heimsins er mjög góð, við erum rík þjóð sem getur tekist á við þessi áföll.

En það eitt að geta ráðið við erfiðleika breytir því samt ekki að maður vill gjarnan sigrast á þeim. Því má t.d. velja fyrir sér hve vinsæl sú skoðun yrði pólitískt séð að okkur lægi ekkert á að fá bóluefnið til landsins og aðrar verr settari þjóðir ættu að hafa forgang. Sennilega ætti viðkomandi ekki langa framtíð fyrir sér í stjórnmálum. Það eru jú kosningar á næsta ári.

## 17 milljónir minka

Samstaða meðal þjóða heimsins er ekki eina fórnarlamb þessara skrytnu tíma. Á dögum stóðu dönsk stjórnvöld frammi fyrir þeirri stóðu að grunsemdir höfðu vaknað um að kórónaveiran hefði smitast yfir í minka og að mögulegt væri að veiran gæti stökkbreyt,

smitast í menn aftur þannig að bóluefni myndi mögulega ekki virka. Með takmarkaðan tíma og upplýsingar og mikla hættu á að missa tókin á stöðunni var ákveðið í flýti að útrýma öllum minkum landsins, sem voru um 17 milljónir.

Núna hefur komið í ljós að hættan á stökkbreytingu veirunnar hafi sennilega verið ofmetin og ekkert bendir til þess að bóluefnið ætti ekki að ráða við þetta afbrigði veirunnar.

## Á milli steins og sleggju

Danski ráðherrann sem tók þessa ákvörðun vissi hins vegar ekki af því þá. Hann stóð frammi fyrir erfiðri stöðu. Ef áhyggjurnar væru á rökum reistar, þ.e. að smitið gæti stökkbreyt og borist í mannfólk, þá myndi hann alveg örugglega vera ábyrgur. Hans arfleifð yrði þá sú að hafa beðið, hikað og eytt dýrmætum tíma á meðan veiran breiddist út. Hvert dauðsfall yrði sett í samhengi við þetta mál og

ráðherrann sem gat ekki tekið af skarið.

Síðar kom í ljós að ekki var lagaheimild fyrir ákvörðun ráðherrans um útrýmingu minkanna. Það varð aftur til þess að ráðherrann sagði af sér. Maður veltir því fyrir sér hvað danska minknum sjálfum þætti um þetta, þ.e. að í umræðum um útrýmingu hans hefði stóra málið ekki verið útrýmingin sjálf heldur skortur á lagaheimild.

## Lærdómur og hyggjuvit

Þegar fram líða stundir verður eflaust dreginn af öllum þessum álitamálum stór lærdómur. Þangað til þurfum við að treysta okkar eigin hyggjuviti.

Þrátt fyrir allan okkar góða hug höfum við tilhneigingu til að setja okkar hagsmuni í forgang þegar á reynir. Við erum jú hvorki fullkomin né ófullkomin, við erum fyrst og fremst mannleg.

## KitchenAid

# HRÍMHVÍTT JÓLATILBOÐ

ÖLLUM HRÍMHVÍTUM 156 HRÆRIVÉLUM MEÐ GLERSKÁL FYLGIR AUKASKÁL AÐ EIGIN VALI.



## HRÍMHVÍT 156 HRÆRIVÉL OG AUKASKÁL · VERÐ 99.995

Hægt að velja um venjulega stálaskál eða glæsilega skrautskál.



### SKRAUTSKÁLAR Á JÓLATILBOÐI!

Vandaðar keramikskálar í miklu úrvali. Tilvalin leið til þess að breyta til og fríska upp á gömlu hrærivélina, eða sem gjöf fyrir bakarann í fjölskyldunni. Margir litir og myndstærir í boði.

FULLT VERÐ 13.995 | JÓLATILBOÐ **10.995**

BETRA BORGAR SIG

Opíð virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúta 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Björgum tónlistarminjum



Una Margrét Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður



Nú skora ég á tónlistarmenn að berjast fyrir varðveislu hússins og heiti jafnframt á borgaryfirvöld að fella úr gildi ákvörðun um niðurrif Steindórsskálans.

12. desember 1939 mátti sjá í Morgunblaðinu fyrirsögnina „Merkasti tónlistarviðburður á Íslandi: „Sköpunin“ eftir Haydn í Bifreiðaskála Steindórs.“

Hvað var að gerast? Hver var þessi merkasti tónlistarviðburður á Íslandi? Það var verið að flytja óratóriu í fyrsta skipti hér á landi. Páll Ísólffson tónskáld hafði komið heim af norrænu tónlistarmóti fullur af eldmóði. Það voru svo mörg snilldarverk tónlistarsögunnar sem Íslendingar þekktu ekki, hér var engin sínfóníuhljómveit, enginn tónleikasalur og Tónlistarskólinn í Reykjavík aðeins 9 ára gamall. Páll vildi kynna löndum sínum einhverjar af þeim tónlistarperlum sem hann hafði hlýtt á erlendis og hann ákvað að láta flytja hér á vegum Tónlistarfélagins óratóriuna „Sköpunin“ eftir Joseph Haydn.

Óratóriur eru stór verk, til flutnings á þeim þarf fjölmennan kór, hljómveit og einsöngvara. Hvar átti að flytja slíkt verk í landi sem átti engan tónleikasal? Því svarar Páll í viðtali í Morgunblaðinu 12. desember 1939:

„— Hafið þjer heyrð um nýja konsertsalinn okkar, bifreiðaskála Steindórs við Seljaveg, í okkar hópi kallað „Forum Steindórs“. Við höfum nokkurn tíma vítað um þetta ágæta hús, en satt að segja ekki haft kjark til þess að fara fram á það við Steindór Einarsson að hann flytji um hávetur 40—50 bíla, til þess að við getum haldið þar einn hljómleik. En nú kvíðum við engu lengur, Steindór tók okkur opnum örmum og býður okkur húsið endurgjaldslaust fyrir hljómleikana, flytur sjálfur burtu alla bílana í 2—3 daga og skilar öllu þússuðu og finu og upphitudu. Húsið rúmar að minnsta kosti 2000 manns, og eru meðlimir Tónlistarfélagins og aðrir vinir okkar á ferð um allan bæ, alla þessa viku að safna bekkjum og stólum.“

Þannig varð þetta ævintýri að veruleika: fyrsta óratória á Íslandi flutt í stórum bílaskála. Mörgum

áratugum síðar stóðu nokkrir þeirra sem tóku þátt í flutningnum að því að settur var minningar-skjöldur á húsið með upplýsingum um þennan merka tónlistarflutning.

Ástæðan fyrir því að þetta er rífað upp hér er sú að nú stendur til að rífa þetta hús. Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu 16.11. sl. hefur byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar samþykkt niðurrif húsa á reitnum þar sem til stendur að byggja þar há fjölþýlishús.

Ég er forviða að virðing borgaryfirvalda fyrir tónlistarminjum skuli ekki vera meiri en þetta. Steindórsskálinn er eitt af táknum íslenskrar tónlistarsögu, tákni um stórhug tónlistarunnenda sem létu ekki bugast þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Og hvað á nú að gera við minningarskjöldinn? Verður hann kannski einn og sér á tónlistarsafni eftir nokkra áratugi ásamt þeim upplýsingum að því miður sé búið að rífa húsið vegna skammsýni yfirvalda ársins 2020?

Við höfum misst mörg hús úr íslenskrri menningarsögu og er þess skemmst að minnast þegar Fjalakötturinn var rífaður árið 1985, en þar hvarf af sjónarsviðinu dýrgripur úr íslenskrri kvikmynda- og leikhússögu. Ég hélt hins vegar að menn væru nú orðnir viðsýnni og gerðu sér betur grein fyrir gildi menningarminja. Nú skora ég á tónlistarmenn að berjast fyrir varðveislu hússins og heiti jafnframt á borgaryfirvöld að fella úr gildi ákvörðun um niðurrif Steindórsskálans.

# Eldgos í Eyjum og viðbrögð við heimsfaraldri



Guðrún Johnsen efnahagsráðgjafi VR

Í minnum uppvexti var ég oft spurð að því hvort ég hefði fæðst „fyrir eða eftir gos“. Eldgosið á Heimaey í Vestmannaeyjum hinn 23. janúar 1973 markaði svo djúpstæð spor í hugum fólks að það réttlætti nýtt tímatal; „fyrir og eftir gos“. Þeir sem upplifðu þessar hamfarir urðu sannarlega annarrar tegundar en við hin sem fæddumst þar á eftir. Og skyldi engan undra. Gosið í Eyjum er eini atburðurinn á Íslandi í mannaminn- um sem kemst næst því ástandi sem einkennir stríðsátök: Heilt bæjarfélag er vakið upp af værum svefni um miðja nótt, fólk beðið um að taka með sér sínar allra heilögustu eigur, henda sér með börn og gamalmenni út í kuldann og myrkríð til að flyja undan blússandi eldglæringum og sprengingum, fara niður á höfn, raða sér þar í stóra og smáa báta og koma sér upp á land. 400 heimili urðu eldi að bráð eða grófust undir gjósku í gosinu. Fjöldi fólks missti lífsviðurværi sitt og góð laun á meðan gosinu stóð og enn aðrir snéru aldrei aftur til Eyja, nema sem gestir. Útgerðin varð fyrir tímabundnum aflabresti en var komin í full afköst einungis einu ári eftir að gosið hófst (Nakamura, Sigurdsson og Steinsson, 2017), en gifurlegur eignabruni varð og erfitt er að sjá að fullur skaði hafi nokkurn tíma verið Eyjamönnum bættur.

Nú þegar þjóðin tekst á við náttúruhamfarir, þó af öðrum toga séu með tilkomu veirufaraldursins, er okkur nauðsynlegt að draga lærdóm af sambærilegum verkefnum sem við höfum tekist á við, eins og Vestmannaeyjagosið. Aftur er komin upp sú staða að afmarkaður hópur vinnandi fólks missir lífsviðurværi sitt á svipstundu vegna ytri aðstæðna sem ekkert þeirra olli með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyssi. Það fólk á yfir höfði sér að missa heimili sín, þar sem það mun ekki geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sem það tók á sig þegar allt lék í lyndi. Aðrir hafa þurft að flytja sig fyrirvaralaust frá vinnustað og heim til að vinna, undir ólíkum kringum-



Flestir Íslendingar finna lítið sem ekkert fyrir hamförum, fyrir suma er þetta jafnvel búbot á meðan aðrir eiga á hættu að missa allt sem þeir hafa byggt upp sem og lífsviðurværi sitt.

stæðum. Sum börn þurfa að horfa á eftir mæðrum sínum og feðrum ganga til björgunar- og umönnunarstarfa á morgni hverjum, sem stefna lífi sínu og langtímaheilsu í hættu. Önnur börn eiga foreldra sem geta ekki gefið af listsköpun sinni eða þurfa að loka dyrunum að velheppnuðum atvinnurekstri; veitingastöðum, skemmtistöðum, upplifunarpjónustu og ferðamanna- stöðum, með tilheyrandi tekjufalli og hættu á greiðslufalli lána þar sem heimilin eru oft lögð að veði. Enginn veit hvenær hættir að gjósa svo menn geti snúð aftur til starfa með eðlilegum hætti.

Eins og tjóninu af eldgosinu í Eyjum var ójafnt skipt milli landsmanna er því ójafnt skipt í veirugosinu. Flestir Íslendingar finna lítið sem ekkert fyrir hamförum, fyrir suma er þetta jafnvel búbot, á meðan aðrir eiga á hættu að missa allt sem þeir hafa byggt upp sem og lífsviðurværi sitt. Afar skiptar skoðanir eru um það hvort úrræðin hafi verið nægjanleg í Eyjagösinu, en óumdeilt er að þau voru sértæk og að þeim var beint í réttan farveg; til að aðstoða þær fjölskyldur sem misstu allt sitt í náttúruhamförum — enda ein- skorðaðist áfallið við eina byggð og fyrir fram skilgreindan hóp. Engum datt í hug að senda peningaseðla inn á heimili allra landsmanna vegna

gossins eða greiða útgerðarmönnum í Eyjum styrk til að segja fólkinu upp. Viðbrögð stjórnvalda við þeim efnahagslegu hamförum sem á okkur hafa nú dunið hafa ekki verið nógu sértæk og markviss til að geta mætt þörfum heimilanna, sum hafa beinlínis verið röng. Og, eins og VR hefur bent á, hafa heimilin að stórum hluta greitt fyrir þá beinu aðstoð sem þau hafa fengið hingað til, með úttekt eigin séreignarsparnaðar, sem er staðgreiðsluskattskyldur.

VR hefur lagt til sértæka aðgerð til að aðstoða einstaklinga og heimili sem misst hafa lífifbrauð sitt í þessum faraldri eða orðið fyrir miklum tekjumissi, sjá umfjöllun á vefsíðu VR um Stuðningslán til heimilanna. Úrræðið er tímabundið og byggir á þeirri hugsun að samfélagið allt beri byrðarnar af efnahagslegum afleiðingum náttúruhamfara. Þó svo að Covid kunni að hafa margar jákvæðar og óvæntar afleiðingar í för með sér þurfum við að gæta þess að gera ekki sömu mistök og í Eyjagösinu: Að samfélagið láti það viðgangast að sá hópur sem er svo óheppinn að vinna og búa nálægt gosstöðvunum beri einn stóran hluta af kostnaðinum við náttúruhamfarir sem eiga sér stað á okkar landi.

Glyemum því ekki að ferðaþjónustan hefur skapað þjóðarþúinu meiri gjalddeyrstækjur en sjávarútvegurinn undanfarnin ár. Þeir sem í ferðaþjónustu hafa starfað eiga betra skilið frá okkur hinum en að við sitjum að ávinningnum og látum þau svo um að „redda sér“ og passa að bjargráðin komi ekki í veg fyrir að þau „taki á sínum málum“, eins og ónefndur áhrifamaður orðaði það þegar ræddar voru tilögur um björgunaraðgerðir í þessu gosi. Sagan kennir okkur margt og það getur verið dýrkeypt að hunsa hennar lærdóm — lífsvo margra er nú í uppnámi.

# Glappaskot Félags íslenskra bókaútgefenda



Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur

þá flestir á bókakaup til eignar eða gjafa. Jólin eru stærsti „bókamarkaður“ þjóðarinnar, sem kunnugt er. Fyrir mig hafa Bókatiðindin verið gleðigjafi á dimmasta tíma ársins, sem mætti vel kalla „litlu jólin“. Varla get ég hugsað mér betri jólagjöf. Snemma í nóvember frétti ég að þau væru komin í hús á höfuðborgarsvæðinu, og stuttu síðar á Akureyri. Auk þess voru þau á netinu. Þá getur ekki liðið á löngu áður en þau koma í Egilsstaði, hugsaði ég, og spennan magnaðist dag frá degi. Svo liðu vikur án þess að þau kæmu í póstkassann. Þetta gat ekki verið einleikið.

Loks kom að því að ég leitaði skýringa í pósthúsinu, og frétti þá að Íslandspóstur sæi nú ekki um dreifingu Bókatiðinda, en okkur dreifbýlisfólki væri gefinn kostur á að sækja þau á bensinstöð N1, þar væru þau stundum til en stundum ekki. Þótt kominn sé á níræðisaldur var ég tindilfættur þangað, og hafði heppnina með mér. Þá rámaði mig í að hafa heyrt það auglýst í útvarpi



Dreifing Bókatiðinda 2020 er mislukkuð.

ad N1 afgreiddi þau, en ég hélt að það væri bara aukalega.

Nú blasti skýringin við, á bls. 2 í Bókatiðindum stendur: Dreifing: Póstdreifing og N1. Við eftirgrennslan á Netinu kom í ljós að „Póstdreifing“ er fyrirtæki, sem ber út Fréttablaðið, Moggann og sitthvað fleira á Reykjavíkarsvæði og Akureyri, en ekki annars staðar. Það sama hlaut þá að gilda um Bókatiðindin. Ég varð að bita í það súra epli, að vera annars flokks borgari þessa lands, að áliti stjórnar Félags íslenskra bókaútgefenda, ekki þess verður að fá bókaskrána. Þann-

ig var landsbyggðarfólki hróplega mismunað af bókaútgefendum, því að N1 „dreifir“ engu, og hefur aldrei gert. Það er bensinstöð, víðast með sjálfsala, aðeins með þjónustu á fæinnum stöðum utan höfuðborgarsvæðis. Þó að margir eigi leið þangað eru það fyrst og fremst bíleigendur. Gamalt fólk kemur þar sjaldan, allra síst nú í „Kóvitinu“, einmitt það fólk sem mest kaupir af bókum, og margir vita ekki að Bókatiðindin faist þar. Bókabúðir eru orðnar mjög fáar í dreifbýlinu, til dæmis er engin hér austanlands, því erum við háðari Bókatiðindum en þéttbýlingar með bókakaup.

Ég sendi Félagi íslenskra bókaútgefenda tölvupóst og bað um skýringar á þessari mismunun. Svarið var eintak af Bókatiðindum sent með Íslandspósti!

Ég hef reynt að vekja athygli bláða- og fréttamanna í mínu umhverfi á þessu makalaus misrétti, sem fjórðungur þjóðarinnar verður að búa við, en hlotið misjafnar undirtektir. Það er eins og

margir sætti sig við að dreifbýli sitji ekki við sama borð og stærsta þéttbýli landsins, enda svo sem ekki óvanalegt. Sjálfum finnst mér þetta eitt mesta kjaftshögg sem ég hef orðið fyrir á ævinni.

Furðulegt er að útgáfufyrirtæki á „landsbyggðinni“ sem eiga bækur í Bókatiðindum, skuli sætta sig við þetta, því þeirra markaðssvæði eru að miklu leyti utan þéttbýlis. Í þeirra sporum myndi ég neita að borga uppsett birtingargjald. Dreifing Bókatiðinda 2020 er mislukkuð.

Ég hef kynnst mörgum bókaútgefendum, reynt þá að góðu einu, og átt við suma þeirra farsælt samstarf. Í síðustu lög mun ég trúá því að þeir séu allir sáttir við þá „dreifingaraðferð“ Félags íslenskra bókaútgefenda, sem hér var lýst.

Það er einlæg von mín að þeir gripi í taumana og fái stjórn félagsins til að snúa af villu síns vegar, og taka aftur upp almenna dreifingu á þessari jólagjöf, jafnvel þó að það kosti eitthvað meira. Í þeirri von hlakka ég til jólna 2021.

# YRSA Í GÓÐUM GÍR!



Yrsa Sigurðardóttir  
Höfundur



„Andrúmsloftinu má líkja við gos í hver. Fyrst er allt rólegt á yfirborðinu, svo mallar það, kraumar, síðan er allt á suðupunkti áður en allar varnir springa svo ekkert verður við ráðið.“

**Bráðin** veldur andvökunóttum.

Sagan er spennandi og uppbygging góð, aðstæður eru ógnvekjandi á stundum og valda hugarangri“

Steinþór Guðbjartsson,  
Morgunblaðinu

„Allir sögupræðirnir eru æsispennandi, ríghalda og lesandinn er skilinn eftir með allar taugar þandar og óbragð í munni. Spennu- og draugasaga sem rígheldur og erfitt er að leggja frá sér.“


Brynhildur Björnsdóttir,  
Fréttablaðinu

„Mér finnst henni takast rosalega vel að búa til þennan óhugnað og hrylling án þess að fara of langt.“

Sunna Dís Másdóttir, Kiljunnir

„Mér finnst Yrsa vera í stuði í ár ... hún er í góðum gír í þessari bók. Góð Yrsa.“

Sverrir Norland, Kiljunnir



Bráðin  
Verð: 4.499.-



## FRÍ HEIMSENDING\*

EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.  
EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum.  
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.  
\*á ekki við um húsgögn.



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

\*Frí heimsending á ekki við um húsgögn eða pantanir fyrirtækja. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir til og með 18. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



15% afsláttur

Brabantia

# ORMSSON hringir inn jólin



Tefal

15% afsláttur

til í 24 cm, 26 cm, 28 cm & 30 cm



De Buyer

15% afsláttur

til í 16 cm, 18 cm & 20 cm

til í 20 cm, 24 cm & 28 cm



til 9 L, 11 L, 13,5 L, 16 L og 19 L

Beka Allinox



15% afsláttur

AEG Electrolux



Rakvélar fyrir dömur og herra, hárklippur og önnur hársnyrtækni

15% afsláttur

Braun



25% afsláttur

Pioneer



Verð frá 99.900 kr

Nivona



Handhæg gufusléttun á skyrtur, blússur, buxur o.fl.

Steam One



Vefverslun **ORMSSON.IS**  
opin alla daga, allan sólarhringinn!



Opnunartímar  
18.12 frá 10-19  
Laugardaginn 19.12 kl. 11-16  
Sunnudaginn 20.12 kl. 13-17

**ORMSSON**  
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á  
**ORMSSON.IS**



\*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRDI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRDI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	---	--	------------------------------------

# SAMSUNG GÆÐI OG FRÁBÆR VERÐ



QLED Q90T 75" verð áður kr. 699.900,-

**TILBOÐ KR. 649.900,-**



QLED Q90T 65" verð áður kr. 479.900,-

**TILBOÐ KR. 399.900,-**



QLED Q74 65"

**KR. 254.900,-**



QLED Q95T 65"

**KR. 449.900,-**



QLED Q90T 55" verð áður kr. 369.900,-

**TILBOÐ KR. 319.900,-**



THE FRAME 55"

**KR. 259.900,-**

## BANG & OLUFSEN



### NOSTALGÍA

vinsælt hjá 20 - 40 ára einstaklingum



Verð 11.490 kr

Nintendo leikjatalva



Nintendo Switch Leikir & aukahlutir

### NÝ SENDING

ein vinsælasta leikjatólva í heimi



2 lítir fánlegir

Nintendo Switch

# SAMSUNG

## BYLTING Í ÞVOTTATÆKJUM



**KR. 139.900,-**

ÞVOTTAVÉL 9 KG 1600 S Q Bubble & Eco Bubble með gufukerfi. Íslenskt stjórnborð.



**KR. 129.900,-**

ÞURRKARI 8 KG með rakaskynjara. Orkunýting A+++. Diamond tromla & 11 þurrkerfi



**KR. 109.900,-**

ÞVOTTAVÉL 7 KG & ÞURRKARI 5 KG með ecobubble, AddWash & Diamond tromla

**SAMBYGGÐ VÉL**  
Þvottavél & þurrkari í einni vél!



**KR. 119.900,-**

UPPÞVOTTAVÉL tekur 14 manna stell og 8 þvottakerfi. Sjálfvirk opnun eftir þvott. Orkunýtni A+++ og hljóðlát 42db.



**KR. 89.900,-**

UPPÞVOTTAVÉL tekur 14 manna stell og 7 þvottakerfi. Orkunýtni A++ og hljóðlát 44db.



15% afsláttur

Levenhuk



15% afsláttur

Klipsch

## Hreyfiafl smáþjóða



Auður Guðjónsdóttir stjórnarfor- maður Mænu- skaðastofnunar Íslands



Til að gera langa sögu stutta er nú svo komið að alþjóða- samfélagið hefur tekið við sér.

Ekki er ég viss um að allir þeir 26 þúsund Íslendingar sem undirrituðu bréfið 2015 til Ban Ki moon þáverandi aðalritara Sam- einuðu þjóðanna (SB) viti hve miklu góðu undirskriftir þeirra hafa komið til leiðar. Í bréfinu var farið þess á leit að eitt af þeim þróunarmarkmiðum sem stofnunin setti til ársins 2030 myndi ganga út á að auka skilning læknisvísindanna á taugakerfinu. Það gekk ekki. Í staðinn beitti utan- ríkisþjónusta Íslands sér fyrir því af alefli að taugakerfið kæmist inn í stefnuýfirlýsingu SP til ársins 2030 sem fjallaði meðal annars um á hvaða ósmittbærum sjúkdómum skildi tekið sérstaklega á tímabilinu. Það gekk. Í kjölfarið vakti Guðlaug- ur Þór Þórðarson utanríkisráðherra athygli á málinu ár eftir ár í ræðum sínum á Allsherjarþingum SP, ræddi við fólk þar innandyra um málið og skrifaði bréf. Í tímans fyllingu ræddi hann við Tetros framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO sem varð til þess að ýta málinu yfir hjallann.

Til að gera langa sögu stutta er nú svo komið að alþjóðasamfélagið hefur tekið við sér og samþykkti meðal annars á fundi hjá WHO í nóvember síðastliðnum að taka lækningu á lömun föstum tókum og nýta til þess öll möguleg úrræði. Næsta ár mun svo verða unnið að því hjá WHO að skoða og skipu- leggja hvernig hrinda skal í fram- kvæmd þessu verkefni og öðrum sem samþykkt voru á nóvember- fundinum. Utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands í Genf og sérstakur erindreki Íslands um mænuskaða og taugakerfið hjá WHO munu halda á spöðunum fyrir Ísland hönd í þeirri vinnu sem endranær.

Stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands [www.isci.is](http://www.isci.is) þakkar þeim tugum þúsunda Íslendinga sem stutt hafa framtak þetta í gegnum árin með ráðum og dáð og sýnt með því að smáþjóðir geta hreyft heim- inn hafi þær góð mál fram að færa.

## Áramótastuldur – Frakkar rændir nýárinu



Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur

Ekki veit ég hvort það er kof- þreyttum íslenskum löndum mínum huggun, en samanburðar- reynsla okkar hjóna af kófi á Íslandi og í Frans er mjög Íslandi í hag. Við flúðum kófið í Frans í aprílbyrjun, við illan leik og stórfelld fjárútlát, en höfum sjaldan annan eins himin höndum tekið og að komast heim. Og horfðum stóreyg á kvartandi kóffólk á Íslandi.

Þá var ástandið þannig í Frakk- landi að járnbrautarlestum hafði verið umbreytt í farartæki fyrir dauðveika, sem var rennt þangað sem spítalapláss var. Byrlur og flug- vélar fluttu dauðveika til Þýska- lands. Bæjarstjórinn í nágrennabæ var fluttur til Bonn í Þýskalandi og lést þar.

Þau stórmerki eru nú uppi í þýska kófinu að kanslarinn magn- aði, hún Angela Merkel, reynir að höfða til þjóðar sinnar með tilfinn- ingarökum. Að þetta gætu orðið síðustu jól með afa og ömmu, og hversu slæmt væri ef kenna mætti sjálfum sér um. Þýskur dálkahöf- undur var ekki ánægður með þá frammistöðu og sagði að kanslar- inn ætti að vera eikartré en ekki grátandi víður.

En franskir ráðamenn halda sig við rökfræðina. Reglurnar ströngu hafa dugað þó það að kófstandið er skárra hér en víðast í Evrópu – þótt ekki hafi tekist að ná smiti niður nógu hratt til þess að opna söfnin og önnur gösen – og ekki nógu mikið til þess að hægt sé að hoppa og hía gegnum áramótin.

Hvað það síðasta varðar erum við hjónin sultuslök. Við höfum í gegnum árin oftast en ekki búid við geggjáasta nýársfirverkeri á byggðu bóli af hótelsvölunum í Funchal, Madeira. Kannski maður gripi til vídeóverkanna sem þá urðu til, og komu jafnvel í veg fyrir að hægt væri að njóta raunveru- leikans í rauntíma á flóanum fyrir framan okkur!

En satt er það, orðið distópía skriður nú að manni á þó nokkrum hraða. Áramótum útrýmt í áramótalandinu sjálfu. Það kostar þó nokkra fyrirhöfn fyrir einn sveim- ulan mannhuga að muna: hækk- andi sól, já, með bóluefni!

## Erum við öll á sama báti? Um kófið og hinar misjöfnu afleiðingar



Rúnar Vilhjálmsson prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands



Þegar kemur að heilsufars- legum afleiðingum smitsins er staða eldra fólksins verri en hinna yngri og sömuleiðis þeirra sem hafa undirliggjandi sjúkdóma, glíma við offitu, eða stunda reykingar.

Því er gjarnan haldið fram í yfirstandandi kófi að „við séum öll í þessu saman“ og „séum öll á sama báti“. Það er nokkuð villandi. Almenn er heilsufari og áhættuþáttum misskipt í sam- félögum. Þannig er Íslendingum mishætt við sjúkdómum og dauða eftir kynferði, starfsstétt, menntun og tekjum. Almenn er dauðsföll tíðari meðal eldra fólks, karla, fólks í lægri starfsstéttum, og þeirra sem hafa minnsta menntun og tekjur. Þetta sýna mínar rannsóknir og annara.

Og kófið kemur einnig misjafn- lega niður. Þeir sem búa á mann- mörgum heimilum, eða í hverfum með mikilli íbúabéttu, þeir sem eru virkir í fjölbreyttu félagslífi, og eins þeir sem þurfa að umgangast marga ólíka einstaklinga í vinnu sinni, svo sem í ýmsum afgreiðslu- og þjónustustörfum og umönn- unarstörfum, er hættara við kófsmiti. Þegar kemur að heilsu- farslegum afleiðingum smitsins er staða eldra fólksins verri en hinna yngri og sömuleiðis þeirra sem hafa undirliggjandi sjúkdóma, glíma við offitu, eða stunda reykingar. Þegar kemur að efnahagslegum afleið- ingum sóttvarna sitja menn heldur ekki við sama borð. Atvinnuleysi í kjölfar kófsins er mjög mikið í sumum atvinnugreinum, einkum hótél og veitingarekstri og annarri ferðaþjónustu, en mjög lítið eða alls ekkert í öðrum greinum. Þá verða þeir verr úti efnahagslega sem höfuð fyrir lægri efnahagslega stöðu og bjuggu við meira atvinnuóryggi. Og hér er alvara á ferðum því lang- vinnt atvinnuleysi og fátækt hefur fjölþættar neikvæðar félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar sem eru afar kostnaðarsamar fyrir einstak- lingo og samfélag. Við erum sem sagt ekki alveg öll á sama báti.

En kófið kemur einnig misjafn- lega niður eftir samfélagsgerð og

menningu. Þetta eru fræðimenn farnir að skoða nánar. Tíðni smita og dauðsfalla bæði upp og aftur niður, er misjöfn frá einu sam- félagi til annars. Svo virðist sem tíðnin hækki meira, og gangi tregar niður, í samfélögum á háu stigi fjöl- menningar, og er þá bæði átt við fjölmenningu sem hefur verið við- varandi innan samfélags og fjöl- menningu sem hefur skapast vegna mikilla fólksflutninga milli landa. Þetta mætti hugsanlega skýra með ólíku gildismati og viðmiðum í fjöl- menningarsamfélaginu og hindr- unum við að meðtaka og miðla heilsufarsupplýsingum. Þá getur útbreiðsla smita orðið örari eftir því sem samfélög reiða sig meira á almenningssamgöngur. Þar kemur tvennt til. Í almenningssamgöngum safnast ólíkir einstaklingar saman í takmörkuðu rými og smitupp- sprettur og smitleiðir ýmsar. Ef smit kemur upp er smitakning afar erfið eða jafnvel útilokuð, því ein- staklingar sem báru smitið til ann- ara farþega eru jafnan óþekktir og horfnir á braut í hinu stöðuga gegn- umstreymi farþega. Pólitísk men- ning samfélaga skiptir einnig máli. Þar sem sjónarmið frjálshyggju og frjálslýndis eru ríkjandi í pólitískri menningu og af hálfu stjórnvalda er lögð meiri áhersla á frelsi ein- staklinga til athafna og takmörkuð afskipti hins opinbera. Þetta hefur valdið tregðu stjórnvalda að gripa til sóttvarnaraðgerða sem hamla

myndu atvinnustarfsemi og öðrum athöfnum og samskiptum borgar- anna. Niðurstaða slíkrar tregðu er jafnan aukin tíðni kófsmita. Síðast en ekki sist skiptir heilbrigðiskerfi samfélagsins máli. Í samfélögum þar sem aðgengi að heilbrigðis- þjónustu er almennt gott er auð- veldara að fyrirbyggja og bregðast við afleiðingum kófsmita. Þetta skiptir ekki sist máli fyrir þá sem hættast er við neikvæðum afleið- ingum, sem oft eru meðal hinna lægra settu innan samfélagsins. Í þessu sambandi skiptir einnig máli hvernig heilbrigðiskerfið er skipu- lagt. Ef hið opinbera ber takmark- aða ábyrgð í heilbrigðisþjónustunni er erfiðara fyrir stjórnvöld að bregð- ast við hvers kyns lýðheilsuvanda gegnum heilbrigðiskerfið. Og eftir því sem rekstrarform eru ólíkari og rekstraraðilar fleiri getur vandinn orðið meiri að samhæfa og viðhalda aðgerðum sem mikilvægur eru til að bregðast við vandanum. Raunar hefur mikilvægi opinberrar ábyrgð- ar í heilbrigðismálum sjaldan verið augljósari en í yfirstandandi kófi.

Kófið hefur þó ekki bara haft neikvæðar afleiðingar. Umhverfið hefur notið góðs af því, a.m.k. í bili, með minni losun gróðurhúsa- lofttegunda. Önnur loftmengun er einnig minni. Í heild virðist hafa dregið úr ofbeldi í samfélag- inu, þó vísbendingar séu um að í einum undirflokki ofbeldis, þ.e. heimilisofbeldi, hafi orðið nokkur aukning. Þá hefur dregið úr ýmsum öðrum smitsjúkdómum en þeim sem kófið veldur, og slysatíðni og slysaðauði hefur minnkað í sam- félaginu, einkum í sambandi við umferðina. Loks höfum við kynnst betur kostum rafrænna samskipta sem geta að ýmsu leyti komið í stað augliti-til-auglitis samskipta og verið hagkvæm og vistvæn, þó þau komi ekki í stað þess að hittast til að vera og gera hlutina saman.

Mikilvægt er að stjórnvöld, stofn- anir, fyrirtæki og einstaklingar dragi rétta lærdóma af kófinu og afleiðingum þess, nýti betur þá kosti sem komið hafa í ljós, en umfram allt leiti leiða til að draga sem mest úr hinum neikvæðu afleiðingum sem orðið hafa á skýr- ari. Þannig getur við komið sterkari út sem einstaklingar og samfélag.

## Félagslegar framfarir á óvissutímum



Rósbjörg Jónsdóttir fulltrúi SPI á Íslandi



Með frumkvæði sínu hafa Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg lagt grunninn að samræmdum vegvísu sem nýst getur öllum sveitarfélögum í landinu.

Samfélög um allan heim hafa verið óþyrmilega minnt á hverfuleika aðstæðna í kjöl- far Covid-19 heimsfaraldursins. Þá hefur okkur einnig lært hversu miklu máli skiptir að byggja aðgerð- ir okkar á staðreyndum og áreiðan- legum upplýsingum. Á sama tíma verður okkur ljóst mikilvægi þess að standa vörð um grunnþarfir fólksins í samfélaginu, ekki sist þegar ytri áföll ríða yfir.

Framfaravog sveitarfélaga, eða Framfaravogin 2020 var gefin út í þriðja sinn nú í lok nóvember. Fram- faravogin kemur að góðu gagni og hjálpar til við að segja okkur hvernig okkur hefur tekist til við félags- legar framfarir. Framfaravogin er stjórntæki sem byggir einungis á félagslegum og umhverfislegum þáttum og litur ekki til efnahags- legra mælikvarða. Hún nýtist vel við forgangsroðun og slíkt er mikil- vægt ekki sist nú á tímum þegar

fjárhag sveitarfélaga er þröngur stakur sniðinn vegna neikvæðra áhrifa Covid-19 faraldursins og afleiðinga hans á tekjur þeirra.

Sveitarfélagin Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg hafa staðið að baki þróun þessa heildstæða vegvísu sem end- urspeglar vel áherslur stjórnenda þessara samfélaga. Þar eru lagðar áherslur á að fylgja eftir félagslegum framförum í bæjarfélögum sem eru einmitt undirstöður mannlífs og viðskipta.

Niðurstöður Framfaravogarinnar 2020 endurspeglar framfarir sveitar- félaganna þriggja þar sem valdir hafa verið gaumgæfilega 55 vísar. Allir þessir vísar sýna með einum

eða öðrum hætti framfarir þessara bæjarfélaga og eru fáanlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu.

Helstu áskoranir þessarar úttekta likt og fyrri ár, var að finna samanburðarhæf gögn sem snúa að umhverfisgæðum, vatni og hreinlæti og upplýsingum sem endurspeglar liðan íbúa af erlendu bergi brotnu. Allt eru þetta mikil- vægir málaflokkar, tilheyra mála- flokkum sem tilheyra sjálfbærum samfélögum, heilsusamlegum samfélögum, og að enginn verði skilinn eftir. Hér er mjög mikilvægt að samanburðarhæf viðmið verði lögð fram, t.d. er ekki neins staðar hægt að fá gögn sem snúa að gæði neysluvatns á Íslandi!

Sveitarfélagin þrjú koma ágæt- lega út úr þessum úttekstum og ljóst að framfarir eiga sér stað eins og fram kemur í skýrslu úttekta innar sem hægt er rýna á [socialprogr- ess.is](http://socialprogr- ess.is).

Með frumkvæði sínu hafa Kópa- vogur, Reykjanesbær og Sveitar- félagið Árborg lagt grunninn að samræmdum vegvísu sem nýst getur öllum sveitarfélögum í landinu. Verkefnið er mikilvægur grunnur til að byggja á ekki, sist til að samræma gagnaöflun og gagnaframsetningu öllum sveitarfélögum landsins til hagsbóta.

# WELCOME

FÖSTUDAGUR 18. DESEMBER 2020

Íslenskt láttu það ganga

**Verða þetta þín lukkujól?**

Jólamíðinn er kominn á sölustaði um allt land.

**HAPPA PRENNAN**  
Stemningu og skatt!

**ENZYMEDICA®**

**Gleðilega meltingu!**

Non GMO ENZYMEDICA® The Enzyme Experts  
**Digest Gold** with ATPro  
Most Advanced Enzyme Formula  
- Optimal digestive support  
- America's 1st selling digestive enzyme!  
45 capsules  
Dietary Supplement Vegan & Kosher



Bergþór Ólafsson og Óskar Jakobsson í Sportval taka vel á móti viðskiptavinum. Þeir segja skiði aldrei hafa verið vinsælli en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dótabúð útivistarmannsins

Sportval er alhliða íþróttá- og útivistarverslun sem sérhæfir sig í skíða-, fjallgöngu-, hjólríða- og hlaupavörum. Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytt og vandað vöruúrval frá virtustu framleiðendum heims. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Sportval er tveggja ára fyrirtæki en við opnuðum 7. desember 2018 sem skídagönguverslun og höfum dálítið þróast út frá því. Okkar helsta áhersla hefur verið þjónusta við skídagönguviðkendum en núna í dag erum við orðin meiri alhliða útivistarverslun,“ segir Óskar Jakobsson, annar eigenda Sportvals.

„Við erum með mikið úrval af útivistarfatnaði og öllu sem tengist göngu og gleði á fjöllum. Við höfum líka verið með hlaupatengdar vörur yfir sumartímann og núna í sumar bættum við við okkur hjólréiðafatnaði.“

## Vönduð vörumerki

Um þessar mundir eru það skíðin sem ráða ríkjum. „Við bjóðum upp á mikið úrval af gönguskiðum og utanbrautarskiðum. Við erum með Ásnes sem er eitt vinsælasta merkið í utanbrautarskiðum á Íslandi í dag. Það er norskt merki sem hefur verið starfrækt í rúm 90 ár,“ segir Óskar.

„Það er gaman að segja frá því að skíðin þeirra eru hönnuð í samráði við og heita eftir þekktum pólförum. Það er hálf tölulíka á hvoru skíði og svo þegar þú setur þau saman ertu kominn með heilt andlit og sérd því andlitinu á þeim sem hann aði skíðin. Þar má til dæmis nefna Liv-fjallaskíðin, kvenskiði sem eru hönnuð af konum fyrir konur, og eru kennd við Liv Arnesen en hún var fyrsta konan til þess að ganga á skíðum yfir suðurpólinn. Karla-skiðið eru svo hönnuð af körlum og heita eftir þeim, eins og Amundsen og Gamme,“ útskýrir Óskar.

„Við erum einnig með finnska vörumerkið Peltonen sem er búið að vera við lýði í 60-70 ár en Finnar eru náttúrulega frægir fyrir gönguskiði og gríðarleg gæði. Svo erum við með fleiri merki eins og Craft Sportswear, Bliz gleraugu og auðvitað Lillispport vettlingana sem eru sérhannaðir keppnisvettlingar,“ segir Óskar. „Þá erum við líka með eitt af flottustu merkjum í gönguskóm, Garmont, en það er ítalskt vörumerki sem leiðsögumenn í Ölpunum mæla með. Síðan erum við líka með Brooks hlaupaskó og göngustafi frá Fizan svo eitthvað sé nefnt.“

## Vakning meðal landsmanna

Að sögn Óskars hafa gönguskiði aldrei verið eins vinsæl og nú. „Það er búin að vera gríðarleg aukning eftir að COVID skall á, fólk virðist vera að vakna til lífsins og átta sig á því að það er til eitthvað meira og annað skemmtilegt en að fara til útlanda, eins og að fara á hálendi Íslands. Þetta eru þannig skíði að þú getur bara sett skinn undir, labbað á fjöll og svo rennirðu þér niður.“


Óskar segir gaman að fylgjast með þróuninni en hann hefur stundað skídagöngu frá því að hann var lítill drengur auk þess sem hann hefur þjálfað um árabil.

„Sem skídagöngumaður frá æsku á Ísafirði þá er búið að vera alveg hreint stórkostlegt að fylgjast með því hvað íþróttin hefur stækkað mikið á undanföllum árum. Í gamla daga voru þetta örfáir sem voru á Ísafirði, Siglufirði og Akureyri en í dag er þessi íþrótt stunduð úti um allt land. Þetta er orðin almenningsíþrótt, við sjáum þessa miklu fjölgun í utanbrautar- og brautarskiðum, það liggur við að þetta sé að tvöfalda sig á milli ára.“

Hann segir söluhana hafa farið fram úr öllum vonum. „Þeir hjá Ásnes segjast hvergi hafa séð eins mikla sölu per capita og á Íslandi. Þeir eru alveg undrandi á þessari gríðarlegu sölu og reiknuðu engan veginn með að það væri hægt að selja svona mörg utanbrautarskiði. Við erum búin að selja eins mörg



Sportval hefur verið kallað eitt best geymda leyndarmálið en þar er að finna einstakt úrval af vönduðum útivistarvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sportval býður upp á mikið úrval af skóm frá ítalska merkinu Garmont.

skíði núna og allan síðasta vetur. Fótanuddtækin voru vinsæl ein jóln, núna eru það utanbrautarskiði,“ segir Óskar og brosir.

## Konur duglegri að hreyfa sig

„Það er okkar von og trú að þetta muni aukast og heilsa landsmanna fari batnandi með tímanum. Það mætti segja að þótt að þetta sé íþróttaverslun þá séum við í raun lífsstílsverslun, það eru margir sem velja sér þennan lífsstíl,“ útskýrir Óskar.

„Þessi vakning er líka tengd Landvættum en hingað koma margir hópar, sérstaklega kvennahópar, sem hafa verið að fara á staði eins og Ísafjörð og annað með því markmiði að taka þátt í Fossavatnsgöngunni á vorin. Sem skíðaþjálfari í nokkur ár get ég sagt að konur eru yfirleitt í 75% á móti 25% karlmönnum. Konur eru einfaldlega duglegri að hreyfa sig.“

Þá er algengt að viðskiptavinir séu í leit að einhverju sem fjölskyldan geti stundað saman og þannig átt fleiri gæðastundir. „Hingað koma hjón og jafnvel heilu fjölskyldurnar. Sumir eru kannski á leiðinni í sumarbústað, út á land eða bara í Heiðmörk og vilja geta haft þennan valkost. Krakkarnir vilja oft gera eitthvað annað en að ganga en þau hiklaust vilja fara á gönguskiði og þetta er tilvalið tækifæri til að byggja krakkana upp í að vera framfaridökendur. Það er frábært hvað þessi íþrótt hefur sameinað margar fjölskyldur.“

## Breytilegt eftir árstíðum

Sportval er einnig með mikið

“Fólk virðist vera að vakna til lífsins og átta sig á því að það er til eitthvað meira og annað skemmtilegt en að fara bara til útlanda, eins og að fara á hálendi Íslands.

úrval af vörum fyrir hlaupa- og hjólaréiðafólk. „Við erum líka með mikið af fatnaði fyrir hjólréiðafólk, hvort sem þú ert í venjulegum eða fjallahjólréiðum. Svo bjóðum við upp á að sérmerkja fatnað fyrir hlaupa-, skíða- og hjólréiðahópa. Skíðin eru dálítið ráðandi frá nóvember og fram í apríl en svo tekur annað við, þá koma gönguhóparnir. Það mætti segja að með vorinu breytist okkar sérstaða yfir í að þjónusta þessa hópa,“ skýrir Óskar frá.

„Almenningur flytur sig á milli íþróttagreina eftir árstíðum. Margir eru í golfi á sumrin og á skíðum á veturna. Menn eru á fjallaskíðum langt fram eftir sumri og eru til dæmis að fara á Snæfellsjökul eða Tröllaskaga í lok maí eða taka jafnvel ferðir frá Ísafjörðar-djúpi og yfir á Jökulfirði, labba þar upp á fjöll og renna sér svo niður hinum megin og þar er tekið á móti þeim. Þetta tímabil er að lengjast, frá fyrsta snjó sem fellur að hausti fram í lok maí, jafnvel fram í júní.“

## Mikilvægt að gefa sér tíma

Hjá Sportval er lögð áhersla á vandaða þjónustu og sanngjarnt



Hér má sjá skíðin frá Ásnes en þau eru skreytt andlitum þekktra pólfara sem komu að hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

verð. „Þegar þú kemur hingað til okkar geturðu verið öruggur um að fá þá þjónustu sem þú vilt og þarft. Eins og með gönguskiðin, þá erum með akveðið ferli, þar sem við skoðum atriði á borð við hæð, þyngd og í hvað viðkomandi ætlar að nota skíðin, til þess að tryggja það að viðskiptavinir okkar fái nákvæmlega réttu skíðin.

Vegna COVID geta viðskiptavinir pantað sér tíma utan opnunartíma þar sem hægt er að koma í máttum og mælingar. Þú þarft að hafa smá frið þegar þú ert að kaupa skíði, ef þú kaupir skíði á fimm mínútum þá ertu sennilega ekki að fara að fá réttu skíðin. Það þarf að fara í gegnum nokkur atriði og gefa sér tíma til að skoða skíði og annan búnað svo allir séu sáttir,“ segir hann.

„Við leggjum líka áherslu á eigin innflutning, með enga milliliði eða heildverslanir en þannig teljum við að við getum náð sem bestu verði fyrir okkar viðskiptavinum og verið samkeppnishæfir á markaðinum.“

## Best geymda leyndarmálið

Það er margt skemmtilegt fram undan. „Í byrjun næsta árs verðum

við komin með fleiri flott umboð í útivistarfatnaði, utanvegahlaupaskóm og öðru, þetta er allt í bígerð. Við höfum verið á Selásbraut 98 í Árbænum frá upphafi en núna erum við að sprengja utan af okkur húsnæðið, það er búið að vera alveg brjáláð að gera,“ segir Óskar.

„Það er líka gaman að segja frá því að við erum með Facebook-leik þar sem við drögum út tvö utanbrautarskiði. Það geta allir geta tekið þátt og sigurvergar verða tilkynntir 13. desember þannig að um að gefa að taka þátt.“

Óskar hvetur þau sem eru í leit að hinni fullkomnu jólagjöf að gera sér ferð í Sportval. „Við erum með skemmtilega dótíð í jólapakkann, enda mætti segja að við séum dótubúð útivistarmannsins, 365 daga á ári. Við höfum stundum verið kölluð eitt best geymda leyndarmálið því það eru ótrúlega margir sem koma inn og höfðu ekki hugmynd um búðina. Við höfum ekki verið að markaðssetja okkur mikið en hægt og rólega spyrst þetta út og það eru alltaf fleiri sem eru að koma og allir sem koma hingað koma aftur. Þannig að við hljótum að vera að gera eitthvað rétt.“





**CINTAMANI**

we know the feeling

AUSTURHRAUN 3 | CINTAMANI.IS

OPIÐ TIL 20:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

# Útivistin gefur mér orku

Sigrún Gréta Helgadóttir fasteignasali er engin venjuleg kona. Hún stundar útivist af miklu kappi og lætur ekki veður eða myrkur stoppa sig.



Sigrún Gréta er ekkert venjuleg kona. Hún kemur að margvíslegu sporti utandyra og lætur ekkert stöðva sig.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Sigrún Gréta er alin upp við hreyfingu og útivist. Hún var á sinum tíma öflugur liðsmaður KR í fótbolta. Faðir hennar, Helgi Sigurðsson, var afreksmaður í sundi. „Ég finn mig vel úti í náttúrunni og það er ekkert eitt sport sem er vinsælla en annað. Ég hleyp mikið, sérstaklega utanvegjar, fer á fjallaskiði, gönguskiði, fótbolta, fjallgöngur, hjólreiðar, fjallahjólreiðar, skotveiði og sjósund svo eitthvað sé nefnt. Ég er alæta á allt sem tengist útivist og nýt þess að fara með góðu fólki, svo sem fjölskyldu og þeim sem ég hef kynnst í útivistinni. Það er mjög gefandi að anda að sér útiloftinu og er ákaflega mikilvægt fyrir andlega líðan,“ segir Sigrún sem starfar sem fasteignasali hjá Remax en er einnig menntaður íþróttakennari og búfræðingur.

Sigrún segir að þar sem foreldrar hennar hafi báðir stundað hreyfingu og lagt áherslu á að fara í útiligur auk þess sem þau sendu hana í sveit í nokkur sumur, þá hafi þessi lífsstíll alltaf átt ríkan þátt í lífi hennar.

**Upp á fjall án undirbúnings**  
„Þegar ég var að alast upp voru

krakkar úti að leika sér. Engar tölvur eða farsímar að trufla,“ segir hún en Sigrún er fædd árið 1971 og verður því fimmtug á næsta ári. Hún leggur áherslu á að vera í svo góðu formi að hún geti lagt af stað í fjallgöngu eða aðra útivist með engum fyrirvara. „Ef vinahópur minn í fjallgöngum ætlar að skreppa á Hvannadalshnjúk get ég farið með án sérstaks undirbúnings,“ segir hún. „Ég hef sömuleiðis alið dóttur mína upp í því að prófa ýmiss konar íþróttir til að finna út hvað henti henni best. Um tíma var ég íþróttastjóri hjá ÍR og lagði áherslu á að yngstu börnin borguðu eitt gjald en gætu farið í hvaða íþróttir sem þau vildu prófa. Þetta var gert til að hvetja krakkana til að finna sig sjálf í sportinu en ekki fara leið sem foreldrarir leggja til.“

**Til í hvaða sport sem er**

Sigrún sem er einhleyp segist vera til í að prófa hvað sem er. „Ef ég kynnist manni sem er í einhverju allt öðru sporti væri ég alveg tilbúin að prófa það. Mestu máli skiptir að vera úti og hreyfa sig. Þótt ég hreyfi mig mikið þá tek ég letidaga inni á milli. Ég set mér ekki nein

**Mozart**  
við kertaljós

**Garðakirkju**  
22.des kl.21

Í fríu streymi  
á fésbókarsíðu  
Garðabæjar

**Camerartica**



Sigrún hikar ekki við að standa á höndum á fjöllum enda vel á sig komin.



Sigrún Gréta vilar ekki fyrir sér að bera hjólið á bakinu ef náttúran hagar því svo.  
MYND/ADSEND

**HLÝJAR JÓLAGJAFIR**

Opið um helgina frá 11-20

**FELDUR**  
VERKSTÆÐI

Verslun | Snorrabraut 56, 105 Reykjavík | 588 0488 | Vefverslun á Feldur.is

sérstök áramótaheit en hef ákveðið að ganga meira á fjöll á næsta ári. Ég er þakklát fyrir hvern þann dag sem ég get hreyft mig,“ segir hún. „Hreyfihóparnir mínir ræða það oft sín á milli hversu dýrmætt það er að geta hreyft sig svona mikið á þessum aldri. Sem betur fer höfum við þetta sem áhugamál og erum hraust. Veðrið truflar aldrei. Við klæðum okkur eftir því sem hentar veðri og hreyfingu. Maður kemur alltaf heim ferskur hvernig sem veðrið er. Ég á ekki sérhannaðan fatnað fyrir hvert sport heldur reyni að samnýta það sem ég á eftir því sem hægt er,“ segir hún.

**Góður félagsskapur**

Sigrún segist vera sælkeri og hafa ekki breytt mataræðinu samhliða hreyfingunni. „Þar liggur veikleiki minn,“ segir hún. „Á tímabili prófaði ég ketó fæði og það hentaði mér ágætlega, varð orkumeiri og borðaði sjaldnar.“

Sigrún hefur eignast mjög marga félagi í mismunandi hreyfihópum, eins og hún kallar þá. Þessir hópar hafa myndað sterkt tengslanet sem nýtist Sigrúnu í daglegu lífi. Hún er til dæmis oft að aðstoða félagi sína við kaup eða sölu á íbúð. „Þótt mér finnist skemmtilegt að vera með

hópunum þá fer ég líka stundum ein í göngur eða hlaup, hlusta á podkast sem getur verið fræðandi eða hef það notalegt í kyrrðinni í náttúrunni.“

**Veitir orku**

Fyrir tíu árum tók Sigrún þátt í áskorun Ferðafélagsins um að klífa 52 fjöll yfir árið. „Ég fór ein og það var mjög skemmtilegt að taka þátt í því. Það þýðir ekkert að bíða eftir að aðrir dragi mann af stað. Í framhaldinu fór ég í opna gönguhópa og kynntist fullt af því fólki sem ég fer með í dag.“

Þegar hún er spurð hvort ekki sé erfitt að finna tíma í svona fjölbreytta hreyfingu svarar hún því játandi. „Ég vil passa upp á heilsuna og reyni að taka frá tíma til að hreyfa mig. Hreyfingin er mín vítamínsprauta og veitir mér orku til að takast á við daginn. Vinnan mín er krefjandi og ég gæti sinnt henni allan sólarhringinn en maður verður að setja sér mörk.“

Sigrún er sannkölluð ofurkona og hefur þegar klárað öll verk fyrir jólin sem hægt er að klára. „Ég kaupi jólatréð snemma í desember og vil vera búin að öllu snemma til að njóta adventunnar með góðum samverustundum,“ segir hún.

# Hafðu AKU með í valinu!

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr  
100% evrópskum íhlutum og efnum

AKU Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt  
við ökkla



Gore-Tex filma,  
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði  
(grjótvörn) sem hentar vel í  
íslensku hraunlendi

Dempun  
IMS: Kerfi sem gefur auka  
mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan-  
og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka  
spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitthvor stillingin  
fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda  
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt  
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

## Stingum af ...



AKU Alterra GTX ♂  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♂  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♀  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Riva High GTX ♀  
Uppháir borgarskór  
27.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂  
Léttir gönguskór  
28.990 kr.



AKU Selvatica GTX ♀  
Léttir göngu-/hlaupaskór  
24.990 kr.



AKU Climatica Suede GTX ♀  
Lágir göngu- / borgarskór  
26.990 kr.

(AKU)  
trekking & outdoor footwear



Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera  
saman allar helstu gerðir.

Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu  
sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

# Þrautagangan verður að gleðigöngu

Hjá fyrirtækinu Fætur toga starfar gífurlega reynslumikið fagfólk sem hefur síðastliðin tíu ár tekið yfir 60.000 Íslendinga í göngu- og hlaupagreiningu á höfuðborgarsvæðinu og um allt land.

Starfsfólk fyrirtækisins vinnur snáid með íþróttahreyfingunni og fagaðilum í heilbrigðisstétt. Einnig ferðast fagfólk á vegum fyrirtækisins um landið með göngu- og hlaupagreiningar, kynningar og sölu á tengdum vörum. Elva Björk Sveinsdóttir og Lýður Skarphéðinsson starfa bæði sem sérfræðingar í göngugreiningu hjá fyrirtækinu og hafa sitt að segja um starfið. Einnig ber Ingólfur Ingólfsson kírópraktor fyrirtækinu vel söguna.

## Bakverkir hverfa eftir áratuga þrautagöngu

Elva segir að það ánægjulegasta við starfið sé að hitta fólk sem hefur losnað algjörlega við verki og eignast nánast nýtt líf eftir að hafa komið í göngugreiningu. „Allt of margir sem koma til okkar hafa ekki hugað að fótahæilsu í mörg ár, til dæmis með því að nota rétta skó eða innlegg. Fólk gerir sér ekki grein fyrir hversu mikilvægt þetta er og tengir ekki bakverk eða mjaðmaverk við ólag á fótum. Margir glíma við þessa verki árum saman í vinnu og íþróttaiðkun sem getur verið verulega heftandi. Það er dásamlegt að sjá þegar til dæmis bakverkir hverfa eftir áratuga þrautagöngu.“

Í greiningunni er notuð fullkonnasta tækni sem völ er á til að mæla álag á fótinn við niðurstig. „Þetta er til dæmis þrýstiplata með yfir tólf þúsund skynjurum en reynslan okkar skiptir samt mestu máli. Við erum með yfir 20 ára reynslu í göngugreiningum og höfum tekið þátt í þróun á greiningunum og innleggjunum alveg frá því við unnum með stoðtækjadeild Össurar,“ segir Elva, sérfræðingur í göngugreiningum.

## Sætti mig ekki við það næstbesta

Lýður er bæði sérfræðingur í göngugreiningu og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Fætur toga. „Fyrirtækið okkar hefur þróast hratt á síðustu árum. Við opnuðum tvær stórar verslanir sem eru stútfullar af hlaupavörum, stoðvörum og vörum fyrir endurheimt,“ segir Lýður sem hefur alla tíð lagt metnað í að bjóða upp á bestu fánlegu vörurnar á markaðnum.

„Allar vörurnar sem við bjóðum upp á hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Brooks-skórnir henta frábærlega því þeir eru ekki bara góðir í hlaupin heldur eru þeir framliddir á þann hátt að almenn fótahælsa er sett í fyrsta sæti. Hlaupafötin okkar eru frá Fusion, Compressport og Brooks sem henta öllum sem stunda hlaup og einnig keppnisfólki í fremstu röð. Ég sætti mig ekki við það næstbesta því ég vil alltaf geta boðið bestu lausnirnar fyrir hvern og einn,“ segir Lýður.

## Ætluðu yfir Fimmvörðuháls í sumar

Ingólfur Ingólfsson kírópraktor er dæmi um hæstánægðan viðskiptavin Fætur toga, en hann fór með dóttur sína í göngugreiningu til fyrirtækisins í sumar eftir að hún hafði glímt við verki í fótleggjum. „Fjölskyldan byrjaði að æfa fyrir göngu yfir Fimmvörðuháls í sumar. Við töldum okkur vera vel í stakk búin til þess að takast á við verkefnið og hlökkuum mikið til. Þegar gönguferðirnar fóru að lengjast þá fór dóttir mín að kvarta yfir verkjum í fótleggjunum. Verkirnar fóru versnandi eftir því sem gönguferðunum fjölgaði



Elva Björk Sveinsdóttir er sérfræðingur í göngugreiningu hjá Fætur toga. Hún segir það besta við starfið vera að verða vitni að því þegar fólk sem hefur lengi glímt við verki, jafnvel árum saman, eignast nánast nýtt líf eftir að hafa komið í göngugreiningu. Margir tengi bakverki eða mjaðmaverk við ólag í fótum.



Lýður Skarphéðinsson, sérfræðingur í göngugreiningu og framkvæmdastjóri Fætur toga, mælir með hlaupaskónum frá Brooks. MYNDIR/ADSENDAR

Ég sætti mig ekki við það næstbesta því ég vil alltaf geta boðið bestu lausnirnar fyrir hvern og einn.

Lýður Skarphéðinsson


ad leita ráða hjá Fætur toga og sjá hvort þeir hefðu einhverja lausn fyrir okkur. Fætur Helgu Rakelar voru skoðaðir vandlega og göngugreining framkvæmd. Í ljós kom að hana vantaði meiri stuðning undir tábergið, en það orsakaði verk sem leiddi í hælinn og framan á leggina. Þegar hún byrjaði að nota innlegginn var árangurinn vonum framar. Helga getur gengið mun lengur og meira krefjandi leiðir án þess að verkja nokkuð í fæturna. Æfingarnar fram að þessu hafa gengið mjög vel og gangan yfir Fimmvörðuháls sumarið 2021 er aftur á dagskrá. Takk fyrir hjálpinu,“ segir Ingólfur.

og við sáum fram á að hún gæti ómögulega komist alla leið yfir Fimmvörðuhálsinn næsta sumar. Ég gerði hreyfifærniþróf á Helgu og útilokaði möguleikann á því að verkirnir kæmu frá hryggnum eða mjaðmagrindinni. Við ákváðum

Fætur toga er staðsett að Höfðabakka 3, 110 Reykjavík, og í Kringlunni, Heilsuhæð, 103 Reykjavík. Sími 557 7100. Skoðuðu úrvalið og pantaðu tíma í göngugreiningu á gongugreining.is



Ingólfur Ingólfsson kírópraktor þakkar Fætur toga fyrir að fjölskyldan geti farið Fimmvörðuhálsinn næsta sumar. „Takk fyrir hjálpinu,“ segir hann.



## ÞÚ FÆRÐ ALLAR HLAUPAVÖRURNAR Á EINUM STAÐ



**BROOKS**  
**BROOKS Cascadia GoreTex.**  
 Öflugir léttir utanvegaskór með frábæru gripi



**Feetures Merino**  
 saumalausir göngu og hlaupasokkar.  
 Hljýjir en halda raka frá húðinni.



**BROOKS**  
**BROOKS Ghost GoreTex.**  
 Þægilegir vatnsheldir skór í göngu og hlaup



**OOFOS**  
 Heilsusandalar,  
 ofurmjúkir og þægilegir.  
 Góðir heima og í vinnu.



**NÝ SENDING!**  
**ICESPIKE**  
 Skrúfugaddar undir skó.



**Ryders íþróttagleraugu.**  
 Móðufrí og dökkna  
 eftir birtu.



**Olight og Nathan**  
 höfuðljós.



**FUSION**  
 vetrarbuxur.  
 Hljýjar, mjúkar, með vösum.  
 Allir hlauparar þurfa þessar.  
 Líka til með vindvörn að framan.



**COMPRESSPORT**  
 Óveðursjakki  
 25/75 vind og vatnsheldur.  
 Aðeins 141 gr.



**COMPRESSPORT**  
 UTMB approved  
 10/10 vind og vatnsheldar  
 utanyfirbuxur með öndun.  
 Aðeins 92 gr.



**COMPRESSPORT**  
 Vatnsheldur keppnisjakki  
 UTMB approved  
 10/10 vatnsheldni og öndun  
 Aðeins 88 gr.



**RUNDERWEAR**  
 íþróttanærfatnaður ársins  
 2018 og 2019 í UK.



**FÆTUR TOGA**  
 LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Höfðabakki 3  
 Kringlan 3.hæð  
 Sími: 55 77 100  
 faeturtoqa.is

# Fór Everest á Íslandi á einni viku

Ólafía Lárusdóttir, viðskiptastjóri hjá Expedia Group á Íslandi, ákvað að skora á sjálfa sig í haust að ganga á einni viku á fjöll og safna hækkun sem samsvarar hæð Everest. Hún fékk vinkonur í lið með sér og þær voru fjórar sem kláruðu alla 8.849 metrana.

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is



Ég hafði verið að horfa á heimildarmyndir á YouTube og sá þar þátt um konu í Kanada sem fór hækkun sem samsvaraði tveimur Everest á einni viku. Mér fannst það svolítið mikið, þetta var einhver svaka keppnismanneskja, en ég hugsaði með mér að ég væri alveg til í að fara hæð sem samsvaraði einu Everest á þessum tíma," segir Ólafía um það hvernig hugmyndin varð til.

Ólafía segir að hún stundi reglulega utanvegahlaup og henni hafi

fundist sig vanta einhverjar áskoranir í þessu COVID-ástandi.

„Mér datt ekki í hug að fá neinar með mér í þetta, ég hugsaði bara að það gæti verið gaman að sjá hvort ég gæti þetta. Þetta er þó nokkuð mikil ganga, þetta er ekki bara upphækkunin, við gengum alveg yfir 100 kílómetra," segir hún.

„Ef maður deilir þessu jafnt niður á dagana þá samsvarar þetta því að ganga tvisvar á dag upp að Steini á Esjunni. Við nemtum því nú ekki alveg, við vildum hafa smá fjölbreytni í þessu. Við vorum líka í vinnu þessa daga svo við urðum að skipuleggja okkur. Við förum nokkra morgna upp að steini og förum svo kannski seinnipartinn



Hópurinn fagnar uppi á Móskaðshnjúkum. Fimm frækna vinkonur sem stóðust erfiða áskorun á fjalli.



Þær voru fjórar sem kláruðu áskorunina, hér staddar uppi á Þverfellshorni Esjunnar.



Ólafía sá heimildarmynd á Youtube sem varð hvati þess að hún fór í daglegar fjallgöngur í október. Hún náði frábærum árangri. MYNDIR/ADSENDAR

upp á Úlfarsfell eða aftur upp að Steini þá daga sem við vorum að vinna en þegar við vorum í frii tókum við lengri göngur. Eitt skiptið förum við tíu sinnum upp himnastigann í Kópavogi, bara fyrir fjölbreytnina. Svo tókum við einn mjög skemmtilegan dag þar sem við gengum á öll sjö fellin í Mosó."

Ólafía segir að til að vera öruggar um að ná örugglega sömu

hækkun og á Everest hafi þær farið aðeins rúmlega þá hæð.

„Við notuðum bara úrin okkar til að mæla hæðina og þar sem þau eru ekki 100% örugg og voru oft ekki sammála um hversu hátt við förum þá pössuðum við að öll úrin færu í það minnsta yfir lágmarkið."

**Dýrmætt að njóta samverunnar í útivistinni**

Þó að þær hafi verið fjórar sem

„Mér finnst það passa vel við þessa tíma sem við erum að lifa núna að ögra sjálfum sér. Nú er að hefjast undirbúningstímabil fyrir keppnir næsta árs þar sem ég ætla til dæmis að taka þátt í Hengill Ultra, Tindahlaupinu og Súlu Vertical.

náðu takmarkinu segir Ólafía að margir hafi farið með þeim hluta leiðarinnar.

„Þær sem kláruðu áskorunina með mér heita Jóna Björg Ólafsdóttir, Sigrún B. Magnúsdóttir og Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir. Elin Pálsdóttir fór með okkur næstum allt, hún hafði ekki tíma til að vera með okkur allan tímann en hún fór samt í alveg yfir 6.000 metra hækkun. Það var rosalega gaman að hafa félagsskap í þessari áskorun og það gerði þetta að mjög skemmtilegri viku. Þetta var í október og við fengum mjög gott veður miðað við árstíma og af því við förum þetta mjög rólega gátum við spjallað á leiðinni," útskýrir Ólafía.

„Maður hittir ekki marga þessa daga svo það var alveg ótrúlega dýrmætt að njóta samverunnar á meðan við gengum á fjöll."

Ólafía segist hafa svolítið gaman af svona áskorunum. Einhverju sem þarf aðeins að hafa fyrir en er samt ekki brjáluð keppni við neina aðra en sjálfa sig og að ná að klára.

„Mér finnst það passa svolítið vel við þessa tíma sem við erum að lifa núna að ögra sjálfum sér. Nú er að hefjast undirbúningstímabil fyrir keppnir næsta árs þar sem ég ætla til dæmis að taka þátt í Hengill Ultra, Tindahlaupinu og Súlu Vertical. Æfingarnar eru sambland af fjallgöngum og utanvegahlaupum á öllum frábæru útivistarsvæðunum hérna á höfuðborgarsvæðinu."

Úrval af vönduðum tækjum frá

**SONY**

**DÓT**  
Gæði á góðu verði

dot.is

Kíktu á úrvalið  
Sendum um land allt

Jólaskeiðin  
2020

Hönnuð: Hanna S. Magnúsdóttir



Verslun Guðlaugs A Magnússonar  
Skólavörðustíg 10  
101 Reykjavík  
sími 562 5222  
www.gam.is

# Peak Performance®



**Frost Glacier** ♂ ♀  
Dúnúlpa m/hettu

**66.990 kr.**

Ef þú vilt vandaðan útivistarfatnað sem hentar vel íslenskum aðstæðum, veldu þá gæðin frá sænska framleiðandanum Peak Performance!



**Argon Light** ♀ ♂  
m/hettu  
**35.990 kr.**



**Frost dúnúlpa** ♀ ♂  
m/hettu  
**43.990 kr.**



**Frost dúnvesti** ♂ ♀  
**27.990 kr.**



**Argon Light** ♂  
**34.990 kr.**



**Helium dúnjakki** ♂  
**32.990 kr.**



**Frost skíðajakki** ♂ ♀  
**59.990 kr.**



**Scout skíðabuxur** ♀  
**54.990 kr.**



**Léttar göngubuxur** ♂ ♀  
vatns- og vindfráhrindandi  
**29.990 kr.**



**Alum pils** ♀  
**18.990 kr.**



**Helium dúnjakki** ♂  
m/hettu  
**33.990 kr.**

## Stingum af ...



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

# Glæsilegur aðventudögurður

Jóhann Gunnar Arnarsson, sem er alla jafna kallaður Jóí bötler, og eiginkona hans Kristín Ólafsdóttir, upplifunar- og þjónustustjóri Þjóðleikhússins, eru bæði fagurkerar og matgæðingar.

## Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir sjofn@torg.is



Hjónin byrja snemma að undirbúa jólin og eru íðin við að halda í hefðir og síði með nýjungum í bland. Þau voru í þættinum Matur og heimili á dögnum þar sem áhorfendur fengu innsýn í jólahefðir þeirra og -síði og fengu að fylgjast með þeim framreiða aðventudögurð en aðventan spilar stór rollu í lífi þeirra hjóna og eitt af því sem þau hafa mikla ánægju af er að bjóða upp á ljúffengan aðventudögurð fyrir nána vini og vandamenn.

Kristín sem er alla jafna kölluð Kiddý er menntaður blómáskreytir og framreiðslumeistari svo hún leggur sig fram af miklum metnaði við jólaþingningarnar. „Við höfum ávallt unnið hlutina í samvinnu og hugum að hverju smáatriði þegar kemur að því að bera fram sælkeraveitingar og dekkja upp hátíðarborð sem passar við þemað hverju sinni,“ segja hjónin Kiddý og Jóí.

## Hafa verið fastheldin á matseldina um jólin

„Eins og er með svo marga, þá byrjum við frekar snemma á jólabakstri. Við bökkum alls konar smákökur og annað krúðerí og svo er það auðvitað laufabrauðið. Það er stór þáttur í undirbúningi jólanna hjá okkur að gera laufabrauð, en við gerum það alveg frá grunni.

Við höfum verið mjög fastheldin á matseldina, sérstaklega um jólin, þar til nú í ár. Síðastliðin ár höfum við verið með heilmikið skötu- og saltfiskboð á Þorláksmessu, allt að 60 manns hafa komið við hjá okkur. Það féll reyndar niður í fyrra, þar sem dóttir okkar var á fæðingardeildinni og litur ekkert allt of vel út þetta árið heldur. Aðfangadagur er alveg dásamlegur og ilmurinn úr eldhúsinu er alltaf eitthvað svo lokkandi og hátíðlegur. Við stöndum og stússum saman í eldhúsinu, skálum í þúrtvíni yfir matseldinni, dekkum upp, förum gjarnan í messu á Bessastöðum og njótum svo kvöldsins.



## Fagurkerarnir Jóhann Gunnar og Kristín hafa mikla ánægju af að njóta aðventunnar.

FRÉTTABLADIÐ / STEFÁN

## Ómissandi að vera með sild og rúgbrauð

Hjónin eru íðin við að bjóða upp á sælkeraveitingar á aðventunni og eru að framreiða aðventudögurð fyrir gesti og fjölskylduna. „Okkur finnst mikilvægt að flækja hlutina ekki of mikið og hafa þetta ekki alltof þungt. Aðalmálið er að hitta fjölskylduna og vini. Við viljum helst byrja á súpu, og hafa svo góða blöndu af fiski, kjöti og einhvers konar eggjum, til dæmis Eggs Benedict eða hrærð egg. Þegar kemur að aðventunni eru nokkrir hlutir sem eru ómissandi eins og sild og rúgbrauð. Það er mikið af góðri sild á markaðnum, en vissulega líka hægt að útbúa sína eigin.

Okkur finnst nautatungan líka ómissandi, helst ný eða söltuð. Reyktur eða grafinn lax er líka mjög ofarlega á óskalistanum, helst villtur ef mögulegt en annars lax sem alinn er í landeldi. Það þykir okkur mjög mikilvægt, við berum aldrei fram lax sem alinn er í hinum náttúruskadandi og mengandi sjókvíum. Það er líka mjög skemmtilegt að nota villibráð á þessum árstíma eins og grafna gæs eða hreindýr. Okkur



## Það er árleg hefð á heimilinu að skera út laufabrauð. Fallega skreytt.

finnst líka heita lifrarkæfan skemmtileg, mjög gott að nota bökuðu jólakæfuna frá Ali og steikja svo sveppi, beikon og jafnvel ferskar dödlur og setja ofan á, hafa þetta í eldföstu formi og setja inn í ofninn í nokkrar mínútur til að hita.

Svo er alltaf gott að enda á einhverju sætu, þá eru sörrurnar hennar Kiddýjar alveg upplagðar enda gerir hún rosalega góðar sörrur og bera þær fram með heitu súkkulaði með órlitlu Stroh út í. Það er svo gott að fá eitthvað sætt og heitt í kroppinn áður en maður heldur út í íslenskt aðventuæður. Stundum höfum við boðið upp á Álaborgar-ákavíti með sildinni, en



Ýmislegt girnilegt sem boðið var upp á hjá þeim hjónum í dögurðinum.

með matnum bjóðum við gjarnan upp á bjór eða Moment of Silence (hvítvín) og Master of None (rauðvín) frá Suður-Afríku.

## Epla- og wasabisalat

**2 stk. Jonagold epli**  
**Majónes og sýrður rjómi eftir smekk**

**Íslensk wasabirót, frá Nordic Wasabi eða fersk piparrót**



Glæsilegir heimagerðir sildarréttir.

Eplin afhýdd og rifin niður. Gott að setja í viskustykki og kreista mesta safann úr. Þetta er sett í skál og hæfilegu magni af majónesi og sýrðum rjóma bætt í. Mauka wasabirót og bæta í. Ef þið komist ekki í wasabirót, má einnig nota ferska piparrót. Gott að smakka þetta svo til, við viljum hafa salatið svoltið bragðmikið, finnst það passa vel með öllu reyktu, sérstaklega reyktum laxi.

## Rauðrófusild

**1 dós sýrður rjómi (helst 36%)**

**2-3 msk. majónes**

**1½ dl. niðursoðnar rauðrófur**

**1½ dl. perur**

**2 dl. marineruð sild**

Sýrði rjóminn og majónesið sett í skál. Þeir sem vilja sæta þetta órlítið geta gert það með hunangi eða hlynirópi. Rauðrófur tekur úr krukkanum og þerraðar á pappír. Gott er að vera í einnota hönskum, þar sem rauðrófurnar lita mjög mikið. Því næst eru rauðrófurnar skornar í litla teninga. Perurnar afhýddar

## Epla- og karrýsild

**1 dós sýrður rjómi (helst 36%)**

**2 msk. majónes**

**1½ dl. harðsoðin egg**

**2 dl. epli í bitum**

**2 dl. marineruð sild í bitum**

**2 tsk. madraskarri**

**1 tsk. túrmerik**

**Saxaður graslaukur**

Sýrði rjóminn, majónesið, karrýið og túrmerikið allt sett í skál og hrært. Skurnin tekin af eggjunum og þau skornar smátt. Eplin afhýdd og skornar í bita og sildin líka. Þetta allt sett í skálina og hrært saman. Dálitlu af graslaukunum blandað saman við, en munnið að eiga slatta til að setja ofan á til skreytingar.

# GLEÐIKRÓNUR

gledipinnar.is

Gleðikrónur eru skemmtileg gjafakort sem gilda á öllum veitingastöðum Gledipinna. Jólin nálgast og Gleðikrónur eru fullkomin leið til að gleðja starfsmannahópinn.

Gleðikrónur henta öllum og sá sem hefur Gleðikrónur undir höndum getur valið úr fjölda veitingastaða og borðað þar sem hann langar hverju sinni.

Þú sendir póst á [gledikronur@gledipinnar.is](mailto:gledikronur@gledipinnar.is) og við sendum þér tilboð fyrir þinn hóp.



GLEÐIPINNAR  
STÖNDUM SAMAN & HÖLDUM GLEÐINNI




Laugarnar í Reykjavík



# Engan derring hér

Hlustum, höldum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssemi



[www.itr.is](http://www.itr.is)

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Mitsubishi Outlander Hybrid hækkar um áramót vegna lagabreytinga. Næstu þér í nýjan 2020 bíl á betra verði 5.690.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum með og án króks.

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Vörubílar



Iveco 190EL28 árgærd 2014. Ekinn aðeins 161þ. 6,3 m pallur með lyftu. Lítið ekinn snýrtilegur bíll sem hentar vel verkþóku. Nánari upplýsingar á finnbofi@stjornublikkis

## Þjónusta

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Málara

### REGNBOGALITIR.IS

Alhlíða málningabjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtæki, planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningavinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780  
prostone@prostone.is

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Síðunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



JS Ljósasmiðjan | Ljósasmíði og sláttuvélavirðing | Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði  
Gítarar í miklu úrvali Verð við allra hæfi

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA LAUGARDAG OG SUNNUDAG KI. 11 TIL 15

## Ný heimasíða!



Nitro - Úrðarharfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Óskast keypt

### STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og faðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is  
Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Til leigu fyrir reyklusan einbúa 2. herbergja íbúð með búslóð á Njálsgötu 33. Leiga 170 þús. með rafm./hita. Uppl. 868 2726

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAETT.IS  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



## LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafflaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

## Tilkynningar



### Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir:

- Árbúðir, hálandismiðstöð, Bláskógabyggð,
- Geldingafell, skálasvæði, Bláskógabyggð.

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 18. janúar 2021.

## SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna Norðurgarðs og Norðurbakka, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar 9. desember sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

16.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1. desember sl. Tekin fyrir samþykkt skipulags- og byggingaráðs frá 6. nóv. sl. varðandi óverulega breytingu á greinargerð deiliskipulags Norðurbakka frá 2004/2005. Skipulags- og byggingaráð samþykkir erindið að nýju og að málsmeðferð verði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í hafnarstjórn og bæjarstjórn.

2.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 2. desember sl. Tekin fyrir samþykkt skipulags- og byggingaráðs frá 1. desember varðandi breytingu á greinargerð deiliskipulags Norðurbakka frá 2004/2005 þess efnis að málsmeðferð verði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Hafnarstjórn samþykkir erindið að nýju og að málsmeðferð verði í samræmi við mgr. 43. gr. skipulagslaga. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

### Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu hafnarstjórnar og skipulags- og byggingaráðs.

Í breytingunni felst breytt orðalag í greinargerð er snýr að útfærslu og frágangi við hafnarssvæði Norðurgarðs og Norðurbakka. Tillaga að breytingu verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 18.12.2020. Einnig er hægt að skoða gögnin á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) undir íbúar/skipulag í kynningu.

Vakin er athygli á að frestur til athugasemda vegna grenndarkynningar sem barst íbúum við Norðurbakka hefur verið framlengdur til samræmis og er nú til 28. 2021.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna eigi síðar er 28.01.2021. Skal þeim skilað skriflega á netfangið: [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða á:

### Hafnarfjarðarbær

bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

Nánar á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is  
907 2003





**FRANSEN ullaarkápa**  
Stærðir 3-50  
Verð kr. 59.980



**NAVIGAZIONE - Létt úlpa**  
Stærðir 42-58  
Verð kr. 18.980




**STUDIO - köflótt kápa**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 38.980



**FRANSEN dúnúlpa**  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 49.980



**STUDIO pleðurkápa**  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 22.980



**YESTA sparikjöll með pífu**  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 11.980



**YESTA shiffonkjöll með blómamynstri**  
Stærðir 44-54  
Verð kr. 18.980




**Yest - kjöll með blómamynstri**  
Stærðir 38-46  
Verð kr. 11.980



**Q'NEEL mynstraður kjöll**  
Stærðir 38-46  
Verð kr. 29.980



**GOZZIP - shiffonkjöll með áföstum undirkjöll** Stærðir 38-56  
Verð kr. 15.980



*Fallegir fylgihlutir sem fara vel í Jólapakka*



**ROBELL Rose ökklabuxur**  
Stærðir 36-52  
Verð kr. 11.980



**Stór handtaska með hliðaról**  
Stærð 29x14x23cm  
Verð kr. 7.990



**LASESSOR - Múmín silklútur**  
Stærð: 70 x 80cm hringur  
Verð kr. 6.990



**Duffel travel bag**  
Stærð 50x31x20cm  
Verð kr 7.990



**TAMARIS ökkklaskór,**  
Stærðir 38-42  
Verð kr. 25.980

Verzlunin Belladonna

**belladonna**

Líttu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



Heimir á hliðarlinunni.

## Íslendingaliðið leikur til úrslita

**FÓTBOLTI** Íslendingafélagið Al Arabi leikur í dag úrslitaleik í katörsku bikarkeppninni í knattspyrnu karla, Emir Cup, en þetta er í fyrsta skipti síðan árið 1994 sem Al Arabi kemst í úrslit þessarar keppni.

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, skoraði annað mark Al Arabi þegar liðið tryggði sér sæti í úrslitaleiknum. Al Arabi hefur unnið þessa keppni átta sinnum, síðast árið 1993. Síðasti titill félagsins kom í hús árið 1997.

Heimir Hallgrímsson hefur stýrt Al Arabi síðan árið 2018 en undir lok síðasta árs framlengdi hann samning sinn við félagið til loka keppnistímabilsins á næsta ári. Freyr Alexandersson var nýverið ráðinn aðstoðarmaður Heimis en Bjarki Már Ólafsson hefur verið í þjálfarateymi liðsins í tvö ár.

Heimir á nú möguleika á að landa sínum fyrsta titli í stjórnartíð sinni þegar Al Arabi mætir Al Sadd í úrslitum. Leikurinn hefst klukkan 15.00 að íslenskum tíma í dag. – hó

## Fjórði EM-titill Þóris í sjónmáli

**HANDBOLTI** Norska kvennalandsliðið í handbolta, sem leikur undir stjórn Þóris Hergeirssonar, mun í kvöld spila við Danmörku í undanúrslitum á Evrópumótinu í handbolta.

Noregur fór nokkuð þægilega í gengum riðlakeppnina og milli-riðlana og er liðið það sigurstranglegasta á mótinu. Þórir hafði það raunar á orði fyrir á mótinu að það gæti komið í bakíð á liðinu þegar út í undanúrslitin væri komið að hafa ekki mætt sterkari andstæðingum.

Norska liðið stefnir á sinn fjórða Evrópumeistararitil undir stjórn Þóris en þetta verður í 12. skipti sem liðið leikur til verðlauna á stórmóti undir stjórn Selfyssingsins. – hó

# Hluti af markmiðinu að festa mig í sessi í landsliðshópnum

Berglind Rós Ágústsdóttir sem verið hefur fyrirliði kvennaliðs Fylkis í knattspyrnu undanfarin ár skrifaði nýverið undir samning við sænska úrvalsdeildarliðið Örebro. Berglind Rós segir að vilji félagsins til þess að bæta hana sem leikmann og gera vel á komandi keppnistímabili hafi hljómað afar spennandi.

**FÓTBOLTI** Berglind Rós Ágústsdóttir varð fyrr í þessari viku nýjasti atvinnumaður okkar Íslendinga í knattspyrnu kvenna en hún samdi þá við sænska úrvalsdeildarliðið Örebro.

Berglind Rós varð þannig þriðji leikmaðurinn sem skrifar undir hjá liði í sænsku úrvalsdeildinni á skömmum tíma en áður hafði Hallbera Guðný Gísladóttir gert samning við AIK Solna og Hlín Eiríksdóttir gengið til liðs við Piteå en þær voru báðar Valskonur.

„Ég var með nokkur tilboð í höndunum en það sem heillaði mig við Örebro var hversu metnaðarfullur þjálfarinn og þeir sem starfa hjá félaginu eru. Bæði fyrir mína hönd, það er að bæta mig sem leikmann, og svo fyrir hönd liðsins.“ segir Berglind Rós í samtali við Fréttablaðið.

Hjá Örebro mun Berglind vinna með þjálfara sem er nýtekin við liðinu en vill nota Íslendinginn í þeim stöðum sem Berglind kann best við sig í.

„Þjálfarinn sem er nýtekin við liðinu sér fyrir sér að ég muni spila bæði sem miðvörður og djúp á miðunni. Það eru þær stöður sem ég kann best við að spila og mér finnst heillandi að þeir vilji nota mig á þeim stöðum á vellinum.“

Berglind sem er 25 ára á að baki 87 leiki í efstu deild, flesta með Fylki eftir að hafa stigið fyrstu skrefin í meistaraflokki með Val. Þá lék hún með Aftureldingu eitt sumar.

„Eftir síðasta sumar fannst mér vera kominn tími á nýja áskorun og mér fannst ég vera búin að ná mínu besta formi eftir að hafa jafnað mig almennilega á krossbandsslitunum sem ég lenti í fyrir fjórum árum.“

Mér hefur fundist verið stigandi í mínum leik og að nú sé kominn tími til að breyta til og fara inn í umhverfi þar sem ég hef möguleika á að bæta mig enn frekar. Þegar tækifærið gafst fannst mér rétt að stiga skrefið og einbeita mér að fullu að fótbolta sem atvinnu-



Berglind er spennt fyrir áskoruninni að spreyta sig sem atvinnumaður eftir góð ár í Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

●● Mér hefur fundist vera stigandi í mínum leik og nú er kominn tími til að breyta til og fara inn í umhverfi þar sem ég hef möguleika að bæta mig enn frekar.

Berglind Rós Ágústsdóttir

maður,“ segir Berglind sem hefur slitið krossband tvisvar sinnum á ferlinum.

Á nýloknu keppnistímabili hafnaði Örebro í sjöunda sæti sænsku úrvalsdeildarinnar en Berglind Rós segir að metnaður félagsins sé að enda ofar á næstu leiktíð og verið sé að fá góða leikmenn til liðsins þessa dagana. Það sýni þann metnað í verki.

„Örebro er að mörgu leyti svipað félag og Fylkir þar sem mér hefur liðið mjög vel síðustu árin. Þetta er fjölskylduklúbbur með góða aðstöðu þar sem vilji er til þess að gera betur en gert var á síðasta tímabili. Félagið vill hjálpa mér að

ná markmiðum mínum sem eru að þróa áfram minn leik og tryggja mér sæti í landsliðinu,“ segir þessi öflugur leikmaður sem lék sinn fyrsta A-landsleik í vináttulandsleik gegn Skotlandi fyrir á þessu ári.

Íþróttastjóri Örebro, Jonas Karlberg, hafði orð á því þegar vista-skipti Berglindar voru staðfest að hún gæti tekið skref í átt að föstu sæti í íslenska landsliðinu með Örebro.

„Fyrst og fremst er ég hins vegar með stefnuna á að gera vel fyrir Örebro og svo sjáum við bara hverju það skilar fyrir liðið mitt og varðandi landsliðssæti.“

hjorvaro@frettabladid.is

## Var alltaf stefnan að standa mig í efstu deild í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Magdeburg með Ómar Inga Magnússon og Gísla Þorgeir Kristjánsson innanborðs er að rétta úr kútnum í þýsku efstudeildinni í handbolta karla eftir kaflaskipta byrjun á yfirstandandi leiktíð. Ómar Ingi átti stórleik þegar liðið lagði Erlangen að velli í síðasta deildarleik liðsins í vikunni en hann skoraði ellefu mörk í leiknum.

Ómar Ingi sem er að spila sinn fyrsta vetur hjá Magdeburg og í efstu deild í Þýskalandi er þar af leiðandi orðinn sjötti markahæsti leikmaður deildarinnar með 66 mörk. Magdeburg er eins og sakir standa í áttunda sæti deildarinnar með fjórtán stig, fimm stigum á eftir Alexander Petterson, Ými Erni Gíslasyni og samherjum þeirra hjá Rhein-Neckar Löwen og Flensburg sem eru á toppnum.

„Við fórum illa af stað og náðum ekki að sýna gæðin sem búa í liðinu í fyrstu leikjunum. Eftir átta leiki



Ómar er að finna sig betur og betur í þýska boltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

●● Ég er ekki mesta sleggjan í boltanum þannig að ég treysti meira á leikskilninginn og að vinna með samherjum mínum.

Ómar Ingi Magnússon

vorum við með fjóra sigra og fjögur töl. Það voru allir sammála um það að við þyrftum að bæta leik okkar og þar var ég engin undantekning.

Það tekur alltaf tíma að aðlagast nýju liði, þeim leikkerfum sem liðið spilar og staðsetningum í vörn og sókn. Það tók smá tíma að kynnaast því hvernig leikmenn liðsins vilja spila en ég og liðið allt erum að finna taktinn.

Það var alltaf stefnan að spila í efstu deild í Þýskalandi og standa mig vel þar og ég er mjög ánægður með að það sé að takast,“ segir Ómar Ingi í samtali við Fréttablaðið um fyrstu mánuði sína í Þýskalandi.

„Ég er ekki mesta sleggjan í boltanum þannig að ég treysti meira á leikskilninginn og að vinna með samherjum mínum. Af þeim sökum er það mikilvægt fyrir mig að ná góðum tengslum við þá leikmenn sem ég er að spila með.“

Það er allt að koma og mér finnst frábært að vera kominn í jafn sterkt lið og ég er í og leika með jafn góðum einstaklingum og ég er að gera þessa stundina. Þetta er erfið deild þar sem allir geta unnið alla en við stefnum á að blanda okkur í toppbaráttuna,“ segir þessi klóki leikmaður sem hefur auk þess að skora 66 mörk gefið 29 stoðsendingar. – hó

**BÓKIÐ SKOÐUN**  
**SÝNUM DAGLEGA**  
**AFHENDING 1. MARS**



**FREKARI UPPLÝSINGAR**



**Daði Hafþórsson**  
 Löggiltur fasteignasali  
 Sími 824 9096  
 dadi@eignamidlun.is



**Hilmar Þór Hafsteinsson**  
 Löggiltur fasteignas., lögg.  
 leigumiðlari. Sími 824 9098  
 hilmar@eignamidlun.is



**Unnar Kjartansson**  
 Nemi til löggildingar  
 fasteignasala.  
 Sími 867 0968




**Armann Þór Gunnarsson**  
 Löggiltur fasteignasali  
 Sími 847 7000  
 armann@eignamidlun.is

# NÝBÝLAVEGUR 10

**NÝTT Í SÖLU**

Nýjar glæsilegar 2ja-4ra herbergja íbúðir í áklæddu lyftuhúsi við Nýbýlaveg 10. Öllum íbúðum fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Leyfi til að loka svölum. Innréttingar og eldhústæki frá Ormsson. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og almenningssamgöngur. Afhending er áætluð 1. mars 2021.




**Dæmi, íbúð 203**

Verð 32.900.000  
 Stærð 47,1 fm.  
 2ja herbergja.



**Dæmi, íbúð 301**

Verð 46.900.000  
 Stærð 69,2 fm.  
 3ja herbergja.



## TÍMAMÓT



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Dóru Maríu Ingólfsdóttur**

Miðleiti 7,  
áður Álfheimum 4.

Lilja Sigurðardóttir  
Anna Sigurðardóttir  
Erna Sigurðardóttir  
Gylfi Ingi Sigurðsson  
Berglind Sigurðardóttir

Konráð Ingi Jónsson  
Tonny Espersen

barnabörn og barnabarnabörn.




Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kjartan Leifur Sigurðsson**

Starrahólum 8, Reykjavík,

lést á heimili sínu, 13. desember.  
Útförin fer fram í kyrrþey.



**Friðrika Rósa Sigurbjörnsdóttir**

Jórunn Ingibjörg Kjartansdóttir  
Sigurbjörn Kjartansson  
Sigurður Ingi Kjartansson  
Jens Pétur Kjartansson  
Íris Berglind Kjartansdóttir  
Kjartan Örn Kjartansson

Porkell Gunnarsson  
Sólveig Sigurðardóttir  
Harpa Óskarsdóttir  
Július Jónsson  
Guðbjörg Kristín  
Bárdardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Jónsdóttir**

Kópavogstúni 4,  
áður að Bræðratungu 1,  
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð  
sunnudaginn 13. desember. Útför hennar fer fram frá  
Kópavogskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 15.  
Vegna sóttvarnareglna verður jarðarförin aðeins fyrir  
nánustu aðstandendur en streymi verður frá athöfninni á  
slóðinni utfor-kristinar-jonsdottur.is

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á  
minningargjafasjóð Sunnuhlíðar (sunnuhlid.is).

**Gunnar Smári Þorsteinsson**

Jón Bjarni Gunnarsson  
Hrefna Gunnarsdóttir  
Ella Björg Rögnvaldsdóttir  
Björgvin Smári Kristjánsson  
Kristín Jónsdóttir  
Hrefna Björk Jónsdóttir  
Bryndis Helga Jónsdóttir  
Gunnhildur Kristjánsdóttir

Elin Björt Grímsdóttir  
Kristján Björgvinsson  
Arndís Pétursdóttir  
Iðunn Elva Ingibergsdóttir  
Sverrir Már Bjarnason  
Barði Freyr Þorsteinsson  
Bjarki Steinn Aðalsteinsson

og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg J. Jónasdóttir**

Bjarkarheiði 21,  
Hveragerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands  
sunnudaginn 13. desember.

Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju mánudaginn  
21. desember kl. 14. Í ljósi aðstæðna verða aðeins  
nánustu ættingjar viðstaddir.

Sturla S. Þórðarson  
Herdís Þórðardóttir  
Jónas Þór Þórðarson  
Ingibjörg Erna Þórðardóttir

Ingibjörg Jones  
Sigurður Egilsson  
Sveinn Guðmundsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



„Stundum fæ ég að heyra að ég sé norsk, niski framkvæmdastjórinn,“ segir Björg Eva glaðlega. FRÉTTABLADIÐ/ANTON BRINK

## Fimmtíu og níu ára áfram

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Vinstri grænna, fæddist þennan dag fyrir 60 árum. Þetta átti að verða afmælisviðtal en snerist upp í „ekki afmælis“ spjall.

Það er ómögulegt að verða sextug þegar ástandið í samfélaginu er eins og það er. Ég ætla því að vera 59 ára um óákveðinn tíma. Sennilega verður sumarpartí,“ segir Björg Eva Erlendsdóttir glaðlega og heldur áfram: „Mér finnst skammdegið ekki henta fyrir afmælisveislu, það má enginn vera að neinu rétt fyrir jólin. Ég hef því alla tíð haldið upp á afmælið þegar mér sýnist, fertugsafmælið í júlí og fimmtugsafmælið einu sinni í viku allt árið. Núna er manni sagt að hitta helst ekki neinn og þá bara hlíti ég því.“

### Vonar að norsku genin nýtist

Björg Eva er framkvæmdastjóri Vinstri grænna og er að byrja á fjarfundi þegar ég heyri í henni fyrst, svo ég prófa nokkrum tímum seinna. Þá er hún komin upp í Hreppa og bíður úti í bíl eftir einhverjum úr sóttkví á æskustöðvum sínum að Hamarsheiði í gamla Gnúpverjahreppi. Þar er nú frístunda-býli en hún segir föður sinn hafa verið bónda þar og skeifnasmið þegar hún var að alast upp – „og hann var Sjálfstæðismaður,“ bætir hún við. „Ég ólst upp bæði í hægri og vinstri pólitík, foreldrar mínir voru ekki sammála í þeim efnum. Mamma er norsk og vinstri-sinnuð og náði að snúa pabba til betri vegar því hann endaði í Kvinnalistanum!“



Ég hef því alla tíð haldið upp á afmælið þegar mér sýnist, fertugsafmælið í júlí og fimmtugsafmælið einu sinni í viku allt árið.

Stundum fæ ég að heyra að ég sé norsk, niski framkvæmdastjórinn! En ég ber virðingu fyrir því hvernig Norðmenn umgangast peninga, þeir eru flinkari í því en Íslendingar og ég vona að mín norsku gen nýtist í að fara vel með fjármuni VG.“

Spurð hvort hún hafi aldrei hugleitt að setjast á þing fyrir flokkinn, svarar Björg Eva: „Nei, en ég vann í sextán ár á Ríkisútvarpinu, meðal annars sem þingfréttamaður og hef alltaf haft áhuga á pólitík. Það skemmtilegasta við hana er að berjast fyrir eigin hugsjónum en þegar fólk er komið inn á þing, þarf það að gera gott betur.“

### Hundrað manna fjarfundur

Björg Eva segir starfsitt nú snúast minna um pólitík en ætla mátti en það sé

áhugavert enda kynnist hún bæði fólki og málefnum. „Það hafa orðið miklar breytingar frá því ég byrjaði í upphafi árs 2016. Þá voru kosningar á hverju ári og flokkurinn átti enga peninga. En nú hefur verið friðsamlegt undanfarið og fjármálin í betra horfi, enda fara þau miknið eftir árangri og lög hafa verið sett um meiri styrki til stjórnmalaflokka en áður. Það er hollara fyrir lýðræðið en ef stórfyrirtæki reka flokka. Svo fleygir tækinni fram og á þessu ári hefur hún verið gjörnýtt. Við höldum nýlega flokksráðsfund á netinu með um hundrað manns, því fylgdi ákveðið flækjustig, við undirbyggum hann á skrifstofunni og þurftum að skrifa frekar nákvæmt handrit. Landsfundur er svo fyrirhugaður í mars og verður spennandi að sjá hvort um fjarfund verður að ræða, hann verður þá enn stærri.“

### Mikill ferðasirkus

Eins og fram hefur komið var Björg Eva fréttamaður á Ríkisútvarpinu og kveðst hafa notið þess. „Mér fannst líka gaman að vera í Norðurlandaráði. Fékk það starf örugglega af því ég hafði verið fréttamaður í Noregi, bæði á NRK og nokkrum blöðum. Norðurlandaráð er mikill ferðasirkus og ég var að vinna fyrir alla vinstri flokkana á Norðurlöndum með skemmtilegu fólki.“  
gun@frettabladid.is

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

**FRÍ**

**HEIMSENDING**  
þegar verslað er fyrir 7.000kr  
eða meira í vefverslun

# FRÁBÆRT ÚRVAL AF SPARIFATNAÐI!

Verið velkomin í jólastemninguna hjá okkur í Kringluna og á Glerártorgi  
[WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS](http://WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS)

Kringlan 551-1314  
Glerartorg 559-1314

**ZIKZAK**  
TÍSKUHÚS



Blússa  
**8.990,-**  
st.38-48



Kjöll  
**6.990,-**  
st.S-XXXL



Túnika  
**6.990,-**  
st.38-48



Kjöll  
**7.990,-**  
st.38-48



Bolur  
**5.990,-**  
st.38-48



Blússa  
**8.990,-**  
st.38-48



Túnika  
**8.990,-**  
st.38-48




Kjöll  
**8.990,-**  
st.S-XXXL



Kjöll  
**6.990,-**  
st.S-XXXL



Kjöll  
**7.990,-**  
st.S-XXXL



Bolur  
**4.990,-**  
st.S-XXXL



Kjöll  
**8.990,-**  
st.S-XXXL

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík  
☁  
5 | 3  
°C | ↓

Ísafjörður  
☁  
2 | 15  
°C | ↓

Akureyri  
☁  
3 | 5  
°C | ↓

Norðaustan 13-20 í dag, hvassast á Vestfjörðum, en lægir heldur austan til seinnipartinn. Slydda eða snjókoma á norðanverðu landinu og rigning austast, en annars dálítill væta með köflum. Hiti 0 til 8 stig, hlýjast syðst.

Egilsstaðir  
☁  
2 | 7  
°C | ↓

Kirkjubæjarkl.  
☁  
3 | 2  
°C | ↓

Hveravellir  
☁  
-2 | 9  
°C | ↓

## Laugardagur

Reykjavík  
☁  
3 | 2  
°C | ↓

Ísafjörður  
☁  
2 | 16  
°C | ↓

Akureyri  
☁  
3 | 2  
°C | ↓

Egilsstaðir  
☁  
2 | 3  
°C | ↓

Kirkjubæjarkl.  
☁  
4 | 3  
°C | ↓

Hveravellir  
☁  
-2 | 6  
°C | ↓

## Sunnudagur

Reykjavík  
☁  
2 | 7  
°C | ↓

Ísafjörður  
☁  
-2 | 10  
°C | ↓

Akureyri  
☁  
2 | 5  
°C | ↓

Egilsstaðir  
☁  
1 | 8  
°C | ↓

Kirkjubæjarkl.  
☁  
1 | 5  
°C | ↓

Hveravellir  
☁  
-5 | 12  
°C | ↓

### LÉTT

7	6		3		8	2
	8	9				7
			5			
4		6		7	8	9
	5		1	9	3	4
	2					
2	3		4	5		1
			6			
	9	8			3	

### MIDLUNGS

7				1		9			
8	9	5				4			
			9			6		8	
3	9	6	7		5	8	1		
			3	4					
5	2	8				7		4	
			4	5	9		3		
									5

### PUNG

				9	3				6
3		7							5
	5			7	8				2
6	1								
				1	4				
2		9					7		
				3		2			4
		1			7	6			3

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
 1 skinn  
 5 spira  
 6 í röð  
 8 þerra  
 10 ýviður  
 11 kopar  
 12 yfirsjón  
 13 hnarreist  
 15 hryggðar  
 17 véla
- LÓDRÉTT**  
 1 tungumál  
 2 sill  
 3 blóðhlaup  
 4 skoran  
 7 sýsla  
 9 mökkur  
 12 etja  
 14 stafur  
 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 hamur, 5 bla, 6 ab, 8 þurrka, 10 yr, 11 net, 12 synd, 13 kál, 15 angrs, 17 narra. LÓDRÉTT: 1 háþýska, 2 alur, 3 mar, 4 rákin, 7 bar, 8 úsa, 9 reykur, 12 síga, 14 enn, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Ein af skákum ársins var tefld á rússneska meistaramótinu í fyrra-dag. Daniil Dubov (2.702) átti leik gegn Sergey Karjakin (2.752).

### Hvítur á leik



**19. Dxc6!! fxc6 20. Hxe6 Df7 21. Bxc3! Kh8 22. He4 Df5 23. He7 Hg8 24. Bxg8 Hxg8 25. dxc7 Dc2 26. Be5.** Þrátt fyrir hvítur sé liði undir eru stöðuyfirburðir hans miklir og hann vann sigur. Hægt er að skoða skýringar Ingvars Þórs við skákina í gegnum skak.is.

www.skak.is: Föstudagsmót Vikingaklúbbsins.

2	5	6	3	9	7	8	4	1
8	4	3	6	1	5	2	9	7
7	9	1	8	2	4	3	5	6
4	2	7	9	5	1	6	8	3
3	6	5	7	4	8	9	1	2
9	1	8	2	3	6	4	7	5
5	7	9	4	6	3	1	2	8
6	8	2	1	7	9	5	3	4
1	3	4	5	8	2	7	6	9

2	9	5	8	4	6	7	3	1
3	4	1	7	5	2	8	9	6
6	7	8	9	1	3	2	4	5
7	5	9	2	3	4	6	1	8
4	6	3	5	8	1	9	2	7
8	1	2	6	7	9	4	5	3
9	2	7	1	6	5	3	8	4
1	8	4	3	9	7	5	6	2
5	3	6	4	2	8	1	7	9

3	4	5	9	8	6	7	1	2
1	2	9	3	7	4	6	8	5
6	7	8	1	5	2	4	3	9
5	3	2	6	9	7	8	4	1
4	1	6	2	3	8	9	5	7
8	9	7	4	1	5	3	2	6
7	5	4	8	2	9	1	6	3
9	8	1	5	6	3	2	7	4
2	6	3	7	4	1	5	9	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lærétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

### Bakslagið kom seinna

Árið 2020 hefur verið viðburðaríkt hjá **Önnu Sigríði Sigurðardóttur**. Í upphafi árs féll snjóflóð á hús hennar á Flateyri þaðan sem dóttur hennar var giftusamlega bjargað og nú undir lok þess hafa hún og barnsaðir hennar, **Ólafur Stefánsson** náð aftur saman og smíða skartgrip í Íshúsi Hafnarfjarðar.



### Royal jóladraumur í Skerjafirði

**Edda Björg Eyjólfsdóttir** leikkona er mikill fagurkeri og fór alla leið með að dekka jólaborðið heima fyrir lesendur Fréttablaðsins og er ekki laust við að manni finnst maður kominn til Köben.



### Rauðar varir um jólin

Þó að það séu bara þeir nánustu í jóla-kúlunni þetta árið er ekkert vit í öðru en að klæða sig upp á fyrir sjálfan sig og sitt fólk. Falleg förðun er auðvitað lykilatriði svo **Helga Kristjáns** förðunarfræðingur gefur lesendum góð ráð.



**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**



# ILVA

# GO CRAZY

*Sparadtu*

# 25%

# AF ÖLLUM VÖRUM\*

## FIMMTUDAG - MÁNUDAGS

### DAGANA 17.-21. DESEMBER

\*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.

40% AF JÓLAVÖRUM TIL JÓLA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
Breyttur afgreiðslutími í desember. Virkir dagar 11-20, Helgar 12-20

netgíró  
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

## Furstynjan og froskurinn

BÆKUR

Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf

★★★★★

Snæbjörn Arngrímsson

Útgefandi: Vaka-Helgafell  
Blaðsíður: 282



Snæbjörn Arngrímsson rithöfundur.

Óðar sögur sitja í manni lengi. Skemmtilegar, frjóar og vel skrifadar íslenskar skáldsögur sem ég las sem krakki eins og Lúsastríðið. Ferðin til Samiraka og Biobörn koma vandræðalega oft upp í kollinn þrátt fyrir að vel sé farið að síga á síðari hluta þrítugsaldursins hjá undirritaðri. Þannig geta bæði óðar og snidugar barna- og unglingabækur setið með manni alla ævi. Nýjasta skáldsaga Snæbjörns Arngrímssonar, Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf, er ein af þeim skáldsögum sem höfða til yngri lesenda í jólabókaflóðinu í ár. Skáldsagan er sjálfstætt framhald fyrstu skáldsögu Snæbjörns, Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2019. Hún er jafnframt önnur sagan um ævintýragjöfnum og hugrökku krakkana Millu og Guðjón G. Georgsson í Álftabæ.

Þegar dularfull og moldrik furstynja flytur óvænt í Álftabæ vekur það skiljanlega nokkra undrun meðal heimamanna. Sérstaklega þegar í ljós kemur að hún hefur litinn sem engan áhuga á samskiptum við annað fólk. Fyrir tilviljun leggur furstynjan traust sitt á Millu og býður henni, fyrstum bæjarbúa, heim í te. Þegar Milla finnur inni á íburðarmiklu heimili furstynjunnar furðulega stytta sem virðist búa yfir töfrakröftum flækjast málin enn frekar. Á sama tíma hverfur bekkjarbróðir Millu sporlaust. Doddi er bæði fantur og fúlmanni en auðvitað leggjast allir íbúar bæjarins á eitt til þess að finna hann. Milla og Guðjón G. Georgsson taka að sjálfsögdum þátt í leitinni að Dodda á sama tíma og þau reyna að svara öllum þeim ósvörðu spurningum sem fljóta í kringum furstynjuna og dularfullu styttuna hennar sem rataði



svona næstum því eiginlega óvart í hendur Millu.

Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf er spennandi skáldsaga og sögumaðurinn Milla heldur lesanda vel við efnið þó hún eigi það til að vera örllítið háfleyg miðað við aldur. Persónur verksins eru litríkar og skemmtilegar en skilja líka sitt eftir fyrir ímyndunaraflíð. Það sem að mínu mati stendur þó helst stendur upp úr í verkinu er lifandi tungumálið og textinn, fullur af skemmtilegum orðum og lýsingum um daginn og veginn í Álftabæ. Snæbjörn er heldur ekkert feiminn við að hafa smá spennu og myrkur í sögunni og það eru svo sannarlega ekki einungis englar í Álftabæ. Textinn höfðar þannig að vissu leyti bæði til yngri og eldri lestrarhesta.

Hins vegar má gott alltaf bæta og í lok dagsins hefði kannski verið skemmtilegt að sjá fléttuna í lok verksins vera betur úthugsada eða flóknari. Þannig virtist endinum hafa örllítið verið slumpað af eins og á það til að gerast í skáldsögum þar sem spennan er í fyrirrúmi. Það þýðir hins vegar ekki annað en að biða eftir fleiri ævintýrum Millu og Guðjóns í Álftabæ.

Bryndis Silja Pálmadóttir

**NIÐURSTADA:** Spennandi skáldsaga sem ungir lestrarhestar ættu að gleypa í sig með litríkum persónum og lifandi texta.



Ég sá að hún átti erindi til annarra, segir Úlfar Þormóðsson um dagbókina sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fullt af alls konar

Dagbókarskrif Úlfars Þormóðssonar birtast í bókinni **Dagatal. Hann var hætur að greina á milli daganna og fór að skrifa.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Rithöfundurinn Úlfar Þormóðsson hélt dagbók á árunum 2018-2019, sem nú birtist í bókinni **Dagatal**.

Spurður hvort hann hafi strax í upphafi haft í hyggju að skrifa dagbók til að birta á prenti svarar hann: „Nei! Þetta hófst með því að einn fimmtudag í desemberdrunganum 2017 fékk ég á tilfinninguna að allir dagar ævi minnar væru að verða svo líkir hver öðrum að ég greindi ekki á milli þeirra. Eigi að síður var ég viss um að þetta væri ekki svona þótt ég gæti ómögulega krafsað það upp úr huganum hvað aðgreindi þá og hvað ég hafði verið að gera öðruvísi í gær en í dag. Upp úr þessum þanka ákvað ég að halda dagbók. Fyrir sjálfan mig. Einan. Svo að ég gæti fylgst með mér. Og hófst handa við áramót.“

Af hverju sá hann ástæðu til að gefa dagbókina út? „Ég sá að hún átti erindi til annarra,“ segir hann. „Það var komið fram yfir mitt ár 2018 þegar ég fyrst las yfir það sem ég hafði skráð og sá þá að það var langur vegur frá því að allir mínir dagar væru eins. Mér varð líka



ÞARNA VAR FULLT AF ALLS KONAR; HUGLJÓMANIR, BÓKADÓMAR, PÓLITISKIR PISTLAR, FIMMEYRINGAR, ÆVINTÝRI, ANGUR OG ELSKUSEMI.

ljóst að þetta var ekki einvörðungu dagatal. Þarna var fullt af alls konar; hugljómanir, bókadómar, pólitískir pistlar, fimmeyringar, ævintýri, angur og elskusemi. Og þér að segja sérstaklega, er þarna sagt frá viðbrögðum þjóðþekktar konu, sem ég flutti slúðursögu um ástarlíf sem hún var þannig og viðbrögðum hennar við sláðrinu, glotti sem small í. Þarna staddur í vangaveltum fannst mér að það ættu fleiri að fá að lesa um þetta en ég einn. Allt þetta og annað öðruvísi.“

Spurður hvort hann hafi tekið eitthvað út úr dagbókinni fyrir útgáfu segir hann: „Það var ekki ætlunin. Enda hafði ég ekki skrifað niður neitt af því sem flokkast undir „okkar á milli sagt“. Hins vegar beit hún mig samviskan og fullvissaði mig um að ég þyrfti að fá leyfi til að birta tölvupósta annarra. Ég hafði samband við nokkra sem gáfu mér leyfi til að nota efni frá þeim eins og mér þóknaðist best.“

Svo neitaði einn sómamaður eins og frá er skýrt í dagatalinu. Þá kom upp í mér þvergirðingur. Hann svæfði samviskubitið og ég hætti að spyrja aðra hvað ég mætti skrifa. Af þessu tilefni finnst mér rétt að vitna í formálsorð bókarinnar þótt tilvitnunin eigi þar við um annað mál. Þar segir:

Meðfram þessu var ég að lesa bók. Þar er fólk að tala saman um álitamála og spurt er:

*Heldurðu að þetta skipti máli?*

Og svarið kom í næstu línu:

Mögulega, eða kannski ekki, ég veit það ekki.“

Á þeim tíma sem Úlfar hélt dagbók var hann að skrifa skáldsögu.

„Ég kallaði hana Planið en við útgáfu 2019 hlaut hún nafnið Hugvillingur. Hún er, svo að ég noti orð útgefandans af algjöru blygðunarleysi, „bók sem er í senn lýsing á veröld sem var og manngerðum ógnum í nútímanum sem eru að fléttast inn í veruleika okkar“.

Úlfar segist ekki hafa tíðkað að haldið dagbók um ævina. „Ég hef fundið glefsur sem benda til þess að ég hafi verið með einhverja tilbúroð til þess arna. Ef ég man rétt var lengsta úthaldið tvær vikur. Það kom mér því á óvart að geta haldið út í 730 daga samfellt og aðeins einu sinni eða tvisvar misst úr dag, sem ég svo gróf upp úr minninu.“

## Á ferðalagi milli Íslands og Frakklands

Peysur og parruk er fyrsta plata Gadus Morhua Ensemble, en þar leiða saman hesta sína Eyjólfur Eyjólfsson, söngvari, flautu- og langspilsleikari, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir barokksellóleikari og söngkonan Björk Nielsdóttir.

„Við komum fyrst saman árið 2016 fyrir þjóðbúningahátíðina Skotthúfuna í Stykkishólmi og höfum komið furðu oft saman eftir það, miðað við að Björk býr í Amsterdam, Steinunn á Akureyri og ég á Suðurlandi,“ segir Eyjólfur. „Áherslan í efnisskrá okkar eru íslensk og erlend þjóðlög, klassísk einsöngslög í eigin útsetningum og frumsamíð efni.“

„Við höfum verið að leika okkur með nýja tónlistarstefnu sem við köllum það stofufarokk en þar

**ÁHERSLAN Í EFNIS-SKRÁ OKKAR ERU ÍSLENSK OG ERLEND ÞJÓÐLÖG, KLASSÍSK EINSÖNGSLÖG Í EIGIN ÚTSETNINGUM OG FRUMSAMÍÐ EFNÍ.**

blöndum við okkar íslenska langspili saman við barokksellóleik. Þannig verður til sambland af íslenskri það stofumenningu og evrópskri hámenningu,“ segir Steinunn.

Um helmingur verkanna á plötunni er eftir þau, en þar er einnig að finna gömul íslensk lög, eins og Ísland farsælar frá frón og Ó, mín flaskan fráða. Frönsk lög eru einnig áberandi á disknum. „Þarna fer Steinunn, við undirleiks langspils, með textann í þjóðsöng Frakka og

við fletjum lagið frá frönsku myndinni Allir heimsins morgnarnir um nunnuna sem átti ekkert gott eftir í lífinu,“ segir Björk. „Við erum á ferðalagi milli Íslands og Frakklands og leikum okkur með hugmyndina um hvað hefði gerst ef franskur aðalsmaður hefði komið til Íslands með barokkselló og tekið hús á tónelskum bónda.“

Þau segjast vera með fjölmargar hugmyndir að plötum. „Hugmyndin er að vera með alls konar þemu. Við byrjuðum í Frakklandi, kannski förum við til Englands næst og svo Norðurlandanna. Við erum að vinna í því að blanda saman alls kyns hefðum og leggjum áherslu á að menningararfur er eitthvað sem á að leika sér með, hann er ekki meitl-aður í stein,“ segir Eyjólfur. — kb



Þrieykið Björk, Steinunn og Eyjólfur senda frá sér fyrstu plötu sína, sem ber titilinn Peysur og parruk. Fleiri plötur eru á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# Frábærar gæsadúnsængur og koddar úr hvítum gæsadún



Hágæða sængurfatnaður frá  
Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX



DUXIANA  
Ármúla 10  
S-5689950  
duxiana.com

DUXIANA®

Hápróaður svefnbúnaður

## Höfuðbók um höfuðverk

### BÆKUR

#### Höfuðbók

★★★★★

#### Ólafur Haukur Simonarson

Útgefandi: Sögur  
Fjöldi síðna: 286

Í nýjstu bók sinni Höfuðbók, fléttar Ólafur Haukur Simonarson saman ýmsa ólíka þræði og býr til mósaiķverk úr ólíkum áttum sem er ekki samfelld saga heldur þættir, ýmist tengdir saman eða ekki, úr textabrotum úr ýmsum áttum. Grunnstefið er samt heiftarlega sársaukafullur taugasjúkdómur í höfði, þrenndar-taugaverkur, sem rekur höfundinn í hús á Hellnum á Snæfellsnes til að skrifa og lifa, fjarri öðru áreiti en því sem býr innra með honum sjálfum.

Titillinn Höfuðbók vísar í höfuð-kvalirnar en líka í reikningsskil, enda höfuðbók hugtak úr banka-kerfinu sem notað er til flokkunar og skilgreiningar á reikningum, eða eins og segir í undirtitli bókarinnar: þar sem safnað er saman niðurstöðum af færslum í frumbækur og settar hver á sinn reikning. Þannig má lesa titilinn og bókina sem uppgjör og og flokkun á því sem hugurinn færir höfundinum milli stríða höfuðverkjanna.

Skriftirnar verða margs konar og úr ýmsum áttum en eiga það þó sammerkt að tengjast oftast en ekki Snæfellsnesi á einhvern hátt þar sem höfundurinn á langa sögu þar. Þa n n i g s k r i f a r h a n n sögu staða og örnefna, rifjar upp Íslendingasögur sem gerast þar, þjóðsögur og sagnir. Við sögu koma Bárður Snæfellsás og dóttir hans Helga, Axlar-Björn og vöðaverk hans, draugar, sýslumenn og almúginn, stór örlög og miklar sögur enda Snæfellsnes sá staður á landinu þar sem orkugeislir alheimsins þéttast hve mest, eins og segir á bókarkápu. Hann skrifar formála að hinum og þessum safnrítum, rifjar upp minningar úr æsku, blandar öllu saman og veltir vöngum.



Einnig koma við sögu persónur sem eru alfarið hugarfóstur Ólafs sjálfs, Njáll Traustason heimilislæknir úr bókinni Aukaverkanir sem kom út árið 2016 gengur hér í endurnýjun lífdaga og sjálfur tekur Ólafur á sig hlutverk úr þeirri bók, glaumgosans Jolla, og skrifar sögu Njál's út frá sjónarhóli hans. Ævintýri Njál's teygja sig einnig víða, hann fer meðal annars á kvikmyndahátíðina í Cannes og þaðan spinnst furðuleg saga með skemmtilegum persónum.

Hvert þessara söguefna um sig hefði getað orðið að heilli bók og þannig fær lesandinn líka innsýn í vinnu rithöfundarinnar, hvernig hugmyndir eru prófaðar og settar niður sem svo verða kannski og kannski ekki að stærri verkum.

Úr þessum fjölmörgu ólíku flisum verður til þessi mósaiķ eða þáttatal, bók sem er mjög skemmtileg aflestrar og þarf ekki að lesa í einum rykk heldur er gott að grípa niður í og lesa kafla og kafla, sér til fróðleiks og skemmtunar.

Brynhildur Björnsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og fróðleg bók sem ætti að gleðja áhugafólk um býsna margt.



Ef lesendur glotta og gleðjast á einhverjum síðum þá er markmiðinu náð, segir Borkur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

# Vonlaus baráttu aula

Frásaga Jóns Jónssonar af því hvernig á að ná árangri í starfi og einkalífi er skáldsaga eftir Bork Gunnarsson. Hann vinnur nú að kvikmyndahandriti.

#### Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



**B**orkur Gunnarsson er höfundur skáldsögunnar Frásaga Jóns Jónssonar af því hvernig á að ná árangri í starfi og einkalífi. Aðalpersónan er blaðamaður sem kominn er í vinnu hjá Morgunblaðinu, en þar starfaði Borkur einmitt um tíma.

„Ég hef unnið með alls konar fjölmiðlafólki eins og Gunnari Smára og Agli Helga þannig að ég á alls konar sögur úr fjölmiðlaheiminum sem ég vildi tengja inn í skáldsögu. Svo varð að vera söguþráður og hann snýst um baráttu Jóns við að vera einhvers metinn í lífinu og

vinnunni án þess að hafa nokkra burði til þess því hann er auli. Sú baráttu tapast að sjálfsöguðu. Sagan varð þrisvar sinnum lengri en hún er í lokagerð, þannig að ég skar hana grimmt niður og þá fuku margar sögurnar úr blaðamannaheiminum,“ segir Borkur.

#### Algjört léttmeti

Sagan er í gamansömum stíl. „Hún er algjört léttmeti og ef lesendur glotta og gleðjast á einhverjum síðum þá er markmiðinu náð. Hún er ekki á dýptina, ef það er eitthvað djúpt í henni þá var það ekki ætluin. Mér finnst allt í lagi að skrifa þannig einstaka sinnum.“

Borkur hefur unnið jöfnum höndum að því að skrifa bækur og kvikmyndahandrit. Hann er með kvikmyndahandrit í vinnslu. „Það fjallar um tvö pör sem eru að stíga



**SAGAN VARÐ ÞRISVAR SINNUM LENGRI EN HÚN ER Í LOKAGERÐ, ÞANNIG AÐ ÉG SKAR HANA GRIMMT NIÐUR OG ÞÁ FUKU MARGAR SÖGURNAR ÚR BLAÐAMANNAHEIMINUM.**

fyrstu skrefin í listaheiminum. Annað parið er alltaf að rifast, hitt parið rifst ekki. Rífrildið verður eins og smitsjúkdómur sem fer yfir á rólega parið, það er ekki með neitt mótefni og ástin deyr og samband þeirra splundrast. Hitt parið nærst á átökum og ástin blómstrar í gegnum ofbeldi og stanslaust rífrildi.“

#### Vandinn við bímyndir

Borkur biður nú eftir því hvort

hann fái framleiðslustyrk fyrir myndina. „Ég er með margar hugmyndir að bókum en þarf að setja þær til hliðar meðan ég er að berjast í þessu bímyndadæmi. Þegar ég lít yfir ferilinn þá er eitt verk eftir mig sem hefur virkilega slegið í gegn, það var bímyndin Sterkt kaffi sem ég gerði í Tékklandi. Sú mynd fór á fjölda kvikmyndahátíða og var sýnd á sjónvarpsstöðvum alls staða í Evrópu og fékk verðlaun víða.“

Vandinn við bímyndir er að þær eru svo dýrar í framleiðslu. Ég hef fengið sjö kvikmyndastyrki frá Kvikmyndasjóði en þær myndir komust aldrei á hvíta tjaldið. Þegar svo er þá er maður að skrifa fyrir ruslafötuna. Þannig að ég skrifa líka bækur og það er mikilvægt fyrir mig sem rithöfund að vera í samræðum við lesendur.“

## Finn tónlistarflutningur, slæm dagskrárgerð RÚV

### TÓNLIST

★★★★★

**Sinfóniuhljómsveit Íslands flutti verk eftir Vivaldi, Händel og Mozart**

**Einsöngvari:** Álfheiður Erla Guðmundsdóttir.

**Einleikarar:** Páll Palomares og Vera Panitch.

**Stjórnandi:** Daníel Bjarnason.

**Eldborg í Hörpu, bein sjónvarpsútsending RÚV**

Fimmtudagur 10. desember

**S**agt hefur verið að eina leiðin til að fá tvo fiðluleikara til að spila hreint sé að skjóta annan þeirra. Þetta er auðvitað brandari, en það er sannleikskorn í honum eins og ótal dæmi sanna. Hann átti hins vegar ekki við á tónleikum Sinfóniuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Tónleikunum var streymt úr Hörpu og sýndir á RÚV. Á efnisskránni var fiðlukonsert í a-moll eftir Vivaldi. Einleikarar voru Vera Panitch og Páll Palomares. Samleikur þeirra var hreinn, takturinn nákvæmur og flutningurinn í heild fumlaus og öruggur.

Slæmu fréttirnar eru að hljómurinn í útsendingunni var ekki góður. Í tónlist Vivaldis eru ótal fingerð blæbrigði. Nægir að benda á Árs-tíðirnar sem flestir þekkjá. Þar eru



Söngur Álfheiðar var í senn kröftugur og áreynslulaus. MYND/AÐSEND

ýmiss konar smáatriði, sem segja svo ótalmargt. Sama er uppi á teningnum í fiðlukonsertinum hér. Í útsendingunni var aftur á móti svo mikill glymjandi að allt þetta nóstursamlega flattist út og útkoman var afar leiðinleg. Ég hlustaði á útsendinguna í vönduðum stúdíóhátölurum, svo ekki er hægt að kvarta undan græjunum. Nei, hér var einfaldlega ekki vandað nægilega til verka.

#### Afburða söngkona

Hljómurinn var líka skringilegur þegar Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópran söng. Það var Let the Bright Seraphim og Lascia

ch'io pianga eftir Händel og Al destin che la minaccia eftir Mozart. Söngur Álfheiðar var vissulega stórfenglegur, einstaklega fagaður og hljómamikill; túlkunin innileg og grípanði. Sérstaklega var Mozart glæsilegur, söngurinn var í senn kröftugur og áreynslulaus. Aftur á móti var styrkleikajafnvægið á milli söngs og hljósveitar ekki alveg rétt. Hljómsveitin var fullsterk í samhenginu við sönginn, ekki alvarlega, en nægilega til að það truflaði stundum upplifunina.

Lokaverkið á dagskránni var sínfónía nr. 25 eftir Mozart. Hún er í molltöntegund og því nokkuð þungbúin. Lengi vel var hún ekki

meðal þekktust tónsmíða tónskáldsins, þótt sjálfur Beethoven hafi haft mikið dálæti á henni. Með kvikmynd Milosar Forman, Amadeus, á níunda áratug síðustu aldar, breyttist það. Sínfónían leikur stórt hlutverk í myndinni, skapar dramatiskt andrúmsloft þrungið spennu.

#### Tærleikann vantaði


Daníel Bjarnason stjórnandi sýndi þarna ágæta tilfinningu fyrir tónlistinni, laglínurnar voru fagurlega mótaðar og framvindað sannfærandi. Það dugði þó skammt því glymjandinn í útsendingunni, sérstaklega í bassanum, var of mikill. Þetta var óþægilega áberandi í hægja kaflanum, þar sem allt flaut í bergmáli, og svo sem víðar líka.

Annað klúður átti sér stað í lok þáttarinnar, þegar kreditlistinn rúllaði yfir skjáinn. Einn af flautuleikurunum á tónleikunum var sagður vera Hallfríður Ólafsdóttir, sem andaðist fyrir skemmstu. Og svo hvarfseinni helmingurinn af kreditlistanum fyrirvaralaust. Hvort tveggja var einstaklega klaufalegt. Það verður að gera betur en þetta.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Finn tónlistarflutningur hjá Sinfóniunni, magnaður söngur Álfheiðar Erlu Guðmundsdóttur, en illa prúðuserað af RÚV.

# ÞJÓÐARGERSEMIN BUBBI



„... bráðskemmtileg fyrir áhugamenn um músík, þjóðfélagsmál, pólitískar hræringar, umrót tímans og aldarfar, skrifuð á lipru máli.“

SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

Árni Matthíasson rekur ævintýrlegan tónlistarferil Bubba Morthens í ríkulega myndskreyttri bók.

Skyldueign fyrir alla Íslendinga.



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga fram að jólum | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Gerum innkaupin tímanlega Lengri afgreiðslutími í desember

**18.-19. desember**

Smáratorg, Skeifan, Korputorg, Kaupún,  
Spöng, Helluhraun, Fitjar, Selfoss og Langholt

**10:00 - 20:00\***

\*Almennur afgreiðslutími í öðrum verslunum

**FROSNAR  
UNGNAUTALUNDIR**  
LÆGRI TOLLAR LÆGRA VERÐ



**TAKMARKAÐ  
MAGN**

**2.998** kr./kg


Ungnautalundir  
frosnar - austurrískar

**BÓNUS VERÐ**  
LÆGRI TOLLAR LÆGRA VERÐ



**1.598** kr./kg

Kalkúnabringur  
frosnar - þýskar



**999** kr./kg

Peking Önd  
frosin - stk. er um 2,4 kg



**2.995** kr./1,06 kg

Crispy Önd  
pakki

**BÓNUS**  
það munar um minna



**2.798** kr./dósin

Andaconfit  
1350 g nettóvígt




**1.198** kr./pk.

Hráar Risarækjur  
454 g

**MEÐ  
BEINI**

**MINNA SALT  
ÞARF EKKI AÐ SJÓÐA**  
...bara beint inn í ofn  
þangað til að kjöthitamælir  
sýnir 65°C kjarnhita

**ÚRBEINADUR**



**1.198** kr./kg

**1.398** kr./kg

**1.198** kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur  
nýreyktur - með beini

Bónus Hamborgarhryggur  
nýreyktur - úrbeinaður

KS Lambalæri  
frosin

**MEÐ  
BEINI**

*Ali*

**ÚRBEINADUR**



**1.598** kr./kg

**1.798** kr./kg

**3.195** kr./kg

Ali Hamborgarhryggur  
með beini

Ali Hamborgarhryggur  
úrbeinaður

Íslandslamb Birkireykt Hangilæri  
úrbeinað

*Wellington*



**2.598** kr./kg

**5.998** kr./kg

Norðlenska Fjalla Hangilæri  
úrbeinað

Íslandsnaut Wellington  
nautalund

Íslensk innbökuð nautalund - frosin

**ÍSLENSKT**  
LÁTTU ÞAD GANGA

## DAGSKRÁ

## Föstudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Lífið er lag (e)** Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.  
**20.30 Matur og heimili (e)** Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.  
**21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.  
**21.30 Viðskipti með Jóni G. (e)** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**  
**09.10 Kastljós**  
**09.25 Menningin**  
**09.35 Söngfluglar með heilabilun - Seinni hluti Our Dementia Choir**  
**10.35 Veiðikofinn Lax**  
**11.00 Úr Gullkistu RÚV. Villt og grænt Selur og hvalur**  
**11.25 Ólympiukvöld fatlaðra**  
**12.20 Heimaleikfimi**  
**12.30 Munaðarleysingjar í nátt-úrinni**  
**13.20 Erin Brockovich**  
**15.25 Sætt og gott - jól**  
**15.55 Kósýheit í Hveradölum**  
**17.00 Græn jól Susanne**  
**17.05 Bitlarnir að eilífu - Blackbird**  
**17.20 Jóladaðgatalið. Snæholt**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Jóladaðgatalið - Jól í Snædal**  
**18.24 Erlen og Lúkas Jólakastur með Ebbu Guðnýju**  
**18.35 Húllumhæ**  
**18.50 Landakort Kafarajól**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.45 Norræn jólaveisla Det store Nordiske Juleshow 2020** Árleg jólatónlistarveisla danska ríkisútvarpsins. Flutningur er í höndum sífóníuhljómsveitar DR auk þess sem ýmsir norrænir listamenn stíga á svið, þeirra á meðal er Eivör Pálsdóttir.  
**21.15 Dásamleg helvítis jól En underbar jævla jul** Sænsk gamanmynd um óhefðbundnar fjölskyldur á jólum. Simon og Oscar eru nýfluttir inn með vinkonu sinni Cissi. Þegar fjölskyldur þeirra koma í heimsókn um jólín biða þeirra óvæntar fréttir. Aðalhlutverk: Robert Gustafsson, Maria Lundqvist, Helena Bergström og Anastasios Soulis.  
**23.00 Síðasta jóladjammið The Night Before** Jólágamanmynd um þrjá æskuvini sem hafa í fjölda ára hist á aðfangadagskvöld og slett úr klaufunum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.  
**00.40 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 PGA Special. FedEx Cares Charity Challenge**  
**10.15 PGA Tour 2020** Útsending frá Houston Open.  
**13.15 PGA Highlights 2020**  
**14.05 2020 Champions Tour. Year in Review**  
**14.55 LPGA Tour 2020** Útsending frá CME Group Tour.  
**18.00 LPGA Tour 2020** Bein útsending frá CME Group Tour.  
**21.00 PGA Tour 2020** Útsending frá QBE Shootout.

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1  
 FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**12.30 Dr. Phil**  
**13.15 The Late Late Show**  
**14.00 A.P. BIO**  
**14.25 The F Word (US)**  
**16.30 Family Guy**  
**16.50 The King of Queens**  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Dr. Phil**  
**18.20 The Late Late Show**  
**19.05 The Moodys Christmas**  
**19.30 Man with a Plan**  
**20.00 The Bachelorette**  
**21.30 Bridget Jones's Baby**  
**23.15 No Strings Attached** Myndin segir frá vinunum Adam og Emmu sem hafa þekkt um árabíl. Adam er óláknandi kvinnabósi sem skiptir nánast jafn oft um bólfélag og nærbuxur. Emma er ungur læknir sem vinnur 80 tíma á viku og á engan kærasta vegna þess að hún hefur einfaldlega ekki tíma eða áhuga á því.  
**01.00 Date and Switch**  
**02.30 Black Sea**  
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Í ljósi sögunnar**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Óskastundin**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.03 Hádegðið**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.40 Hádegisdeftir fréttir**  
**13.00 Dánarfregnir**  
**13.02 Það sem skiptir máli**  
**13.05 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Heimskviður**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Sögur af landi**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Glans**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestarklefinn**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Flugur Hljómar, Óðmenn, Málar og Jónas og Einar**  
**19.45 Lofthelgin**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.30 Kvöldsgagan. Atómstöðin (10 af 17)**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.10 Samfélagið**  
**23.05 Lestarklefinn**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 Every Day**  
**12.25 20th Century Woman**  
**14.20 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**  
**15.55 Every Day**  
**17.30 20th Century Woman**  
**19.25 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**  
**21.00 American Ultra**  
**22.30 Grimmd** Íslensk spennu-mynd sem segir frá því þegar tvær ungar stelpur hverfa sporlaust af leikvelli í Árbænum.  
**00.10 Rambo. Last Blood**  
**01.50 American Ultra**

## STÖÐ 2

**08.00 The Middle**  
**08.20 God Friended Me**  
**09.05 Bold and the Beautiful**  
**09.25 Gilmore Girls**  
**10.10 Supernanny**  
**10.50 One Born Every Minute**  
**11.35 Shipwrecked**  
**12.25 Jóladaðgatalið Árna í Árdal**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Blokk 925**  
**13.15 Manifest**  
**14.00 Rikki fer til Ameríku**  
**14.25 Making Child Prodigies**  
**14.55 Who Wants to Be a Millionaire**  
**15.35 Tis the Season for Love**  
**17.35 Bold and the Beautiful**  
**18.00 Nágrannar**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakkinn**  
**18.55 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla**  
**19.40 The Family Stone**  
**21.25 Downhill**  
**22.50 The Beach**  
**00.45 Mile 22**  
**02.20 Kidnap**  
**03.50 Tis the Season for Love**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**  
**20.00 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.50 Stelpurnar**  
**21.10 Roswell, New Mexico**  
**21.55 Game of Thrones**  
**22.50 Game of Thrones**  
**23.45 Simpson-fjölskyldan 32**  
**00.10 Bob's Burgers 11**  
**00.35 Flash**  
**01.25 Friends**  
**01.45 Friends**  
**02.10 Stelpurnar**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.55 Keflavík - Snæfell** Útsending frá 4. leik í úrslitaeinvígi Dominos-deildar kvenna árið 2017.  
**10.40 Haukar - Snæfell** Útsending frá oddaleik í Dominos-deild kvenna árið 2016.  
**12.10 Snæfell - Keflavík** Útsending frá leik 3 í úrslitaeinvígi Dominos-deildar kvenna árið 2015.  
**13.25 KR - ÍR. Leikur 5** Útsending frá oddaleik í úrslitum Dominos-deildar karla árið 2019.  
**15.30 Haukar - KR** Útsending frá leik 4 í úrslitaeinvígi í Dominos-deild karla árið 2016.  
**17.15 Annáll 2019. Körfubolti karla og kvenna**  
**18.55 Man in the Middle**  
**20.00 Dominos Körfuboltakvöld**  
**21.15 Aron Einar Gunnarsson**  
**21.40 Sara Björk Gunnarsdóttir**  
**22.05 Aron Pálmason**  
**22.35 Emil Hallfreðsson**  
**23.05 Martin. Saga úr Vesturbæ**  
**23.50 La Liga Show**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.20 Heimsmeistaramótið í pílukasti**  
**10.20 Heimsmeistaramótið í pílukasti**  
**14.20 Benevento - Lazio**  
**16.00 Real Madrid - Athletic Bilbao**  
**17.40 Roma - Torino**  
**19.25 La Liga Show**  
**19.55 Preston North End - Bristol City** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.  
**22.00 Barcelona - Real Sociedad**  
**23.40 NFL Gameday**  
**00.05 Athletic Bilbao - Huesca** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

ÞRIÐJUDAGA  
KL. 21.30!

## STJÓRNANDINN

Upplýsandi og fróðleg þáttaröð um konur, fyrirmyndir og fjölbreytileikann í íslensku atvinnulífi í umsjá Huldu Bjarnadóttur.

Þriðjudaga kl. 21:30, bara á Hringbraut.



HRINGBRAUT




# GLEÐILEG BÓKAJÓL!



**Útkall á ögurstundu**  
Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa á hverju ári frá 1994 verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga og þær hafa verið gefnar út víða um heim. Í þessum hörkuspenandi bókum gleyma lesendur sér í frásögnum þar sem höfundurinn og söguhetjurnar sjálfar lýsa sönnum atburðum úr íslenskum raunveruleika.

4.399 kr.



**Siddi gull**  
Í þessari bók segir bistilfirðingurinn Sigmar Ó. Mariússon - Siddi gull - frá viðburðarriki ævi sinni. Riflega tvitugur að aldri missti hann báða fæturna í bíslysi á Heiðarfjalli á Langanesi og hafði þá ýmislegt dunið á honum áður og átti enn eftir að gera.

4.899 kr.



**Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin**  
Í þessari bók eru teknir fyrir allir íslenskir, reglubundnir varpfluglar í hérlendi og erlendra þjóðtrú og sagt hverju þeir tengdust. Jafnframt er hér að finna vel á þriðja hundrað mynda, sem margar hverjar eru algjört listaverk, auk útbreiðslukorts hverrar tegundar fyrir sig.

8.499 kr.




**Samskipti**  
Góð samskipti eru lykillinn að velgengni og þau opna fjölmargar dyr. Þau eru það mikilvægasta sem við getum tileinkað okkur og hafa áhrif á alla þætti lífs okkar. Með færni í samskiptum gerum við lífið einfaldara og skemmtilegra, fækum árekstrum og auðveldum okkur að kynna fólk og ná markmiðum okkar.

3.999 kr.




**Spejll fyrir skuggabaldur**  
Í þessari bók skyggnist Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir undir blæjuna sem umlykur spillingu og fyrirgreiðslupólitik á Íslandi. Hún greinir frá reynslu fólks sem orðið hefur fyrir atvinnubanni og misbeitingu ráðningarvalds.

2.499 kr.



**Kórdrengur í Kaupmannahöfn**  
Við kynnumst hörðum heimi sönglistarinnar, áskorunum, hamingju og sorg. Bókin leiftrar af frásagnargleði og dregur upp ljóslifandi mynd af gömlu höfuðborginni við Eyrarsund, stórfelldum breytingum í þjóðfélaginu og lífi Íslendinga þar.

4.599 kr.



**Ellert**  
Ellert rekur hér lífshlaup sitt í hispurslausri og líflegri frásögn, allt frá uppvaxtarárum á stóru heimili í Vesturbænum fram til dagsins í dag. Bókinu prýðir fjöldi mynda.

4.449 kr.



**Kindasögur II**  
Í öðru bindi Kindasagna eru meðal annars rífuð upp tildrög þessara tilkynninga, sagt frá afdrifum kinda í eldgosum og sauðfjárhaldi í höfuðborginni, vikið að framliðnum kindum, forstukindum, stökkrollum og karakúlfé, auk kinda í kvæðum íslenskra skálda.

2.399 kr.



**Sá stóri, sá missti og sá landaði**  
Bók fyrir allt áhugafólk um laxveiði, bæði byrjendur og lengra komna. Sigurður Héðinn, hinn landsþekkti veiðimaður, fer nákvæmlega yfir hvernig stórlaxinn tekur fluguna og skoðar líka veiðitækni og veiðigræjur.

6.499 kr.



**ISORTOQ - Stefán hreindýrabóndi**  
Ævi Stefáns Hrafn Magnússonar er ævintýri líkust. Hann var alltaf í sveitinni fyrir vestan á sumrin. Hann vildi verða bóndi og á unglingsárunum hafði hann meiri áhuga á pólförum og landkönnuðum heldur en popptónlist.

4.999 kr.



Gildistími: 18. – 20. desember

**JÓLAINNKAUPIN**  
hafa aldrei verið eins leikandi létt. Þú færð jólabækurnar á [netto.is](https://netto.is)

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

**nettó**  
Lægra verð - léttari innkaup



Andrea fékk með sér einvalalið í myndatökur fyrir nýja ilminn, Lightsource. Förðunarfræðinginn Ísak Helgason og ljósmyndarann Sögu. MYND/SAGA SIG

# Hugmyndin kom á einu augnabliki

Myndlistarkonan **Andrea Maack** er fremst í flokki þegar kemur að ilmgerð á Íslandi. Hún var að setja í sölu ilminn Lightsource á akkúrat réttum tíma, að hennar sögn.

**H**önnuðurinn og ilmspekúlantinn Andrea Maack setti á markað núna fyrir jólin nýjan ilm sem heitir Lightsource. Hún segir heimsfaraldurinn vissulega hafa mikil áhrif. „Það er ekki bara það að geta ekki ferðast heldur hefur mjög mörgum af verslunum erlendis sem við seljum í annaðhvort verið lokað eða þær farið á hausinn. Þannig að ég hef alveg þurft að endurhugsa allt. Eins hefur Brexit og strangt útgöngubann í Bretlandi mikið að segja fyrir mig en ég var með framleiðsluaðila og vöruhús þar en hef ákveðið að færa allt hingað heim, líka til þess að hafa algera yfirumsjón og gegnsæi í framleiðsluferlinu. Þá get ég líka sagt við viðskiptavininn að ég viti hvernig þessu var pakkað og að öllum sóttvarnareglum hafi verið hlitt til hins ýtrasta sem er mjög mikilvægt núna,“ segir hún.

## Pakklát fyrir stuðninginn

Það var fyrir rúmum tíu árum sem Andrea datt óvart inn í þennan heim ilmvatnsgerðar í gegnum myndlist sína.

„Kúnnahópurinn hér heima er bæði karlmenn og konur. Þetta hefur vaxið hægt og þétt í gegnum árin. Það er ótrúlega skemmtilegt að heyra sögur af fólki sem hefur notað ilm frá mér alveg frá því að við frumsýndum fyrst hér heima í Spark Design Space 2010, sem þá var og hét. Ég hitti einmitt eina konu um daginn í Madison ilmhúsi sem velur sér alltaf Andreu Maack ilm fyrir jólin. Ég er roslega þakklát fyrir stuðninginn sem Íslendingar hafa sýnt mér í gegnum tíðina og kemur það mjög sterkt fram núna á tímum COVID eftir að við opnuðum vefverslun hér heima sem hefur farið hratt af stað.“

Hvað þarf góður ilmur að hafa?

„Hann þarf að hafa þrjú sterk lög,

upphaf, miðju og endi. Nótur sem vinna vel saman það er flókið mál að gera góðan ilm.“

Nú fyrir jólin setti Andrea ilminn Lightsource á markað.

„Þetta er ilmur sem ég vann fyrir nokkrum árum og hefur verið uppi á hillu hjá mér lengi en mig vantað einhverja góða ástæðu. Allt í einu í miðju COVID þurfti ég smá búst og fór að ganga með hann á mér, fann strax hvað lundin varð léttari, var farin að ferðast um allan heim í sól og hita í huganum. Ég vildi endilega að fleiri fengu að upplifa þessa sælutilfinningu í miðju samkomubanni. En innblásturinn upphaflega var einmitt 90's rave-menningin og hverju hún breytti, sleppa sér aðeins og fylla lífið af lit, gleyma áhyggjum morgundagsins.“

## Stjörnuteymi

Andrea fékk enga aukvísu með sér í tókurnar þegar kom að því að mynda ilmvatnið.

„Hugmyndin kom til mín í einu augnabliki. Fyrir tilviljum er Ísak Helgason vinur minn á landinu, hann er yfirleitt að farða stjörnur eins og Katy Perry. Ég heyrði svo í Sögu Sig, enda eru þau frábært teymi, um hvort við ættum ekki að taka myndir fyrir Lightsource. Það er svo auðvelt að vinna með svona miklu hæfileikafólki eins og Sögu og Ísak. Við treystum hvert öðru fullkomlega og útkoman er alltaf flott. Ísak fór á flug í 90's innblástrinum í litum, Saga vann með móðu og filtera og þannig náðum við að koma Lightsource-ilmnum í myndefni, sem mér finnst lýsa honum mjög vel.“

Getur þú metið það bara með því að hitta konu og sjá hana, hvaða ilmur þér þætti líklegur til að fara henni?

„Já, ég er orðin ansi nösk í því, líka fyrir karlmenn og mér finnst gaman að gíska. Annars er auðvelt að panta sér prufusett frá mér þar sem hægt



Núna var rétti tíminn til að setja Lightsource á markað að sögn Andreu.

MYND/BENJAMIN HARDMAN



**ANNARS HORFI ÉG ALLTAF Á DIE HARD, SEM ER UPPÁHALDS JÓLAMYNDIN MÍN.**



Andrea vinnur nú að byggingu Geopark Villa á Reykjanesinu. Húsið verður heimili, sýningarrými og eins konar upplifun. MYND/BENJAMIN HARDMAN

er að prófa ilmna í ró og næði heima hjá sér, en það liggur aldrei á. Það skiptir máli að gera það rétt.“

## Nýtt samstarf

Nýverið fór Andrea í samstarf við sænska heyrnartólaforritarkíð Sudío.

„Þau höfðu samband við mig fyrir nokkum mánuðum og fengu mig til að gera nýtt málverk fyrir stærstu markaðsherferð sem þau hafa farið í hingað til. Ég sem sagt hannaði fyrir þau tösku og við erum að fara að taka ferlið upp með ljósmyndarannum Benjamin Hardman í myndbandsverki hér heima. Það verður svo sýnt í gegnum Sudío um allan heim.“

## Ostrur og ansjósur

Hvað kemur þér í jólaskap?

„Ég er nú frekar mikill Grinch, alltaf að vinna eins og vitleysingur á jólunum, en er farin að horfa á þau öðrum augum í gegnum son minn Húgó sem er nýorðinn eins árs. Þannig að ég gæti alveg orðið jólaóð sérstaklega þegar við flytjum í nýja húsið á næsta ári. Þá gerum við eitt-hvað „over the top“, annars horfi ég alltaf á Die Hard, sem er uppáhalds jólamyndin mín,“ segir Andrea.

Hvernig ætlar þú að verja jóluunum?

„Í litilli jólakúlu með nánustu fjölskyldunni, það er stórt atriði að finna ostrur og góðar ansjósur. Það er hefð sem við maðurinn minn komumst upp á þegar við bjuggum á Ítalíu. Ætli ég reyni síðan ekki að slappa aðeins af eftir vægast sagt viðburðaríkt ár.“

steingerdur@frettabladid.is

# HUMMAR

NÓG TIL  
7 STAERÐIR



HUMARSOÐ

HUMARSÚPA



OPIÐ  
LAUGARDAG  
10-17



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1  
Sími 555 2800



# Draumur að veruleika á met tíma

Aron Freyr Heimisson og Einar Guðmundsson opnuðu nýlega draumaverslun fagurkerans á Hverfisgötu. Asískir straumar í bland við skandinavíska mínimalisma koma saman í versluninni Mikado.

Jólin byrjuðu snemma í ár hjá fagurkerunum Aroni Frey Heimissyni og Einari Guðmundssyni sem létu langþráðan draum rætast og opnuðu hönnunarverslunina Mikado á Hverfisgötu 50 í síðustu viku.

„Við vorum búnir að ganga með þessa hugmynd í maganum lengi en ferlið fór mun hraðar af stað en við sáum fyrir,“ segir Aron. „Það voru í raun sex vikur frá því ákvörðunin var tekin þar til búðin var opnuð.“ Það er þó ekki að sjá þegar komið er inn í verslunina þar sem nostrað hefur verið við hvern krók og kima.

Aron og Einar eru báðir grafískir hönnuðir og eiga mörg sameiginleg áhugasvið. „Við höfðum lengi velt fyrir okkur hinum ýmsu atriðum eins og nafninu og vörurvalinu og skrifað niður merki þegar við rákumst á eitthvað fallegt, svo þetta var ekki alveg úr lausu lofti gripið,“ útskýrir Aron.

## Foreldrarnir hoppuðu á bátinn

Á meðan parið bjó í Portúgal hafi draumurinn um verslun og sköpunarhús íðulega skotið upp kollinum og hugmyndin verið rædd fram og aftur. „Við vorum komnir með skýra sýn á hvert við vildum stefna á meðan við vorum úti.“ Þegar hönnuðirnir sneru aftur til heimahaganna og heimsóttu foreldra Arons fyrir norðan komst hugmyndin á næsta stig. „Ég held að það hafi komið foreldrum mínum dálítið á óvart hversu úthugsað þetta var hjá okkur og þau sáu tækifæri í því og slógu til.“

Þegar verslunarrýmið var komið í hús kom öll stórfjölskyldan að því að koma búðinni í lag. „Við hönnuðum rýmið sjálfir og fjölskyldur okkar hjálpuðu með fjármagn og

**ÞAÐ VORU Í RAUN SEX VIKUR FRÁ ÞVI ÁKVÖRÐUNIN VAR TEKIN ÞAR TIL BÚÐIN VAR OPNUÐ.**

uppsetningu.“ Útkoman olli engum vonbrigðum og kveðst Aron vera hæstánægður með hana.

## Selja sögu

„Okkur langaði til að skapa rými þar sem fólk geti komið, tekið sinn tíma og notið þess að upplifa vörurnar sem við bjóðum upp á.“ Viðbrögðin hafi ekki látið á sér standa. „Fólk finnur alveg að þetta er svolítið ferskur blær í hönnunarflórinni hér á landi og ég held að flestir taki því fagnandi.“

Vörurvalið er undir áhrifum frá japanskri og skandinavískri hönnun að sögn Arons. „Okkur langaði til að vera með hluti sem hafa ekki sést hérlendis áður.“ Stefna hönnuðanna sé að fagna einfaldleikanum og handbragði hvers og eins hlutar. „Flest sem við bjóðum upp á hefur líka langa og fallega sögu að baki sér svo fólk tekur ekki bara hluti hédan með sér heim.“

Þá er einnig er að finna íslenska hönnun og handbragð í bland við asíska og skandinavíska strauma. „Við stefnum á það að hafa fleiri íslenska hönnuði í búðinni þegar fram líða stundir.“

## Styrkir sambandið

Aðspurður hvort það hafi verið erfitt fyrir tvo hönnuði að koma sér



Einar og Aron bjuggu um tíma í Lissabon en fluttu til Íslands og stofnuðu Mikado. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Blómabúðin Pastel er rekin af þeim Elinu og Sigrúnu í sama rými.

saman um ákvarðanir segir Aron það vera af og frá. „Blessunarlega erum við nokkuð sammála þegar kemur að smekk í hönnun, hvort sem það sé á vöru- eða innanhússhönnun.“

Það hafi því aðeins styrkt sambandið að starfa við sama fag. „Áhugamál okkar eru svipuð og alltaf gott að fá lánuð augu þegar maður hefur verið í stóru og löngu verkefni.“ Þá sé heppilegt að deila skrifborði með aðila sem hefur einnig menntun í faginu.

Sambandið hafi einnig orðið til þess að allt ferlið við opnun búðarinnar var spennandi og ánægjulegt. „Við vonum bara að allir verði jafn ánægðir með þetta og við.“

kristlin@frettabladid.is

## HEILSA

Miðvikudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu. Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.


Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum. Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember. Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi þriðjudaginn 22. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við: Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



TE & KAFFI

# Yljaðu þér á aðventunni

**DÖKKRISTAÐ, KRÖFTUGT, ÞÉTT & ILMRÍKT**

HEFUR ÖRLÍTID HNETUBRAGÐ, GÓÐA FYLLINGU MEÐ SKEMMTILEGUM  
SÚKKULAÐIKEIM & ER Í EINSTAKLEGA GÓÐU JAFNVÆGI



# DV

## JÓLABLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!



- Saga Garðars í skemmtilegasta viðtali ársins
- Bestu jólasósurar í ár
- Jólágjafir handa óvinum
- Hvað kosta jólin eiginlega?
- ADHD jól
- Jóla-detoxráð Lindu Pé
- Óleyst sakamál



Clitty Danger er ekki alveg jafn háskaleg og sviðsnaflnið kann að gefa til kynna en hún er komin í jólaskapið og lofar eldrauðri og heitri glimmerstemningu á sófakabarettssýningu kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Djarfir brjóstadúskar í dillandi jólakúlunni

Sviðslistahópurinn Túttífrúttarnar ræðst gegn COVID-leiðindum með sófakabarettssýningu þar sem jólabrjóstadúskum verður sveiflað og gleðin keyrð áfram með daðri og neðanbeltishúmor.

Sviðslistahópurinn Túttífrúttarnar verður með sína þriðju rafrænu Sófakabarettssýningu í kvöld. „Þetta er jólaskemmtun fyrir fullorðna. Dónó og daður,“ segir sviðslistakonan og túttífrúttan sem kallar sig Clitty Danger um sýninguna Couch Cabaret! – Christmas Edition.

Clitty segir rafrænar sýningar hópsins hafa spröttið upp úr COVID-leiðindunum og að þær hafi veitt bæði þeim og áhorfendum mikla ánægju. Á sýningunni í kvöld troða tólf listamenn upp, íslenskir og erlendir gestir, með fjölbreytt jadarlistformsatriði.

„Allt í jólagír og gleði og Sófakabarettinn færir fólki fordæmalaust daður og húmor þegar jólin verða alveg skrúfuð í botn. Það verður mikið af jólalitum, glimmeri og gleðilátum og kannski kemur leynigestur sem segir hó, hó, hó,“ segir Clitty og bætir við að burlesque sé ætlað fullorðnum áhorfendum þar sem gert er út á háð, skopstælingar og neðanbeltishúmor.

### Útrás með daðri

„Við gerðum þetta í október og nóvember og nú er það jólaútgáfan en við ætlum að reyna að gera þetta mánaðarlega í COVID-ástandinu. Það náttúrulega kemst enginn á svið og einhvers staðar verður maður að fá útrás,“ segir Clitty sem lýsir sér sem klassískri burlesque.

„Það eru fjaðrir og brjóstadúskar. Hælar, rauðar varir og þetta klassíska og að sjálfsgöðu verð ég með jólarauðar neglur með smá glimmeri fyrir sýninguna. Ég kem fram við tónlist og dansa og fer kannski úr einhverju smá og lokka,“ segir Clitty sem er hér komin að innsta kjarna burlesque-sins sem gengur út á að lokka, tæla og stríða.

„Daðrið er það sem skiptir mestu máli í burlesque-inu þannig að það er mikið af slíku en við erum líka með sirkusfólk, söngvara og töfra-



Sviðslistakonan C. Rouge mun láta að sér kveða á burlesque-sýningunni. MYND/ELÍN BJÖRG GUDMUNSDÓTTIR

### ÞETTA ER JÓLA-SKEMMTUN FYRIR FULLORÐNA. DÓNÓ OG DAÐUR.

mann. Þetta er rosa prógramm og þarna er alveg hiklaust eitthvað fyrir alla,“ fullyrðir Clitty.

### Dregið á gagnvirkar talar

„Það er erfitt fyrst. Maður þarf svolítið að sjá fyrir sér áhorfendurna okkar og sem betur fer hefur maður komist á svið nógu oft og nógu mikið til þess að muna þessa tilfinningu,“ segir Clitty þegar hún er spurð hvernig gangi að tæla og lokka í streymi þar sem áhorfendur eru víðs fjarri og jafnvel dreifðir út um allan heim.

„En það skemmtilega við þessar rafrænu sýningar á Crowdcast er að það er spjall í gangi í rauntíma þannig að áhorfendur geta verið að tala saman og við okkur.“

Clitty segir að vissulega noti áhorfendur spjallið til þess að kalla hástöfum eftir því að fleiri spjarir

fái að fjúka þegar verið sé að fækka fötum á sviðinu. „Jú, jú, jú, það er þannig sem við viljum hafa þetta og því meira sem við heyrum í fólki á spjallinu því meira er þetta eins og alvöru fyrir okkur.“

### Ögrun innan jólakúlunnar

Aðsóknin á Sófakabarettssýningarnar hafa farið fram úr björtustu vonum Túttífrúttanna. „Við áttum von á að selja kannski 30 til 40 aðgangar að fyrstu sýningunni en tengingarnar fóru yfir hundrað,“ segir Clitty og bendir á að þær geri ráð fyrir að ekki séu færri en tvær til þrjár manneskjur á bak við hverja tengingu.

„Sýningin er rúmur klukkutími og hver aðgangur kostar ekki nema 1.400 krónur á Tix.is og út af COVID hvetjum við ekkert til þess að fólk sé að hópa sig saman en þau sem eru saman í jólakúlu geta keypt sér aðgang,“ segir Clitty og hlær um leið og hún minnir á að sýningin hefist klukkan 21 í kvöld. „Og áhorfendur eru líka alls staðar að úr heiminum svo við erum augljóslega alveg að standast allar gæða- og skemmtana-kröfur.“ [toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)



# JÓLAGJAFIR SEM GLEÐJA

-20%



## SKÍÐAPAKKAR

20% afsláttur  
af pökkum þegar keypt eru:  
skíði, bindingar, skór og stafir

-20%



## GÖNGUSKÍÐAPAKKAR

20% afsláttur  
af pökkum þegar keypt eru:  
skíði, bindingar, skór og stafir



## SMITH

Skiðagleraugu  
verð frá 4.995 kr.



## KARI TRAA

100% merino  
langermabólur  
verð 15.995 kr.



## SMARTWOOL

Midweight Crew  
verð 17.995 kr.



## SMARTWOOL

Ullarsokkar  
verð frá 3.495 kr.



## SMITH

Skiðahjálmar  
verð frá 10.995 kr.



## SMARTWOOL

Sport flíshanskar  
verð 7.995 kr



## SCARPA

Mojito  
verð 22.995 kr.



## SCARPA

Terra GTX  
verð 34.995 kr.



## YAKTRAX

Pro hálkubroddar  
verð 4.995 kr.



## BAKÞANKAR

Svanborgar  
Sigmarsdóttur



## Tölum saman

Ekki fyrir svo löngu sat ég á spjalli með öðrum góðum konum. Á þessu sinni snérist samtalið að mestu um síðustu heimsóknina til sálfræðingsins okkar. Þetta var svolítið eins og að ræða um síðustu tannlæknaferðina, jaxlana sem hafa mátt missa sín og tannsteininn sem þarf að fjarlægja. En líka tennurnar sem skemmdust af vanhirðu.

Eins og svo margir aðrir, höfum við tekist á við alls konar áföll í lífinu. Sum eru lítilvæg á meðan önnur taka á. Búa til tilfinningaflækjur sem þvæla mat okkar á aðstæðum. Ef við gætum okkar ekki er lítið mál að hrasa um flækjurnar og detta um þær aftur og aftur.

Skammtímalausnin getur verið sú ódýrasta fyrir okkur – til skamms tíma. Mæta til heimilislæknis og fá uppáskrifað fyrir pillum sem ýta flækjunum aðeins neðar, svo við getum að minnsta kosti gengið um án þess að hrasa. Þangað til lækningin verður að nýrri flækju sem við hrössum um, óforvarandis þegar við höldum að við séum bara að ganga á beinu brautinni. Langtímalausnin er auðvitað að leysa flækjurnar í stað þess að grafa þær.

Við allar, sem þarna sátum og ræddum sálfræðinginn okkar eins og heimilisvin, erum meðvitaðar um í hvaða forréttindastöðu við erum. Orðnar miðaldra, í finum vinnum og mesta baslið að baki. Okkar helsta fórn við það að sækja til sálfræðinga er að finna tímann til að sinna eigin geðheilsu. En þetta ættu ekki að vera forréttindi, ekki frekar en að það ættu að vera forréttindi að huga að annarri heilsu.

– BETRA BAK HEFUR OPNAÐ Á ANNARRI HÆÐ Í KRINGLUNNI –



VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
SENDUM FRÍTT

## DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



20%  
AFSLÁTTUR

### VENO DÚNSÆNG

Hlý og góð dúnsæng (650 gr).  
60% dúnn, 10% smáfiður.  
100% bómullaráklæði.

18.320 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð 140 x 200 cm: 22.900 kr.



20%  
AFSLÁTTUR

### TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fánleg  
135 x 220 cm og 200 x 220 cm. Fylling:  
90% hvítur gæsadúnn. Þyngd: 600 gr.

37.520 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 46.900 kr.



20%  
AFSLÁTTUR

### STÓRI BJÖRN MEDIUM KODDI

Þægilegur Quilts of Denmark dúnkoddi.  
Stærð: 50x70cm. 85% fjaðrir. 15% anda-  
dúnn. 700g. Áklæðið er úr 100% bómull.

6.320 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 7.900 kr.



## VINSÆL JÓLAGJÖF TEMPUR KODDAR – MIKID ÚRVAL

JólaVERÐ frá: 11.920 kr.

Fullt verð frá: 14.900 kr.



20%  
AFSLÁTTUR

### JOOP RÚMFÖT

100% silkimjúk, straufrí, egypsk bómull.

20.720 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 25.900 kr.



## UNDRI HEILSUINNISKÓR SLÖKUN OG VELLÍÐAN

RAUÐIR STÆRDIR: 37–42  
BLÁIR STÆRDIR: 36–42  
BLEIKIR STÆRDIR: 35–42  
LJÓSIR STÆRDIR: 35–42  
GRÁIR STÆRDIR: 35–47



8.900 kr. **ALLAR STÆRDIR**



20%  
AFSLÁTTUR

Frá 19.120 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð frá: 23.900 kr.

Beint í bílinn  
úr lúgunni

Kvikk  
ON THE GO

ORKAN

Japanskir hnífar  
fyrir jólasteikina

TAMAHAGANE

祭



BAKO ÍSBERG

ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA  
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

KRINGLUNNI  
Reykjavík  
820 6015

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566

OPNUNARTÍMAR  
18.–19. des. 11–18, 20. des. 13–18  
21.–22. des. 11–20, 23. des. 11–22  
24. des. 10–13

Betra  
BAK